


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Ljósanótt




HAGKAUPS
FJÓRBLÖÐUNGUR
fylgir með fréttablaðinu
í dag!





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

**Fimmtudagur**
**2. september 2010**
205. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Merk og átakanleg saga

*Vífilsstaðaspítali fagnar aldarafmæli á laugardag.*

**tímamót** 26

## Emami vekur athygli

*House-leikkonan Jennifer Morrison hefur sýnt hönnun Emami áhuga.*

**fólk** 50



## Norðmennirnir mættir

*Norðmenn eru í vígahug fyrir leikinn gegn Íslandi.*

**sport** 44

# Einoka aðgang að ljósleiðara

**Vodafone íhugar skaðabótamál vegna dráttar á að fyrirtækið fái aðgang að ljósleiðara sem liggur kringum landið. Fyrirtækið vann í útboði afnotarétt eins af átta strengjum. Míla veitir ekki aðgang að tengistöðvum.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Míla vinnur gegn markmiðum ríkisins um samkeppni á fjarskiptamarkaði með því að meina Vodafone um aðgang að ljósleiðarahringtengingu um landið. Þetta er mat Vodafone sem fengið hefur afhentan frá utanríkisráðuneytinu einn af átta ljósleiðaraþráðum í svokölluðum NATÓ-ljósleiðara sem Varnarmálastofnun hafði áður umráð yfir.

Varnarmálastofnun bauð út tvo ljósþræði í kaplinum árið 2008 og var gengið til samninga við fjarskiptafélögin Fjarska og Vodafone.

Í apríl á þessu ári var gengið frá samningi milli Vodafone og Varnarmálastofnunar og hefur utanríkisráðuneytið formlega afhent fyrirtækinu téðan ljósleiðaraþráð. Samkvæmt upplýsingum frá Vodafone hefur fyrirtækið lagt í tugmilljónakostnað til þess að tengjast strengnum á nærri 40 tengistöðvum víða um land, en er neitað um aðgang af hálfu Mílu.

„Míla hefur engar lagalegar forsendur fyrir því að hafna okkur um aðgang að sinni aðstöðu, svo Vodafone geti komið umræddum ljósþræði í rekstur. Eina markmið Mílu er að draga málið á langinn og hamla gegn samkeppni með ólögmætum hætti," segir Hrannar Pétursson upplýsingafulltrúi Vodafone og vísar til fyrri úrskurða Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) sem sýni að Mílu sé skylt að veita slíkan aðgang.

PFS hafnaði því 25. ágúst síðastliðinn að kveða upp bráðabirgðaúrskurð í deilumáli fyrirtækjanna. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS, segir málið fara í hefðbundinn farveg innan stofnunarinnar þar sem leitað verði andsvara við umkvörtunum. Alla jafna ætti ekki að taka meira en þrjá mánuði að leiða svona mál til lykta, en við taki svo hefðbundnar kæruleiðir.

Hrannar bendir á að einn megintilgangur PFS sé að tryggja samkeppni á fjarskiptamarkaði. „Við treystum því að stofnunin taki það hlutverk sitt alvarlega og vinni málið hratt."

Ekki náðist í forsvarsmenn Mílu í gær. Míla er í eigu Skipta, sem einnig á Símann og fleiri fyrirtæki. **- óká / sjá síðu 10**



**VAKTARABÆRINN LIFNAR VIÐ** Framkvæmdir við endurgerð á Vaktarabænum, næstelsta timburhúsi Grjótaþorpsins, ganga vel. Gert er ráð fyrir að þeim ljúki á næstu tveimur mánuðum. Húsið er ríflega 160 ára gamalt en í því fæddist Sigvaldi Kaldalóns, eitt ástsælasta tónskáld þjóðarinnar. Bærinn er 44 fermetrar og með risi sem er hugsað sem svefnloft. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framkvæmdir við næstelsta timburhús Grjótaþorpsins ganga vel:

## Endurgerð Vaktarabæjarins að ljúka

**BORGARMÁL** Framkvæmdum við endurgerð Vaktarabæjarins, næstelsta timburhúss Grjótaþorpsins, lýkur á næstu tveimur mánuðum að sögn Þorsteins Bergssonar, framkvæmdastjóra Minjaverndar.

Reykjavíkurborg keypti húsið árið 2008 og afsalaði því til Minjaverndar sem hefur haft veg og vanda af framkvæmdunum sem hófust fyrir nokkrum árum.

Vaktarabærinn, sem stendur við Garðastræti 23, var byggður á árunum 1844 til 1848. Húsið, sem er friðað, var upphaflega byggt sem pakkhús við gamla Vaktarabæinn, sem var torfbær. Vaktarabærinn dregur nafn sitt af Guðmundi vaktara Gissurarsyni, sem bjó þar. Húsinu var breytt úr pakkhúsi í íbúðarhús um árið 1886. Þá keyptu hjónin Sesselja Sigvaldadóttir og Stefán Egilsson húsið og bjuggu þar ásamt börnum sínum, sem öll fæddust í húsinu. Þeirra á meðal voru tónskáldið ástsæla Sigvaldi Kaldalóns og bróðir hans stórsöngvarinn Eggert Stefánsson.

Þorsteinn segir að búið hafi verið í húsinu til ársins 1960 en síðan þá og þar til framkvæmdir við endurgerð þess hófust hafi það verið í niðurníðslu og meðal annars notað sem málningarskúr. Hann segir enn óvíst hvað gert verður við húsið að loknum endurbótum. Ýmsar hugmyndir séu uppi, ein sé sú að leigja húsið ferðamönnum. Elsta timburhús Grjótaþorpsins er hús Innréttinganna við Aðalstræti 10. Það var reist árið 1764. **- th**

Ráðherraskipti á Bessastöðum:

## Óvíst hvern Jóhanna velur

**STJÓRNMÁL** Óvissa ríkti um það í gærkvöldi hver kæmi nýr inn í ríkisstjórn fyrir hönd Samfylkingarinnar. Ögmundur Jónasson verður nýr ráðherra Vinstri grænna en úr Samfylkingunni eru nöfn Guðbjarts Hannessonar og Oddnýjar G. Harðardóttur helst nefnd.

Formenn stjórnarflokkanna munu kynna þingflokkum sínum tillögur að nýjum ráðherralistum klukkan níu í fyrramálið. Í kjölfarið mun flokksstjórn Samfylkingarinnar funda um málið.

Ríkisráðsfundur verður haldinn á Bessastöðum klukkan tólf þar sem nýir ráðherrar taka við af þeim gömlu. Ljóst er að Ragna Árnadóttir og Gylfi Magnússon munu hverfa úr stjórninni, og líklega einnig Kristján L. Möller og Álfheiður Ingadóttir.

Rætt er um að Ögmundur Jónasson taki við nýju innanríkisráðuneyti, Árni Páll Árnason verði annaðhvort velferðarráðherra eða efnahags- og viðskiptaráðherra og hinn nýi ráðherra Samfylkingar fái það sem ekki fellur Árna Páli í skaut. Um þessa fléttu var enn óvissa í gærkvöldi. **- sh**

**veðrið í dag**




**ÁFRAM HLÝTT Í VEÐRI** Sunnan- og suðvestanlands má búast við strekkingi, annars verður hægari vindur. Horfur eru á bjartviðri N- og A-lands en annars verður heldur skýjað og súld á stöku stað.

**VEÐUR** 4










SPURNING DAGSINS



*Karl, ertu kannski hræddur um að bæjarskrifstofurnar breytist í upptökuheimili?*

„Ég þekki það úr tónlistinni í þrjátíu ár að sándið þarf að vera gott svo það skili sér.“

Karl Tómasson er forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Hann vill ekki leyfa hverjum sem er að hljóðrita fundi bæjarstjórnar. Beðið er eftir sérstöku hljóðupptökutæki á vegum bæjarins sjálfs.

Þeim fjölgar sem vilja halda samningaviðræðum við Evrópusambandið áfram:

# Fleiri styðja viðræður við ESB

**EVRÓPUMÁL** Tæp fjörutíu prósent aðspurðra styðja áframhaldandi samningaviðræður Íslands og Evrópusambandsins samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem Capacent gerði fyrir Sterkara Ísland – Félag Evrópusinna, dagana 18.-25. ágúst síðastliðinn. Þeir sem eru andvígir áframhaldandi samningaviðræðum eru 45,5 prósent aðspurðra, óákveðnir eru 15,7 prósent.

Séu þessar tölur bornar saman við sambærilega könnun sem var gerð á vegum Markaðs- og miðlarannsókna í byrjun júní kom fram að 24,3 prósent vildu halda fyrirhuguðum viðræðum við ESB áfram. Töluvert fleiri styðja samningsviðræðurnar nú í sumar eða sem nemur 14,5 prósentustigum.

Í byrjun sumars vildu 57,6 prósent aðspurðra draga umsókn um aðild að ESB til baka. Á tæpum þrem mánuðum hefur þeim sem eru andvígir aðildarviðræðum fækkað um ríflega tólf prósentustig. **- shá**

**Niðurstöður könnunar Capacent**

- Fleiri styðja aðildarviðræður: 24,3 prósent í júní en eru í lok ágúst 38,8 prósent.
- Færri eru andvígir aðildarviðræðum: voru 57,6 prósent í júní en í lok ágúst 45,5 prósent.
- Túlkun Sterkara Íslands er að það fjölgi í hópi þeirra sem vilja taka ákvörðun um hvort Ísland eigi að ganga í ESB þegar upplýst umræða hefur átt sér stað og þegar samningurinn liggur fyrir.

Icesave-viðræður í gangi:

# Fundir halda áfram í dag

**EFNAHAGSMÁL Viðræðunefndir Íslands, Bretlands og Hollands funduðu í gær í Hollandi um Icesave-málefni. Viðræður þjóðanna halda áfram í dag. Fundirnir voru ákveðnir í kjölfar viðræðna á milli sendinefnda Íslands, Hollands og Bretlands sem fram fóru hér á landi í byrjun júlímánaðar síðastliðinn.**

**Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna annarrar endurskoðunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í apríl sagði að stjórnvöld geri ráð fyrir að lausn í málið fáist fljótlega. - shá**

Morðrannsókn í fullum gangi:

# Yfirheyrslur enn í gangi

**LÖGREGLUMÁL „Það eru yfirheyrslur í gangi og verða áfram,“ segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, spurður um gang rannsóknar á morðinu sem framið var í Hafnarfirði í síðasta mánuði.**

**Maður, grunaður um morðið, situr í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni og hefur ekki verið yfirheyrður eftir að hann var fluttur austur. Friðrik Smári segir hann verða tekinn til yfirheyrslu eftir því sem rannsóknin gefi tilefni til.**

**Lögregla gerir sér vonir um að fyrstu niðurstöður lífsýnarannsókna í Svíþjóð liggi fyrir í lok vikunnar eða byrjun þeirrar næstu. - jss**

Umræða um rithöfundalaun:

# Sautján á fullum launum

**MENNING** Alls hafa eitt hundrað rithöfundar þegið laun úr Launasjóði rithöfunda árin 2008 til 2010.



SIGRÚN HELGADÓTTIR

Fjörutíu og sjö hafa fengið einhver laun á hverju ári og sautján hafa verið á fullum launum öll árin.

Þetta kemur fram í grein sem Sigrún Helgadóttir, kennari og rithöfundur skrifar um rithöfundalaun skrifar í Fréttablaðið í dag.

Tuttugu og tveir höfundar hafa fengið laun úr Launasjóði fræðiritahöfunda. Síðustu þrjú ár hefur sjóðurinn launað 22 höfunda, engan meira en sex mánuði á ári „og líklega þekkist ekki að höfundur fái laun úr sjóðnum tvö ár í röð,“ segir í grein Sigrúnar.

sjá síðu 24

# Eldhús OR kostar 120 milljónir á ári

**Glæsilegt eldhús Orkuveitu Reykjavíkur hefur vakið athygli undanfarið í kynningarmyndbandi á Netinu. Eldhúsið kostaði um 60 milljónir króna í uppsetningu árið 2003. Það var ekkert bruðlað, segir fyrrum stjórnarformaður.**

**ORKUVEITAN** Eldhús í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur (OR) kostaði 61 milljón í uppsetningu. Eldhúsið var sett upp árið 2003 og þremur árum síðar var bætt við innréttingum fyrir 9 milljónir til viðbótar. Rekstrarkostnaður eldhússins árið 2009 var 119,7 milljónir króna.

Árið 2009 var 3.215 gestum boðið upp á veitingar í húsnæði OR og framreiddar 130 þúsund máltíðir fyrir starfsmenn. Þeir eru nú 623 talsins.

Kynningarmyndband sem sýnir íburðinn í eldhúsinu hefur vakið athygli undanfarna daga og sagði Haraldur Flosi Tryggvason, núverandi stjórnarformaður OR, í samtali við Bylgjuna í gærmorgun að hann furðaði sig á því hvers vegna svona myndbönd væru yfir höfuð gerð. „Menn hafa sýnt metnað í fjárfestingum Orkuveitunnar,“ sagði Haraldur Flosi. „Við erum svolítið að sitja uppi með það.“

Alfreð Þorsteinsson, fyrrum stjórnarformaður OR, segir að húsnæðið hafi ekki verið dýrara heldur en vandað skólahúsnæði í Reykjavík og ákveðið hafi verið að vanda til hluta eins og eldhússins á sínum tíma. „Það var ekkert bruðlað sérstaklega í uppbyggingu þessa eldhúss,“ segir Alfreð. „Nýjustu tæki sem voru fáanleg voru sett upp vegna þess að það er heilmikið batterí að hafa mötuneyti fyrir svona mikinn fjölda. Ég held að það hefði þótt skrýtið ef keypt hefðu verið gömul tæki eða eitthvað drasl.“

Myndbandið, sem er tæpar tíu mínútur að lengd og kostaði 650 þúsund krónur í heild, var framleitt árið 2004. Samkvæmt upplýsingum Orkuveitunnar var vakti eldhúsið mikla athygli á sínum tíma og sóttust fagmenn og rekstraraðilar mötuneyta mjög eftir því að koma í heimsókn og skoða það. Var myndbandið gert til að svara þessum áhuga og draga úr stöðugum heimsóknum.

Myndbandið var gert í samvinnu við þá birgja sem seldu innréttingarnar og tækin og kostað mestmegnis af þeim.

Samkvæmt upplýsingum frá OR er að finna sambærileg eldhús í mötuneytum Alcoa – Fjarðaáls, Arion banka og Norðuráls.

sunna@frettabladid.is



**OR ELDHÚS** Eldhúsið er tölvustýrt og aðstaðan mjög fullkomin. Myndbandið sem hefur vakið athygli undanfarna daga var samkvæmt upplýsingum Orkuveitunnar gert til að svara áhuga þeirra sem reka mötuneyti víðs vegar um landið.



**ÞUNG UMFERÐ** Bílaumferð var minni í sumar en á sama tíma í fyrra.

Almennt dregur úr umferð:

# Landeyjahöfn skilar aukningu

**SAMGÖNGUR** Umferðin í ár verður litlu meiri en hún var árið 2006 en fram til 2008 jókst umferðin nánast stöðugt á milli ára. Umferðin var mjög mikil í fyrrasumar og hafði ekki áður verið meiri sumarmánuðina, en það endurtekur sig ekki, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni.

Það dregur úr umferð á öllum 16 völdu talningarstöðunum á hringveginum, borin saman við árið 2009. Samdráttur varð á öllum mælipunktum fyrir utan einn. Sá er vestan Hvolsvallar og mælist 9,2 prósenta aukning á þeim stað. Reikna verður með að umferð um Landeyjahöfn orsaki þessa aukningu. **- shá**

Slökkvilið að Grundartanga:

# Álverið rýmt vegna reyks

**SLÖKKVILIÐ Álverið á Grundartanga var rýmt í gærkvöldi þegar varð vart við reyk í lokuðu rými sem hýsir rafmagnsbúnað.**

**Þegar blaðamaður ræddi við lögregluna á Akranesi í gærkvöldi skömmu áður en blaðið fór í prentun var enginn eldur sjáanlegur og ekki talin teljanleg hætta á ferðum. Öllum starfsmönnum var þó gert að yfirgefa álverið á meðan gengið var úr skugga um það. - sh**





IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðsspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en í 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ógleði, hægðatregða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


Viðræður Ísraela og Palestínumanna hefjast á ný í Washington:

# Segjast hóflega bjartsýnir

**ÍSRAEL, AP** Litlar vonir virðast bundnar við að nýjar viðræður Ísraela og Palestínumanna skili árangri, þótt þátttakendur segist hóflega bjartsýnir.

Bæði Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, komu til Washington á þriðjudag og hittu þar Hillary Clinton utanríkisráðherra. Í gær hittu þeir síðan Barak Obama Bandaríkjaforseta og snæddu kvöldverð með Abdullah Jórdaníukonungi og Hosni Mubarak Egyptalandsforseta.

Helstu deilumálin virðast sem fyrr í algerum hnút.

Ehud Barak, varnarmálaráðherra í stjórn Netanjahús, sagðist þó í viðtali við ísraelska dagblaðið Haaretz, sem birtist í gærmorgun, vera til í að afhenda Palestínumönnum hluta af austurhluta Jerúsalemborgar til að liðka fyrir niðurstöðu.

Viðræðurnar fóru af stað í skugga blóðbaðs á Vesturbakkanum, því daginn áður hafði vopnaður Palestínumaður drepið fjóra ísraelska landtökumenn skammt frá Hebron. Landtökufólkið, tveir karlar og tvær konur, voru á ferð í bifreið þegar Palestínumaðurinn hóf skothríð.



**ÚTFÖR HINNA MYRTU** Leiðtogar Ísraels sögðu árásina ekki hafa áhrif á viðræðurnar og hvöttu landtökumenn til að sýna stillingu. NORDICPHOTOS/AFP

Eftir að Hamas-samtökin höfðu lýst yfir ábyrgð á árásinni brugðust palestínsk stjórnvöld á Vesturbakkanum við með því að handtaka meira en 150 Hamasliða. **- gb**

# ÚTSALA ÁRSINS!

**ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR**





**3.995,-** ~~4.995,-~~

Tvær rafhlöður

**Borvél Power Plus**
14.4V, 2 rafhlöður.
5245309

**ÖLL WORX, BLACK & DECKER OG POWERLINE VERKFÆRI 20% AFSLÁTTUR**





**39.900,-** ~~69.900,-~~

98 ltr. orkunýting A+

5 ára ábyrgð

**Frystikista**
98 ltr, H-84 cm, B-54,5cm, D-59 cm
orkunýting A+
1805483

**ÖLL LJÓS 20-50% AFSLÁTTUR**





**4.990,-** ~~8.995,-~~

**Handlaug**
Cersanit Eco E40
8077605



**1.999,-** ~~5.999,-~~

**Flíspeysur dömu og herra**
Micro.
5863739/5863752





**1.995,-** ~~2.995,-~~

**Innimálning**
3 ltr. gljástig 10
7119960

**ÚTSALA Í BLÓMAVALI 20-50% afsláttur AF ÖLLUM POTTAPLÖNTUM**





## Útsölublaðið er komið út!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 01.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,65 | 120,23 |
| Sterlingspund | 184,02 | 184,92 |
| Evra | 153 | 153,86 |
| Dönsk króna | 20,549 | 20,669 |
| Norsk króna | 19,198 | 19,312 |
| Sænsk króna | 16,369 | 16,465 |
| Japanskt jen | 1,4234 | 1,4318 |
| SDR | 181,09 | 182,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,9872

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heilbrigðisráðherra lætur herða eftirlit með ávísunum á rítalínskyld lyf:

# Ráðist gegn rítalínmisnotkun

**HEILBRIGÐISMÁL** Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra hefur skipað vinnuhóp sem á að skipuleggja aðgerðir til að draga úr ofnotkun og koma í veg fyrir misnotkun á rítalíni og tengdum lyfjum.

Landlæknisembættinu hefur verið falið að grípa þegar í stað til aðgerða til að herða eftirlit með ávísunum á þessi lyf og takmarka afgreiðslu þeirra við þann hóp sem sannarlega þarf á lyfjunum að halda, að því er segir í frétt frá heilbrigðisráðuneytinu.



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Notkun rítalínskyldra lyfja hefur aukist mjög á Íslandi síðustu ár, ekki síst meðal fullorðinna. Æ algengara er að þeir sem koma til meðferðar hjá SÁÁ séu fíknir í slík lyf.

Formaður vinnuhópsins er Einar Magnússon, yfirmaður lyfjaskrifstofu ráðuneytisins. Í hópnum eru einnig Geir Gunnlaugsson landlæknir, Guðrún I. Gylfadóttir deildarstjóri hjá Sjúkratryggingum og Jóhann M. Lenharðsson frá Lyfjastofnun.

Hópnum eru áætlaðir tveir mánuðir til að endurskipuleggja meðferð lyfjaflokksins. Honum er meðal annars falið að tryggja að þeir sem þurfi á meðferð með þessum lyfjum að halda skaðist ekki, en það eru einkum börn og ungmenni upp að 20 eða 22 ára aldri. **- sh**

Landlæknir og Lýðheildustöð:

# Sameinast á Barónsstígnum

**HEILBRIGÐISMÁL Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að leita samninga um leigu á hluta húsnæðis Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg undir starfsemi Landlæknis og Lýðheilsustöðvar. Unnið er að sameiningu embættanna tveggja en núverandi húsnæði þeirra rúmar ekki sameinaða stofnun.**

**Eftir úttekt Framkvæmdasýslu ríkisins var það samdóma niðurstaða undirbúningshóps að húsnæðið hentaði langbest starfsemi nýrrar stofnunar. - shá**

Sjálfstæðisflokkur stærstur:

# Stjórnarflokkar bæta við sig í nýrri könnun

**SKOÐANAKÖNNUN** Samfylkingin og Vinstri græn bæta við sig fylgi samkvæmt nýjum Þjóðarpúlsi Gallup. Fréttastofa Ríkissjónvarpsins sagði frá í gærkvöldi.

Nú segjast 25 prósent myndu kjósa Samfylkinguna, en 24 prósent gerðu það síðast. Vinstri græn fengju 21 prósent atkvæða, en voru með nítján prósent í síðustu könnun. Nú segjast fjörutíu prósent styðja ríkisstjórnina sem er um fimm prósentustigum minna en fylgi stjórnarflokkanna samtals.

Sjálfstæðisflokkurinn er enn stærsti flokkurinn, með 35 prósent fylgi eins og í síðasta Þjóðarpúlsi. Framsóknarflokkurinn stendur líka í stað á milli kannanna, í tólf prósentum.

Könnunin var gerð frá 28. júlí til 29. ágúst. Úrtakið var 6.300 manns sem svöruðu á netinu og símleiðis. Svarhlutfall í könnuninni var 63,3 prósent. **- shá**

## HEILBRIGÐISMÁL

### Þjónustan markvissari

Heilbrigðisráðuneytið og hópur vísindamanna við Háskóla Íslands, Landspítalann, Háskólann í Árósum og Háskólann í Reykjavík ætla að hefja samstarf um verkefni í upplýsingatækni til að gera heilbrigðisþjónustu markvissari og ódýrari. Yfirlýsing um samstarfið hefur verið undirrituð.

### Málþing á morgun

Landlæknisembættið stendur fyrir málþingi um þýðingu og orðnotkun ICF-flokkunarkerfisins á morgun í fundarsal Læknafélags Íslands. Málþingið er liður í undirbúningi fyrir útgáfu íslenskrar þýðingar á alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu.

# Niðurstöður þingmannanefndar fyrirferðarmestar

**Tveggja vikna septemberþing verður sett í dag. Það er fyrst og fremst hugsað til að afgreiða mál sem ekki tókst að klára fyrr í ár. Fjölmiðlalög og lagabálkur um útlendinga og flóttamenn meðal þess sem ræða á.**

**FRÉTTASKÝRING:**

Hvaða mál verður helst tekist á um á Alþingi næstu tvær vikur?

Búist er við því að niðurstöður þingmannanefndar um rannsóknarskýrslu Alþingis verði fyrirferðarmesta umræðuefnið á tveggja vikna septemberþingi sem kemur saman í dag. Von er á fyrstu niðurstöðum nefndarinnar í næstu viku og í kjölfarið er áætlað að fram fari nokkurra daga umræða um efni hennar og hugsanlegar lagabreytingar sem nefndin leggur til.

Septemberþinginu er að öðru leyti aðallega ætlað að taka fyrir og afgreiða eldri mál sem ekki komust á dagskrá á vor- og sumarþingum.

Meðal þess sem rætt verður er lagabálkur dómsmálaráðherra um flóttamenn og útlendinga, en allsherjarnefnd hefur um nokkurt skeið haft þrjú frumvörp um bætta réttarstöðu þessara hópa til umfjöllunar.

Þá stendur til að afgreiða frumvarp um breytingar á stjórnarráðinu, sameiningar ráðuneyta og tilfærslur verkefna þeirra á milli, sem og frumvarp til skipulagslaga sem ítrekað hefur verið lagt fram af umhverfisráðherrum undanfarinna ára.

Frumvarp menntamálaráðherra til nýrra fjölmiðlalaga hefur verið afgreitt úr menntamálanefnd þingsins og kemur því til umræðu á septemberþinginu. Ekki er hins vegar víst að takist að afgreiða þau sem lög fyrr en á næsta þingi, sem sett verður í október.

Tvö stór frumvörp hafa verið til umræðu í viðskiptanefnd í sumar. Annað snýr að breytingum á lögum um tryggingasjóð innstæðueigenda og hitt er endurskoðun á samkeppnislögum, sem veitir Samkeppniseftirlitinu mun víðtækari heimildir en áður til að taka á samþjöppun á markaði.

Samkvæmt heimildum blaðsins hafa verið mjög skiptar skoðanir um bæði frumvörpin í nefndinni. Fólk er á öndverðum meiði um það hvort rétt sé að veita Samkeppniseftirlitinu aukin völd til að grípa inn í á hinum frjálsa markaði, og þótt frumvarpið um innstæðutryggingasjóðinn sé ekki fullkomið eru margir á því að það feli í sér nægar umbætur til að það eigi að verða að lögum sem fyrst. Aðrir vilja bíða tillagna þar um frá þingmannanefnd um rannsóknarskýrsluna. Því er alls ekki víst að þessi tvö mál komi til kasta septemberþingsins.

Hugsanlegt er að þingsályktunartillaga fulltrúa allra flokka nema Samfylkingar um að draga skuli til baka umsókn Íslands að Evrópusambandinu verði lögð fram á nýjan leik. Hún var lögð fram á sumarþinginu en ekki mælt fyrir henni.

Önnur mál, svo sem breytingar á lögum um erlendar fjárfestingar, breytingar á skattkerfinu og tillaga Árna Þórs Sigurðssonar um fullan aðskilnað ríkis og kirkju, bíða næsta þings.

**stigur@frettabladid.is**



**NÓG AÐ GERA** Víst er að þingmenn munu hafa nóg fyrir stafni næstu tvær vikur. Þeirra bíða umræður um fjölda mála, en þyngst munu vega niðurstöður þingmannanefndar Atla Gíslasonar um skýrslu rannsóknarnefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**BLÍÐVIÐRI** Enn leikur veðrið við landsmenn á norðaustanverðu landinu og ekkert lát á. Þar verður hlýtt og bjart með köflum næstu daga. Sunnan- og vestan til verður hins vegar áfram strekkingur, einkum við ströndina, heldur skýjað og væta af og til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 21° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 34° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 23° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*



TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT
Í SÍMA 800 7000, 1414
EÐA Á SKJAREINN.IS
ÞREFALT
ÓDÝRARI
SKJÁREINN 73 KR. – STÖÐ2 229 KR.
Á DAG!
House hefst í kvöld kl. 21.00
SPENN LAN VETUR
SkjárEinn býður þér glæsile a bíómynda í
og erlendu sjónvarpsefni á s eypis barnaefni.
verði. Ef þú missir af uppáha á milli mismunandi
SkjáEinum getur þú horft á h, fræðslu og
hentar með SkjáFrelsi. Áskr sjónvarpsrásum.
Veldu áskrift á skjareinn.is: Skjárei
EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP
SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

## KJÖRKASSINN



*Ertu ánægð(ur) með endurkomu Spaugstofunnar á Stöð 2?*

| | |
|---|---|
| Já | 50,7% |
| Nei | 49,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sérðu eftir Gylfa Magnússyni og Rögnu Árnadóttur úr ríkisstjórn?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Mikil hætta á salmonellusmit berist með smygluðum dýrum:

# Snákur í fjölbýli í Breiðholti

**LÖGREGLUMÁL** Snákur var gerður upptækur í fjölbýlishúsi í Breiðholti nýverið en þar var hann hafður sem gæludýr í búri.

Að sögn Gylfa Sigurðssonar, aðalvarðstjóra lögreglunnar í Kópavogi, fékk lögreglan ábendingu um að snákur væri haldinn í tilteknu húsnæði í Breiðholti. Lögreglan fór á staðinn til að kanna málið. Þegar opnað var fyrir lagnna vörðum blasti við þeim svokallaður kornsnákur í búri rétt fyrir innan. Það þurfti því ekki að spyrja eiganda hans margra spurninga um dýrahaldið.



**KORNSNÁKUR** Þannig leit hann út, snákurinn sem fannst í fjölbýlishúsi í Breiðholti.

„Það er ekki álitið að þessi snákur hafi verið eitraður,“ segir Gunnar. „En það er talin mikil hætta á salmonellusmiti þegar dýr af þessu tagi eru annars vegar.“ Lögreglan tók dýrið í sína vörslu og var því lógað í samráði við dýralækni. Því var svo eytt og búrinu líka.

Spurður um hvort algengt sé að ábendingar berist til lögreglu um gæludýr sem bannað er að flytja inn og halda segir Gylfi það ekki óalgengt.

„Yfirleitt er um að ræða slöngur eða einhvers konar eðlur,“ segir hann. „Það er ekki hægt að koma með svona dýr inn í landið nema með því að smygla þeim og einhverjir virðast vilja leggja það á sig.“ - jss

Tölvupóstar sýna blekkingar:

# Eignir FL ofmetnar viljandi

**VIÐSKIPTI** Póstsamskipti milli helstu stjórnenda FL Group sýna að eignir félagsins voru vísvitandi ofmetnar þegar þær voru settar inn í félagið Northern Travel Holding í því skyni að viðskiptin með flugfélagið Sterling myndu „meika sens út á við“. Þetta er meðal þess sem fram kemur í fyrsta hluta úttektar á málinu í Viðskiptablaðinu í dag.

Úttektin byggir á gögnum sem skattrannsóknarstjóri aflaði í húsleit hjá Stoðum haustið 2008 og blaðið hefur undir höndum. - sh

Verðhækkanir um heim allan:

# Matarverð ekki hærra í tvö ár

**ÍTALÍA, AP** **Matvælaverð í heiminum hefur ekki verið hærra í tvö ár. Verðhækkanir má að hluta rekja til þurrka og elda í Rússlandi sem eyðilögðu hveitiuppskeru. Verð á hveiti hækkaði í kjölfarið.**

**Hátt verð á sykri og olíufræjum hefur einnig átt sinn þátt í verðhækkuninni.**

**Matarverðsvísitala heimsins hækkaði í sumar um fimm prósent, að sögn Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna.**

**Vísitalan er þó enn 38 prósentum lægri en hún var í júní 2008, þegar hátt olíuverð og mikil eftirspurn eftir lífrænu eldsneyti varð til þess að matvælaframleiðsla dróst mjög saman.** - gb

## STJÓRNSÝSLA

### 8 milljónir í kvennafrídaginn

Ríkisstjórnin hefur í tilefni af kvennafrídeginum 24. október 2010 samþykkt að veita átta milljónir króna af ráðstöfunarfé sínu til Skottanna, regnhlífasamtaka félaga og samtaka innan kvennahreyfingarinnar hér á landi, til að undirbúa viðburði í tengslum við daginn.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ökufantur tekinn

Karl á þrítugsaldri var staðinn að hraðakstri í Ártúnsbrekku í fyrradag en bíll hans mældist á 137 kílómetra hraða. Viðkomandi hefur alloft áður gerst sekur um umferðarlagabrot. Hann má búast við því að verða sviptur ökuréttindum.

### Sprengdi öskutunnu

Lögreglan á Akranesi hefur handsamað unglingspilt sem sprengdi ruslatunnu í loft upp. Pilturinn notaði flugelda til verksins. Hann þarf að borga fyrir skemmdirnar.

# Skulda skatt vegna séreignarsparnaðar

**Fólk með séreignarsparnað hjá KB ráðgjöf gæti átt yfir höfði sér tugþúsunda bakreikninga frá skattinum. Ástæðan er vinnulag fyrirtækisins við innheimtu sölu- og upphafsgjalda, sem hingað til hefur ekki verið greiddur skattur af.**

**SKATTAR** Viðskiptavinir Vista, séreignarsparnaðarleiðar KB ráðgjafar, gætu átt von á tugþúsunda bakreikningi frá skattinum. Ástæðan er sú að sex greiðslur, frá þriðja mánuði samningstíma til þess áttunda, renna ekki í sparnað, sem er undanþeginn skatti, heldur í upphafsþóknun til fyrirtækisins.

Ákvæði um greiðslur viðskiptavina í upphafsþóknun KB ráðgjafar koma fram á samningum og er samkvæmt upplýsingum frá Arion banka, löglegt. Niðurstaða athugunar Ríkisskattstjóra er sú að þær greiðslur hafi ekki átt að vera frádráttarbærar skatti líkt og aðrar greiðslur í séreignarsparnað.

Viðbótarlífeyrissparnaður er fjögur prósent af heildartekjum einstaklinga fyrir skatt. Er það heimilt samkvæmt skattalögum, sé fjárhæðunum varið í sparnað. En sé fjármagninu varið í afleiddan kostnað, eins og söluþóknanir fyrirtækja, stangast það á við lög. Hefur Ríkisskattstjóri þá heimild til þess að rukka inn skatta af þessum tekjum viðskiptavina Vista, fjögur ár aftur í tímann.

Ríkisskattstjóri sendi umsögn um málið til fjármálaráðuneytisins þann 19. apríl síðastliðinn í kjölfar fyrirspurnar ráðuneytisins. Kemur þar fram að nauðsynlegt sé að gera greinamun á því hvort verið sé að draga frá skattskyldum tekjum með beinum hætti afmarkaða fjárhæð vegna framlaga, það er aukins sparnaðar, eða hins vegar afleiddan kostnað, eins og söluþóknun þeirra sem seldu viðkomandi vöruna.





**KB RÁÐGJÖF** Upphafsþóknun ráðgjafarinnar vegna séreignarsparnaðs er ekki frádráttarbær frá skatti sem þýðir að viðskiptavinir gætu átt von á bakreikningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**6** greiðslur frá þriðja mánuði samningstíma sparnaðarins til þess áttunda renna í þóknun til fyrirtækisins.

Með öðrum orðum er sá einstaklingur sem borgar fjögur prósent af launum sínum fyrir skatt, að borga þóknun til KB ráðgjafar í sex mánuði, einnig skattfrjálst. Slíkt er ólöglegt og hefur Ríkisskattstjóri því fulla heimild til þess að innheimta þessar vangoldnu skatttekjur hjá viðskiptavinum fyrirtækjanna.

Indriði H. Þorláksson, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og fyrrverandi ríkisskattstjóri, segir að fyrirtækin sem bjóða sparnaðinn hafi undanfarið verið að skoða fyrirkomulagið. „Þau hafa staðið í ágreiningi við skattayfirvöld um þetta og því leitaði ráðuneytið álits Ríkisskattstjóra um málið,“ segir hann. sunna@frettabladid.is







Forstjóri Varnarmálastofnunar leystur undan starfsskyldum sínum í gær:

# Ellisif Tinna skilar góðu búi

**VARNARMÁL** Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar, var leyst undan reglubundnum starfsskyldum sínum frá og með deginum í gær. Hún verður á launum til áramóta þrátt fyrir engar sérstakar starfsskyldur þangað til.

Ellisif Tinna sagði í samtali við Fréttablaðið að breytingar á lögum um Varnarmálastofnun hefðu kveðið á um þetta fyrirkomulag við starfslok sín en samkvæmt lögunum verður stofnunin lögð niður um áramót.

Rekstrarafkoma Varnarmálastofnunar er jákvæð um 190 milljónir að því er fram kom í tilkynningu frá Varnarmálastofnun í gær. Rekstraráætlun tímabilsins gerði ráð fyrir kostnaði upp á 683 milljónir, en 1. september voru bókfærð gjöld um 487 milljónir.

Spurð hvað hún hygðist taka sér fyrir hendur sagði Ellisif Tinna ætla að nota nýbyrjaðan mánuð til að íhuga það mál. „Ég er búin að fá atvinnutilboð,“ sagði hún og kvaðst ætla að taka sér tíma til að taka afstöðu til þess.

Ekki náðist í Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra við vinnslu fréttarinnar. - jss



**VARNARMÁLASTOFNUN** Verður lögð niður um áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Rekstrarstaða Varnarmálastofnunar**

| Ár | Rekstrarafgangur |
|---|---|
| 2008 | 272,6 millj. |
| 2009 | 96,9 millj. |
| 2010 til 1. sept (áætlað) | um 190 millj. |

*Heimild: Ársskýrslur yfirfarnar af Ríkisendurskoðun.




# SENSAI

TRIPLE TOUCH COMPACT

Þrjár vörur í einni sem veita þér fullkomlega lýtalausa áferð.

Þrjár tegundir farða sem dekra við húð þína með öflugum rakagefandi efnum sem unnin eru úr dýrmætasta silki Japans, *Koishimaru Silk.* TRIPLE TOUCH COMPACT frá SENSAI inniheldur þrjár vörur í einni: litlaust og rakagefandi undirlag sem sjáanlega mildar hrukkur, kremhyljara sem jafnar lit húðarinnar og silkimjúkt púður sem sveipar húðina fallegri áferð sem endist vel og lengi. Áferð húðarinnar verður lýtalaus og silkið fær hana til að ljóma allan daginn.




Kanebo
INTERNATIONAL

## KANEBO DAGAR Í HAGKAUP
## 2. - 8. SEPTEMBER

Sensai nýjung frá Kanebo – Ein dós - þrír farðar – töfrandi lýtarlaus áferð í veskið þitt.
Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 6.900.- eða meira*

*Gildir á meðan birgðir endast.



www.sensai.is

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir stígurinn sem liggur að Unuhúsi í miðborg Reykjavíkur?*
2. *Hvert er gælunafn mexíkóska fíkniefnabarónsins Edgar Valdez Villarreal?*
3. *Hver er formaður stjórnar Leikminjasafns Íslands?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Samkvæmt lögfræðiáliti LÍÚ er ólögmætt að gefa ekki út aflamark í úthafsrækju:

# Segja ráðherra brjóta lögin

**SJÁVARÚTVEGUR** Niðurstaða lögfræðiálits sem Landssamband íslenskra útvegsmanna lét vinna er að sjávarútvegsráðherra hafi farið á svig við lög þegar hann ákvað að gefa ekki út aflamark í úthafsrækju fyrir komandi fiskveiðiár.

Í álitinu er það skýr niðurstaða að ákvörðun ráðherra standist ekki lög um stjórn fiskveiða og sé því „ólögmæt og ógildanleg."

Í tilkynningu frá LÍÚ segir að þegar fiskveiðiárinu 2009/2010 lauk 31. ágúst hafi allur sjö þúsund tonna rækjukvótinn veiðst. Rétt sé að halda því til haga að ákvörðun ráðherra um að gefa ekki út aflamark byggðist á því að veiðar á rækju hefðu á liðnum árum verið undir leyfilegum heildarafla.



**FUNDAÐ UM RÆKJU** Framkvæmdastjóri LÍÚ og hans menn funduðu með Jóni Bjarnasyni um miðjan júlí vegna rækjumálsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LÍÚ hefur bent á að hrun í afla á sóknareiningu og lækkun á afurðaverði samfara hækkandi olíuverði hafi orðið til þess að veiðar báru sig ekki. Í álitinu segir einnig að veigamikil og málefnaleg rök þurfi til að ráðherra sé heimilt að líta framhjá tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar „og á það sérstaklega við þar sem tillaga stofnunarinnar var algjörlega hunsuð í því tilviki sem hér er til skoðunar."

**- shá**

Námumenn fá kveðju:

# Forstjórinn biður afsökunar

**CHILE** Eigendur námunnar þar sem 33 verkamenn lokuðust inni á dögunum hafa beðið þá og fjölskyldur þeirra afsökunar. Búist er við að það taki þrjá til fjóra mánuði að ná til mannanna, sem eru á 700 metra dýpi.

Forstjóri námafyrirtækisins mætti fyrir þingnefnd í gær þar sem farið var yfir málið og baðst hann innilegrar afsökunar.

Allar eignir fyrirtækisins hafa verið frystar af stjórnvöldum til að standa straum af greiðslu skaðabóta.






# Segist ekki sjá eftir ákvörðun um stríð

**Tony Blair segir Gordon Brown hafa verið erfiðan og stundum óþolandi. Hann hafi þrátt fyrir mikla hæfileika skort allt mannlegt innsæi. Hins vegar lofar hann Bush Bandaríkjaforseta í hástert fyrir hugrekki og heiðarleika.**

**BRETLAND** Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, segist í nýútkominni ævisögu sinni sjá af öllu hjarta eftir hverju einasta mannslífi sem stríðsátökin í Írak hafa kostað, en hins vegar geti hann ekki séð eftir þeirri ákvörðun að hefja það stríð.

„Á grundvelli þess sem við vitum núna tel ég enn að það hefði verið hættulegra öryggi okkar að láta Saddam vera áfram við völd heldur en að koma honum frá," segir Blair í ævisögunni, sem kom út í gær og heitir „A Journey", eða Vegferð.

Blair var forsætisráðherra Bretlands í tíu ár, allt frá því hann vann mikinn kosningasigur vorið 1997 þar til hann hrökklaðist hálfpartinn úr embætti árið 2007 og hafði þá glutrað niður vinsældum sínum, að stórum hluta vegna þátttöku Breta í Íraksstríðinu.

Athygli hafa vakið ummæli Blairs um Gordon Brown, sem var fjármálaráðherra í ríkisstjórn Blairs öll árin, en tók síðan við af honum bæði sem leiðtogi Verkamannaflokksins og forsætisráðherra Bretlands.

Blair segir Brown hafa verið „undarlegan mann" sem þrátt fyrir mikla hæfileika hafi gjörsamlega skort allt mannlegt innsæi.

„Var hann erfiður, stundum óþolandi? Já. En hann var kraftmikill, hæfur og snjall, og þetta voru hæfileikar sem ég tapaði aldrei virðingu fyrir."

Með Brown við stjórnvölinn tapaði Verkamannaflokkurinn meirihluta sínum á þingi síðastliðið vor, og til valda komst samsteypustjórn Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins.

Blair segir að Brown hafi haft það mikinn stuðning, bæði innan flokksins og í fjölmiðlum, að það hefði verið nánast útilokað fyrir sig að koma í veg fyrir að Brown tæki við forsætisráðherraembættinu.

Hann hefði heldur ekki getað rekið Brown úr embætti fjármálaráðherra, því það hefði líklega grafið undan stjórninni og hraðað því að hann yrði forsætisráðherra.

Blair tjáir sig um fleiri þekkta menn í bók sinni, þar á meðal George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem hann lofar í hástert fyrir heiðarleika og hugrekki. „Hann var, í furðulegum skilningi þess orðs, sannur hugsjónamaður."

Blair minnist líka á baráttu sína fyrir því að fá samþykkt bann við refaveiðum, sem vakti gríðarlega hörð viðbrögð í Bretlandi: „Ef ég hefði lagt það til að eftirlaunavandinn yrði leystur með því að þröngva líknardrápi upp á fimmta hvern lífeyrisþega, þá hefði það ekki valdið mér jafn miklum erfiðleikum." **gudsteinn@frettabladid.is**



**VEKUR ATHYGLI** Ævisaga Tonys Blair var komin í verslanir í Bretlandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Á grundvelli þess sem við vitum núna tel ég enn að það hefði verið hættulegra öryggi okkar að láta Saddam vera áfram við völd heldur en að koma honum frá."
>
> **TONY BLAIR** Í NÝÚTKOMINNI ÆVISÖGU

2,8 milljónir breskra barna lifa undir fátækramörkum:

# Óttast fjölgun fátækra barna

**SAMFÉLAGSMÁL** Börnum sem lifa undir fátækramörkum í Bretlandi fækkaði í tíð ríkisstjórnar Verkamannaflokksins. Einn helsti sérfræðingur á sviði barnafátæktar í Bretlandi óttast þó að niðurskurður nýrrar ríkisstjórnar í velferðarmálum muni bitna illa á fátækum börnum.

Dr. Thess Ridge, breskur fræðimaður sem er einn helsti sérfræðingur á sviði barnafátæktar, hélt erindi á málstofu í Háskóla Íslands í gær. Í samtali við Fréttablaðið sagði hún að aukinn stuðningur stjórnvalda við fátæka og markvissar aðgerðir hefði skilað því að fátækum börnum fækkaði. Hefði bótakerfið verið óbreytt þá væru fátæk börn líklega tveimur milljónum fleiri í dag. Fátæk börn í Bretlandi voru að sögn Ridge 3,4 milljónir í upphafi stjórnartíðar Verkamannaflokksins árið 1999 en 2,8 við lok hennar. Hvergi er hærra hlutfall íbúa undir fátækramörkum í Evrópu en í Bretlandi, eða um þriðjungur.

Ridge segir fátækt hafa margvísleg áhrif á börn. Fyrir utan að líða skort þá hafi þau mörg áhyggjuefni; óttist að falla ekki í hópinn, hafi áhyggjur af fjárhag fjölskyldunnar og séu leið yfir því að geta ekki leyft sér það sem önnur börn geta gert. Rétt fyrir kosningarnar í vor var sett metnaðarfull löggjöf í Bretlandi sem hefur það að markmiði að útrýma barnafátækt fyrir árið 2020. Ridge segist þó óttast að ríkisstjórn Íhaldsmanna og Frjálslyndra muni breyta lögunum, ríkisstjórnin hafi nefnilega skorið verulega niður í velferðarmálum. Sá niðurskurður bitni verst á fátækum fjölskyldum.

**- sbt**



**DR. THESS RIDGE** Segir fátæk börn iðulega kvíðin og áhyggjufull og óttast að falla ekki inn í hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# ÚTSALA Í HÁTÆKNI

## Rýmum fyrir nýjum vörum! Allt að 80% afsláttur!

**42"** 42PJ550N



LG HDMI

**42" LG Plasma HD R 600Hz**

- Upplausn 1366x768 punktar
- 600Hz • 2x HDMI
- Stafrænn móttakari
- USB-tengi • DivX HD stuðningur

50.000 afsláttur
Útsöluverð **149.995 kr.**
Verð áður 199.995 kr.

**42"** TX-P42S20E



Panasonic full HD 1080P

**Panasonic 42" Plasma FHD 600Hz**

- Upplausn 1920x1080 punktar
- 600Hz • 3x HDMI
- V-Real Pro 4 myndúrvinnsla
- Stafrænn móttakari

80.000 afsláttur
Útsöluverð **169.995 kr.**
Verð áður 249.995 kr.



NOKIA

**Nokia 7100 Supernova Red**

Einfaldur og þægilegur, góð rafhlaða og 1,3mpx myndavél. Bluetooth og FM-útvarp.

7.000 afsláttur
Útsöluverð **16.995 kr.**
Verð áður 23.995 kr.

**Samsung E1360**

Sleðasími með FM-útvarpi og Bluetooth



9.000 afsláttur
Útsöluverð **9.995 kr.**
Verð áður 18.995 kr.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102105

YAMAHA



**Yamaha smástæða**

Frábær smástæða frá Yamaha með iPod dokku, geislaspilara og USB-tengi.

20.000 afsláttur
Útsöluverð **39.995 kr.**
Verð áður 59.995 kr.

SYSMCR040

**Knopex Retro útvarp** 6000108

Flott FM/AM-útvarp með Aux in-tengi.



2.000 afsláttur
Útsöluverð **3.995 kr.**
Verð áður 5.995 kr.

SALORA 3122



**Salora 19" LCD**

19" LCD-skjár með innbyggðum DVD-spilara. 1366x768pt. upplausn. Háglans áferð. HDMI-tengi. 12 V.

20.000 afsláttur
Útsöluverð **49.995 kr.**
Verð áður 69.995 kr.

SALORA 4063

**Salora DVD363 spilari HDMI**

Lítill og nettur 1080pt. DVD-spilari. HDMI og USB-tengi.



4.000 afsláttur
Útsöluverð **7.995 kr.**
Verð áður 11.995kr.

NOKIA

**Nokia BH-104 Bluetooth höfuðtól**



4.000 afsláttur
Útsöluverð **2.995 kr.**
Verð áður 6.995 kr.

## 20% afsláttur af öðrum aukahlutum fyrir farsíma.
## 10% afsláttur af öðrum farsímum.

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17 | Sunnudag 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is



**BAÐAÐUR Í FÖTU** Þessi litli snáði er einn þeirra milljóna íbúa Pakistans sem þurfa á neyðaraðstoð að halda eftir flóðin miklu undanfarnar vikur. NORDICPHOTOS/AFP



**Í HÖFN** Síminn býður NMT-notendum sem flytja sig yfir í 3G fyrir 1. október fyrstu þrjá mánuðina gjaldfrjálsa. Flytja má símanúmer milli kerfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

NMT-kerfið aflagt í gær:

## 3G tekur við hlutverki NMT

**UPPLÝSINGATÆKNI Síminn hefur hætt rekstri NMT-farsímakerfis. Þar til nú um mánaðamótin var NMT einungis í notkun á Íslandi, í Póllandi og Rússlandi, að því er fram kemur í tilkynningu Símans.**

**„Það má því með sanni segja að lítið sem ekkert eimi eftir af því sem NMT stendur fyrir – Nordisk Mobil Telefoni,“ segir í tilkynningunni.**

**Fyrirtækið hefur beint viðskiptavinum sem áður notuðu NMT-síma yfir í 3G og GSM-farsímakerfi. Þótt ekki sé hægt að tryggja samband alls staðar þar sem NMT var áður, þá sé samband víða betra en var. Haft er eftir Sævari Frey Þráinssyni, forstjóra Símans, að fyrirtækið hafi fengið góð viðbrögð frá sjómönnum sem tekið hafi í notkun 3G langdræga kerfið. - óká**

SJÁVARÚTVEGSMÁL

### Ýsan lækkar um 5 prósent

Á fundi úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna var ákveðið að lækka verð á slægðri og óslægðri ýsu, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seld til skyldra aðila, um fimm prósent. Verð þetta gildir frá og með gærdeginum, 1. september 2010.

SAFNAMÁL

### Bátur fluttur á þyrlupalli

Varðskip LHG kom í gærmorgun að bryggju á Ísafirði eftir um sólarhrings siglingu frá Keflavík. Um borð var vélbáturinn Magnús KE-46 sem hvíldi á þyrlupallinum á leiðinni. Var báturinn fluttur fyrir Byggðasafn Vestfjarða en í framtíðinni mun báturinn verða hluti af safninu.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við gagnrýni framkvæmdastjóra Keilis:

# Segir skýlaust brot Keilis blasa við

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér athugasemd vegna ummæla Hjálmars Árnasonar, framkvæmdastjóra Keilis ehf., í fjölmiðlum vegna skýrslu stofnunarinnar um skólann.

Hjálmar hefur gagnrýnt efni og framsetningu skýrslunnar. Hann sagði í viðtali við Fréttablaðið að það væri óásættanlegt að gefið væri í skyn að stjórnendur hafi misfarið með fé og efast sé um rekstrargrundvöll skólans.

Ríkisendurskoðun vill taka fram að á árunum 2008 og 2009 gerðu menntamálaráðuneyti, Háskóli Íslands og Keilir samninga um 235,6 milljóna króna framlag ríkisins til frumgreinakennslu Keilis þessi ár. Af þeim verður ekki annað ráðið en að féð hafi eingöngu átt að renna til frumgreinakennslunnar. Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi hins vegar í ljós að Keilir nýtti hluta þess í aðra starfsemi skólans. Að mati Ríkisendurskoðunar felur þetta í sér skýlaust brot á fyrrnefndum samningum og hefur ráðuneytið lýst sig sammála þeirri túlkun.

Vegna uppsafnaðs halla Keilis, en heildarskuldir nema 463 milljónum króna, og uppsafnaðs taps á frumgreinanámi skólans hafi Ríkisendurskoðun sem eftirlitsstofnun Alþingis ekki getað annað en lýst áhyggjum sínum vegna rekstrarstöðu skólans. - shá



**FRÁ MIÐNESHEIÐI** Tekist er á um skýrslu Ríkisendurskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Björgvin G. Sigurðsson:

## Skrifar bók um bankahrunið

**FÓLK** Aðdragandi og eftirmálar efnahagshrunsins á Íslandi haustið 2008 eru veigamikill þáttur í væntanlegri bók Björgvins G. Sigurðssonar, fyrrverandi viðskiptaráðherra. Bókin fjallar um síðustu þrjú ár í lífi Björgvins og þjóðarinnar að sögn Karls Th. Birgissonar blaðamanns sem liðsinnir honum við skrifin.

Björgvin var ráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem mynduð var vorið 2007. Hann lét af embætti helgina áður en hún féll í janúar 2009.

# Ljósleiðaratenging meiri bylting en hringvegurinn

**Eitt minnsta fjarskiptafélag landsins hefur ljósleiðaratengt Öræfasveit. Stofnkostnaður notenda nemur hálfri milljón króna. Einhugur var um að ráðast í framkvæmdina. Sömdu við Vodafone um þjónustu.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Formleg opnun ljósleiðaranets fyrir um 50 sveitabæi í Öræfasveit fer fram á morgun, föstudaginn 3. september. „Haldin verður opnunarhátíð í Hólmgarði í Öræfasveit,“ segir Knútur Bruun, stjórnarformaður Fjarskiptafélags Öræfinga. „Bæjarstjórinn á Höfn telur þetta meiri framfarir en opnun hringvegarins. Enda getur maður nú setið í Öræfasveit og átt viðskipti við heiminn allan, auk möguleika í tengslum við fjarkennslu og annað slíkt. Þetta bætir öll búsetuskilyrði og heldur ungu fólki heima í sveitinni.“



KNÚTUR BRUUN

Lokið hefur verið uppsetningu og tengingu ljósleiðaranets sem nær allt frá Reynivöllum í austri að Skaftafelli í vestri. „Við þetta ljósleiðaranet eru tengdir allir bæir og fyrirtæki á svæðinu. Öræfasveitin er sem sagt öll komin í ljósleiðarasamband, jafnfullkomið og best gerist í þéttbýlinu.

Knútur segir stofnun fjarskiptafélagsins og lagningu leiðarans hafa átt sér nokkra forsögu. „Auk Fjarskiptafélags Öræfinga, minnsta fjarskiptafélags landins, koma að verkefninu RARIK, sem átti meginstrenginn frá Reynivöllum og út í Skaftafell, og Fjarski sem er fyrirtæki í eigu Landsvirkjunar.“ Kerfið tengist svo inn á „Nató-ljósleiðarann“ og þar með inn á hringtengingu um landið. „Og Vodafone flytur fyrir okkur allt efni á sömu kjörum og sömu gæðum og gerist í þéttbýli.“

Til bráðabirgða þarf Vodafone hins vegar að leigja gagnaflutning af Mílu vegna dráttar sem orðið hefur á að fyrirtækið komist í samband við einn af átta ljósleiðarastrengjum sem hringtengja landið. „Það er reyndar kapítuli út af fyrir sig að Míla skuli ekki hleypa þeim í strenginn,“ segir Knútur.

Ráðist var í verkið eftir að sonur Knúts, Ingólfur Bruun, frétti af því að leggja ætti þriggja fasa rafmagn frá Reynivöllum og út í Skaftafell. „Hann hvatti til þess að lagður yrði ljósleiðari um leið.“ Með þessu segir Knútur að stórar fjárhæðir hafi sparast vegna þess hve jarðvegsvinna sé stór hluti af kostnaði við að leggja ljósleiðara.

> Allir í sveitinni voru sammála um verkið og búið að borga þetta allt saman.
>
> **KNÚTUR BRUUN** STJÓRNARFORMAÐUR FJARSKIPTAFÉLAGS ÖRÆFINGA

„Allir í sveitinni voru sammála um verkið og búið að borga þetta allt saman. Þessir rúmlega 50 bændur borga 15 milljónir króna og bæjarstjórnin styrkir verkið um sjö milljónir og Fjarski hefur lagt í verkið fimm til sex milljónir.“

Hver notandi borgar 500 þúsund krónur í stofnkostnað og telur Knútur að þetta verklag kunni að verða öðrum byggðum fordæmi við að færa fjarskiptamál til nútímans. „Við fengum enga styrki, ekkert frá Fjarskiptasjóði sem styrkir ekki svona verkefni, en á sama tíma og við vorum að ljúka við þetta fékk Míla, eða Síminn styrk til að setja upp ADSL-kerfi í sveitinni sem enginn kemur til með að nota.“

olikr@frettabladid.is



**ÞÓRBERGSSETUR** Suðursveit, heimasveit Þórbergs Þórðarsonar, eins ástsælasta rithöfundar þjóðarinnar, er meðal þeirra sem nú hefur verið ljósleiðaravædd eftir framtak Fjarskiptafélags Öræfinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNÞÓRA

### Fjarskiptasjóður er að ljúka verki sínu

Lög um Fjarskiptasjóð gera að verkum að hann getur ekki styrkt verkefni á borð við ljósleiðaratengingu Öræfasveitar. Við jaðar útbreiðslusvæðis Fjarskiptafélags Öræfinga kunna hins vegar að vera staðir sem falla undir styrkhæfar aðgerðir sjóðsins.

Gunnar Svavarsson, stjórnarformaður Fjarskiptasjóðs, segir framtak Fjarskiptafélags Öræfinga stórglæsilegt. „Hins vegar byggja öll verkefni sem sjóðurinn getur styrkt á þeim grunni að markaðurinn leysi þau ekki sjálfur. Fjarskiptafélag Öræfinga leysir þannig vandamál ákveðins fjarskiptasvæðis,“ segir Gunnar og bætir við að Fjarskiptasjóður eigi svo að leysa mál sem út af standa. „Ef þetta félag hefði ekki leyst þetta með ljósleiðara þá hefði Fjarskiptasjóður komið að með sama hætti og verið er að ljúka við að gera hjá 1.800 sveitabæjum á landinu.“ Gunnar segir nú verið að loka síðustu svæðum og verkinu ljúki á haustmánuðum. „Og þá er eiginlega hringnum lokað og þetta verkefni sem sett var af stað með Fjarskiptasjóði árið 2005 fullnustað á þessu ári og sjóðurinn þá væntanlega lagður niður í kjölfarið. Hann er þá búinn að GSM-væða þjóðvegina og helstu ferðamannastaði og búinn að háhraðatengja þá staði sem fjarskiptafyrirtækin náðu ekki að tengja.“ Gunnar segir að 14 til 15 fjarskiptafyrirtæki starfi á landinu. „Og samkvæmt lögunum megum við ekki fara inn á þeirra markaðssvæði,“ segir hann, en kveður um leið ekki útilokað að smærri fjarskiptafélög geti sótt styrki til uppbyggingar annars staðar, svo sem í gegn um nýsköpunarverkefni á vegum stjórnvalda.

### Deilan truflar ekki þjónustuna



Deila Vodafone og Mílu um aðgang að ljósleiðarastreng þeim sem hringtengir landið truflar ekki þá þjónustu sem Öræfingum stendur til boða eftir opnun ljósleiðaranets þeirra, að sögn Hrannars Péturssonar, upplýsingafulltrúa Vodafone á Íslandi. Hann segir að á meðan sú deila dregst á langinn leigi Vodafone bandvídd af Mílu til þess að Öræfingar geti fengið fulla þjónustu á ljósleiðaraneti sínu. Einhverjar takmarkanir kunni þó að verða á hraða nettenginga en ekki þannig að hamli fjölda sjónvarpsstöðva eða annarri símaþjónustu.

HRANNAR PÉTURSSON




Björgólfur Thor laus undan persónulegum ábyrgðum íslenskra kröfuhafa:

# Kröfuhöfum settir afarkostir

**VIÐSKIPTI** Íslenskir kröfuhafar Björgólfs Thors Björgólfssonar felldu niður allar persónulegar ábyrgðir á hendur honum og var það hluti af samkomulagi um allsherjaruppgjör sem leitt var af Deutsche Bank, stærsta kröfuhafa Actavis. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Íslensku bönkunum var stillt upp við vegg af þýska bankanum, segja heimildir fréttastofu.

Í tilkynningu sem Björgólfur sendi fjölmiðlum í júlí síðastliðnum sagðist hann hafa gengið frá samkomulagi um heildaruppgjör við erlenda og innlenda lánardrottna sína upp á alls 1.200 milljarða króna. Þungamiðjan í samkomulaginu er eignarhlutur Björgólfs í Actavis og var það leitt af Deutsche Bank.

Hjá Landsbankanum var Björgólfur í persónulegum ábyrgðum fyrir 180 milljónum evra, jafnvirði um 27 milljarða króna. Persónuleg ábyrgð fyrir þessu láni var felld niður og hluti af samkomulaginu var að bankinn myndi ekki lögsækja Björgólf og hefur verið gengið frá samningi þess efnis milli skilanefndar Landsbankans og Björgólfs. - þþ



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Er bundinn trúnaði um uppgjörið við lánardrottna og tjáir sig ekki, segir talsmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bíða úrskurðar Hæstaréttar:

# SP sendir ekki greiðsluseðla

**VIÐSKIPTI** SP-fjármögnun mun ekki senda út greiðsluseðla í september vegna gjalddaga bílalána og kaupleigusamninga í erlendri mynt. Fyrirtækið bíður niðurstöðu Hæstaréttar á málum sem snúa að vaxtaþætti slíkra lána.

Í tilkynningu frá SP-fjármögnun segir að undirbúningur á endurútreikningum lánanna hafi hafist í sumar, en þar sem ljóst sé að niðurstaða Hæstaréttar, sem tekur fyrrgreind mál fyrir næsta mánudag, muni hafa áhrif á sé rétt að bíða dómsniðurstöðu. - þj

Boltinn hjá Strætó varðandi útfærslu og samninga vegna flutnings frá Hlemmi:

# Breyttur miðbær er á umræðustigi

**REYKJAVÍK** „Allt er þetta svolítið í höndum Strætós enn þá,“ segir Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi Besta flokksins og formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur. Strætó bs. kynnti í gær hugmyndir sem miða að því að færa skipti- og endastöð vagna frá Hlemmi að BSÍ og breyta akstri um miðborg Reykjavíkur.



KARL SIGURÐSSON

Karl segir Strætó munu vinna málið áfram, svo sem fara í kostnaðargreiningu og komi til þess, samningaviðræður við Kynnisferðir sem eiga BSÍ. „En þessu var mjög vel tekið í okkar ráði og okkur þóttu þetta frábærar hugmyndir sem þeir eru með.“

Að sögn Karls var í kynningu Strætós í gær lögð áhersla á að fara yfir þá möguleika sem í stöðunni eru og kosti við breytingarnar. „En við förum ekki út í útfærsluna, ena í raun ekki í okkar höndum að gera samning við BSÍ fyrir Strætó.“ Þá var ekki heldur farið yfir mögulegan kostnað vegna breytinganna.

Karl segir hins vegar að áfram verði skoðuð hugmynd um að gera Lækjargötu að „samrými“ þar sem blandað verður saman akandi, hjólandi og gangandi umferð.

„Sú hugmynd er komin frá sjálfstæðismönnum í umhverfis- og samgönguráði og henni var vel tekið á fundinum.“ Breytingar á miðbæjarakstri Strætós segir hann geta fallið vel að slíkri breytingu, enda myndi þá draga verulega úr umferðarhraða í Lækjargötu. - óká




**Á HLEMMI** Einhver bið verður á að Strætó flytji sig frá Hlemmi í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FLEIRI RÉTTINDAKENNARAR** Aldrei hafa verið fleiri réttindakennarar í framhaldsskólum. NORDICPHOTOS/GETTY

Réttindakennurum fjölgar:

# 82% kennara með réttindi

**SKÓLAMÁL Yfir 82 prósent framhaldsskólakennara síðasta haust voru með kennsluréttindi. Þeim fjölgaði um þrjú pósentustig frá fyrra ári og hafa ekki verið fleiri síðan Hagstofan hóf að halda utan um þessar tölur fyrir áratug.**

**Þá hafa aldrei verið fleiri kennarar sem hafa lokið framhaldsnámi en nú. Í fyrrahaust var rúmur fjórðungur sem hafði meistaragráðu, doktorsgráðu eða sambærilega menntun, sem er aukning um níu prósentustig á áratug, en haustið 1999 var hlutfallið um 16 prósent. Konur eru fleiri en karlar meðal réttindakennara, en hlutfall þeirra er 87 prósent á móti 77 prósentum karla.** - þj

Breyttur útivistartími:

# Börnum tryggður nægur svefn

**SAMFÉLAGSMÁL** Tólf ára börn og yngri mega vera úti til klukkan átta að kvöldi. Þetta er samkvæmt útivistarreglum sem tóku gildi í gær. Þrettán til sextán ára unglingar mega vera úti til klukkan tíu. Bregða má út af reglunum fyrir síðartalda hópinn þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Þeim er ætlað að tryggja nægan svefn en hann er börnum og unglingum nauðsynlegur. Mikilvægt er að fylgja því eftir að börn og unglingar fái nægan svefn. Í því felst meðal annars að þau séu ekki í tölvunni þegar þau eiga að vera komin í rúmið. - jss

## STJÓRNSÝSLA

### Guðríður skipuð til eins árs

Guðríður Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu, hefur verið sett í embætti ráðuneytisstjóra. Hún mun sitja í fjarveru Berglindar Ásgeirsdóttur, sem fer í eins árs námsleyfi.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Helmingur ók of hratt

Nær helmingur ökumanna, eða 45 prósent þeirra, sem lögregla myndaði á Fjallkonuvegi í Reykjavík í fyrradag ók of hratt. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Fjallkonuveg í austurátt, við Foldaskóla.



*Það er kaffitími núna*




Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

*Taktu þér kaffitíma núna*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiilmsins, hitans og bragðsins og taktu svo daginn með trompi.

*Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir kaffitímann*

## FRÉTTASKÝRING: Fjárhagsstaða Reykjanesbæjar



**HELGUVÍK** Áætlað var að tekjur Reykjanesbæjar á yfirstandandi ári yrðu um 700 milljónum meiri en á síðasta ári vegna nýrra starfa sem meðal annars áttu að verða til vegna byggingar álvers í Helguvík. Þær áætlanir hafa ekki gengið eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stefnir í aðhaldsaðgerðir

**Reykjanesbær freistar þess nú að selja eignir til að geta greitt upp 1,8 milljarða króna lán, og er undir smásjá stjórnvalda vegna fjárhagsvanda. Bæjarstjórinn segir að skýrast muni í september hvert framhaldið verði og hvort bærinn þurfi að ráðast í harkalegar aðhaldsaðgerðir.**

Hafi íbúar Reykjanesbæjar skautað létt yfir fjárhagsáætlun bæjarins þegar hún var lögð fram í byrjun árs er ekki ólíklegt að þeir hafi fyllst bjartsýni, enda virtist stefna í hallalausan rekstur bæjarsjóðs og ágætt ástand. Þegar nánar var skoðað mátti þó sjá á fjárhagsáætluninni hversu tæpt bæjarfélagið stendur. Í raun hefði enginn átt að þurfa að velkjast í vafa um vanda bæjarins.

Samkvæmt fjárhagsáætluninni voru tekjur bæjarsjóðs áætlaðar 7.924 milljónir króna og útgjöldin 7.877 milljónir. Reksturinn ætti því samkvæmt áætlun að vera 47 milljónir króna í plús. Forsendurnar fyrir þessari jákvæðu stöðu eru áhugaverð lesning. Áætlanir bæjarins gerðu ráð fyrir um 700 milljóna króna auknum skatttekjum. Þær tekjur áttu að koma til með nýjum atvinnuverkefnum á borð við álver í Helguvík, gagnaver, hernaðarfyrirtækið ECA-fyrirtækisins, og einkarekinn spítala fyrir útlendinga á Miðnesheiði.

Ljóst var strax við gerð fjárhagsáætlunarinnar að gengju ekki eftir þau fjölmörgu áform um uppbyggingu í sveitarfélaginu væru tekjur sveitarfélagsins ofmetnar um hundruð milljóna króna.

### Selja eignir til að greiða skuld

Staða sveitarfélagsins er enn alvarlegri en þessar upplýsingar gefa til kynna. Upplýst hefur verið að 1,8 milljarða króna lán bæjarins hafi fallið á gjalddaga í byrjun ágúst. Reynt hefur verið að endurfjármagna lánið, án árangurs.

Því reyna bæjaryfirvöld að selja sex milljarða króna skuldabréf með veði í sextán prósenta hlut bæjarins í HS orku. Bréfið er raunar metið á fimm milljarða króna í fjárhagsáætlun bæjarins, og væntanlega verður það ekki selt nema með einhverjum afföllum.

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur haft Reykjanesbæ, sem og önnur sveitarfélög, til skoðunar vegna erfiðrar skuldastöðu. Tekjur sveitarfélagsins á síðasta ári voru tæplega 9,6 milljarðar króna. Skuldir, að frádregnum lífeyrisskuldbindingum, voru ríflega 26 milljarðar króna, nærri þrefalt hærri en tekjurnar.

Rekstrarreikningur bæjarins það sem af er ári lofar ekki góðu. Um 400 milljóna króna halli var á rekstri bæjarins um mitt ár, þótt tekjur séu raunar ívið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.



ÁRNI SIGFÚSSON

Málefni Reykjanesbæjar voru rædd á fundi ríkisstjórnarinnar á þriðjudag. Samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra hefur lýst þungum áhyggjum af ástandinu, en sagt það upp á bæjaryfirvöld komið að óska eftir því að skipuð verði fjárhaldsstjórn yfir bæinn, eins og gert var á Álftanesi.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir ekki koma til greina að bærinn óski eftir því að skipuð verði fjárhaldsstjórn. „Það væri algerlega út í hött," segir Árni. Hann segir að hafi ríkisstjórnin rætt málefni bæjarins megi vona að rætt hafi verið um ákvæði stöðugleikasáttmálans um þátttöku ríkisins í fjármögnun hafnarframkvæmda í Helguvík. Ítrekað hafi verið óskað eftir því að stjórnvöld standi við sinn hluta málsins, en samgönguráðherra hafi aðeins snúið út úr um málið.

„Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er að fullu í skilum," segir Árni. Hann segir að vandamál við endurfjármögnun á 1,8 milljarða króna skuldabréfi verði leyst. Að öðru leyti sé bæjarsjóður í skilum.

Árni segir að fréttir af slæmri stöðu Reykjanesbæjar séu orðum auknar. „Eiginfjárstaða Reykjanesbæjar er mjög sterk í samanburði við önnur sveitarfélög. Það segir okkur að eignir umfram skuldir eru miklar."

Vandi Reykjanesbæjar tengist öðru fremur auknu atvinnuleysi í kjölfar brotthvarfs Bandaríkjahers af Miðnesheiði árið 2006, segir Árni. Stóra málið hafi því verið að auka tekjur með því að fjölga störfum aftur, en þar hafi ríkisstjórnin ítrekað staðið í vegi fyrir uppbyggingu á svæðinu.

### Uppsagnir eða launalækkun

Spurður hvort sveitarfélagið hafi farið of geyst í því að áætla tekjur segir Árni að eins og mál hafi þróast sé það réttmæt gagnrýni. Hann bendir þó á að farið hafi verið eftir áætlunum um uppbyggingu, skýrslum og gögnum sem unnin hafi verið um tekjur sveitarfélagsins. Það geri öll sveitarfélög.

Árni segist vonast til þess að staða fjármála Reykjanesbæjar muni skýrast að einhverju leyti áður en septembermánuður er allur. Þá ætti að liggja fyrir skýrari svör varðandi álver í Helguvík og önnur stór atvinnuverkefni.

Reykjanesbær gæti þurft að grípa til harkalegra aðhaldsaðgerða verði frekari tafir á uppbyggingu á Reykjanesi. „Við höfum verið með aðhaldsaðgerðir í gangi, en getum enn frekar hert að okkur. Auðvitað stöndum við frammi fyrir því ef ekkert af þessum atvinnuverkefnum er að ganga eftir á þeim tíma sem við höfum áætlað, að einhvern tímann ákveðum við að við getum ekki beðið lengur," segir Árni.

Hann segir augljóst hvað aukið aðhald geti haft í för með sér, enda stærstur hluti útgjalda allra sveitarfélaga laun og launatengd gjöld. Þá komi til greina að segja upp fólki eða lækka launin eigi að spara meira í rekstrinum. Það sé ekki það sem fólk þurfi á Suðurnesjunum.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



## Bærinn fjármagnaður með lánsfé og með því að ganga á eignir

„Við höfum verulegar áhyggjur af þeirri þróun sem orðið hefur í rekstri Reykjanesbæjar, við höfum bent á að reksturinn hefur verið fjármagnaður með lánsfé til fjölda ára og það er ljóst að það gengur ekki lengur," segir Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ.

„Allir sem gagnrýnt hafa fjármálastjórn Reykjanesbæjar síðustu átta árin hafa verið sagðir neikvæðir í garð bæjarins, en nú eru afleiðingarnar komnar í ljós," segir Friðjón. „Við getum ekki kennt ríkisstjórninni um okkar vandamál, bæjarsjóður hefur verið rekinn með tapi í sjö af síðustu átta árum. Bærinn hefur einfaldlega verið fjármagnaður með lánsfé og með því að ganga á eignir."



FRIÐJÓN EINARSSON

Friðjón segir meirihluta og minnihluta í bæjarstjórn verða að fara saman yfir rekstur bæjarfélagsins til að komast hjá greiðsluþroti. Eitt af því sem hann leggur áherslu á er að fasteignum bæjarins verði komið aftur í eigu sveitarfélagsins. Þær hafi verið seldar fasteignafélaginu Fasteign, og svo leigðar til baka frá félaginu.

Friðjón segir að bærinn hafi farið langt fram úr sér í samningum við Fasteign. Bærinn borgi til dæmis hátt í milljón króna á dag í leigu af Hljómahöllinni, sem nú er í byggingu, og hafi engar tekjur á móti. Fasteignafélagið hafi byggt húsnæði Víkingaheima, sem eru í eigu bæjarins, og þar sé reksturinn einnig röngum megin við núllið.

Ungur maður í New York:

## Lifði af fall af fertugustu hæð

**BANDARÍKIN, AP** Rúmlega tvítugur maður lifði af fjörutíu hæða fall ofan af húsþaki í New York. Maðurinn lenti á fólksbifreið af gerðinni Dodge Charger. Hann fór í gegnum bakrúðu bílsins og hafnaði í aftursætinu. Maðurinn brotnaði á báðum fótum en svo virðist sem hann hafi stokkið fram af þakinu.

Hann er ekki fyrstur til að lifa af svo hátt fall í New York. Árið 2007 lifði gluggaþvottamaður af eftir að hafa fallið ofan af þaki á 47 hæða húsi. - gb

Bandarískir ráðamenn segja stríðið í Írak hafa reynst tvíeggjað:

# Forsendan fyrir stríðinu reyndist ekki rétt

**ÍRAK, AP** „Vandinn við þetta stríð, í huga margra Bandaríkjamanna, er að ég held sá, að forsendan sem notuð var til að réttlæta upphaf þess reyndist þegar til kom ekki rétt,“ sagði Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, á miðvikudag þegar hann heimsótti bandaríska hermenn í borginni Ramadi í Írak.

„Jafnvel þótt útkoman sé góð fyrir Bandaríkjamenn þá verður hún alltaf í skugga þess hvernig til þess var stofnað.“

Gates tók í gær ásamt Joe Biden, varaforseta Bandaríkjanna, þátt í athöfn í höfuðstöðvum Bandaríkjahers skammt frá Bagdad í Írak í tilefni þess að Bandaríkjaher er hættur þátttöku í hernaðarátökum í Írak.

Enn eru þó 50 þúsund Bandaríkir hermenn í landinu, en þeir eiga að sinna þjálfun og ráðgjöf fyrir íraska hermenn og lögreglumenn til loka næsta árs.

Barak Obama Bandaríkjaforseti viðurkenndi sömuleiðis í ávarpi til þjóðarinnar í gær hve tvíbent stríðið í Írak hafi verið. Hann sagði tíma kominn til að loka þessum kafla í sögu Bandaríkjanna. - gb



**FORMLEG ATHÖFN Í BAGDAD** Varaforseti og varnarmálaráðherra Bandaríkjanna á tímamótum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BLÖÐRUR** Mikil blöðruveisla verður við setningu Ljósanætur.

Ljósanótt verður sett í dag:

## Tvö þúsund blöðrur í loftið

**HÁTÍÐARHÖLD Nemendur í leik- og grunnskólum munu sleppa 2.000 blöðrum til himins þegar ljósanótt í Reykjanesbæ verður sett í 11. sinn við Myllubakkaskóla í dag. Nemendur koma til athafnarinnar í skrúðgöngu með trommuslætti þar sem þeir flagga litum skólanna. Gítarsveit nemenda Gítar Myllos stjórnar fjöldasöng sem endar á fyrsta ljósalaginu, Velkomin á Ljósanótt, og Árni Sigfússon bæjarstjóri setur hátíðina.**

**Fram undan er fjölbreytt dagskrá sem stendur yfir í fjóra daga, eða til sunnudagsins 5. september.** - jss



**FRÁ VOPNAFIRÐI** Ný verksmiðja er komin í fullan rekstur. MYND/HB GRANDI

HB Grandi á Vopnafirði:

## Bylting í manneldisvinnslunni

**SJÁVARÚTVEGUR** Skip HB Granda hafa landað rúmlega 27 þúsund tonnum af norsk-íslenskri síld og makríl á Vopnafirði á þessu ári. Í fyrra hafði tæplega 41 þúsund tonnum af þessum tegundum verið landað á Vopnafirði. Vinnsla til manneldis hefur stóraukist á milli ára og er aukningin rúmlega þreföld ef miðað er við afurðamagn.

Þetta kemur fram á heimasíðu HB Granda. Þann 1. september í fyrra var búið að frysta 2.800 tonn af afurðum eða úr um sjö prósentum heildaraflans en í ár er búið að frysta um níu þúsund tonn af afurðum eða um 33 prósent. - shá




# EVRÓPA

## SAMRÆÐUR VIÐ FRÆÐIMENN

**Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands standa fyrir vikulegri hádegisfundaröð á haustmisseri.** Fræðimenn við Háskóla Íslands kynna rannsóknir sínar. Að auki fléttast inn í fundaröðina ráðstefnur og heimsóknir erlendra gesta. **Fundirnir fara fram í stofu 103 á Háskólatorgi frá kl. 12 til 13 alla föstudaga í vetur.**

## DAGSKRÁ:

**Föstudaginn 3. september**
**The Missing Link in EU Democracy?**
Maximilian Conrad, nýráðinn lektor í Evrópufræðum við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

**Föstudaginn 10. september**
**Evrópuvæðing á Íslandi: Getur Ísland haft áhrif á stefnumótun ESB og hvernig er stefnum sambandsins framfylgt á Íslandi?**
Jóhanna Jónsdóttir, doktorsnemi í stjórnmálafræði við Háskólann í Cambridge (doktorsvörn 14. september)

**Dagsetning og staðsetning auglýst síðar**
**Aðildarumsókn Íslands**
Stefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins

**Föstudaginn 24. september**
**Málstefna Evrópusambandsins og áhrif hennar á tungu smáþjóða**
Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingafræði við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

**Föstudaginn 1. október**
**Evrópskir þjóðardýrðlingar**
Jón Karl Helgason, dósent við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

**Föstudaginn 8. október**
**Jafnrétti og bann við mismunun: Íslenskur og evrópskur réttur**
Brynhildur G. Flóvenz, dósent við lagadeild Háskóla Íslands

**Föstudaginn 15. október**
**15 Years On. Finland and Sweden in the European Union**
Heilsdagsráðstefna í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands í samstarfi við Evrópufræðasetrið í Svíþjóð og Alþjóðamálastofnun Finnlands. Sjá dagskrá á www.stofnanir.hi.is/ams

**Föstudaginn 22. október**
**Sameiginlegir fiskveiðihagsmunir Íslands og Noregs gagnvart ESB**
Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði og deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands

**Föstudaginn 29. október**
**Þjóðarspegillinn, ráðstefna um rannsóknir í félagsvísindum**
Sjá dagskrá á www.fel.hi.is/

**Föstudaginn 5. nóvember**
**Is the EU and will it ever be a Defence Alliance?**
Alyson Bailes, aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

**Föstudaginn 12. nóvember**
**Nordic Societies and European Integration**
Heilsdagsráðstefna í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðu.
Sjá dagskrá á www.stofnanir.hi.is/ams

**Föstudaginn 19. nóvember**
**Framtíð hinna dreifðu byggða. Fámenn og harðbýl svæði í stefnu og stuðningi ESB**
Magnfríður Júlíusdóttir, lektor í mannvistarlandfræði við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

**Föstudaginn 26. nóvember**
**Iceland's application for EU membership - a view from Brussels**
Graham Avery, ráðgjafi hjá European Policy Centre og heiðursframkvæmdastjóri ESB

**Fundaröðin heldur áfram á vormisseri. www.stofnanir.hi.is/ams.**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

**ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN**
**RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Fruit muesli
Fruktmüsli
Frukt müsli
Hedelmämysli
298
KR.1 KG
ES ÁVAXTAMÚSLÍ 1 KG
598
KR. KG
LAMBASÚPUKJÖT 1. FLOKKUR / ALLIR BESTU BITARNIR
TILBOÐ KJARNAFÆÐI
KJÖTFARS
259
KR.STK
K.F NÝTT KJÖTFARS 620g
Vanillu ís 2
Súkkulaði ís 2
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
BÓNUS
298
KR. 2 LTR.
BÓNUS-ÍS 2 LTR.
Vanillu-súkkulaði-jarðarberja
298 KR
145
KR. KG
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA/ RAUÐAR
ÞESSI VARA HÆTTIR Í BÓNUS
39
KR. 250g
EUROSHOPPER HEILL ASPARS 250g.
Havregryn
Kaurahiutale
Oatflakes
79
KR. 1/2 KG
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g
159
KR. 500g
ÍSLENSKAR GULRÆTUR 500g
BRAGÐAREFUR
BÓNUS 2 LÍTRAR
398
KR. 2 LTR.
SEX GLÖS Á VERÐI ÞRIGGJA !
Cow&Gate
398
KR. 125g
COW&GATE APPLE-BANANAMAUK 125g
KJARNAFÆÐI
1598
KR.KG
K.F FROSNAR LAMBALÆRISSNEIÐAR Í RASPI
Uppskriftin hennar mömmu !
FRISSI FRÍSKI
98
KR.3 STK
FRISSI FRÍSKI 3 x 250ml
BÚRFELL
Blandað hakk
398
KR.KG
BÚRFELLS FROSIÐ BLANDAÐ HAKK
MS GOUDAOSTUR 26% RAUÐUR
Nú með 25% afslætti
MERKT VERÐ 1296 KR.KG.
972
KR. KG
GOUDA
AFSLÁTTUR 25%
198
KR. 4 STK
BÓNUS KORNKUBBAR TVÆR TEG. 4 STK.
HEIMILISBRAUÐ
198
KR.KG
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G
pepsi
pepsi MAX
maximum kick no sugar
98
KR.1 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Hollenskar frystar ungnautalundir
*aftur komar í Bónus!*



2698 KR./KG.

# Bónus ferskur nýreyktur hamborgarhryggur




998 KR./KG.

Ali Bayonneskinka
nú með ***40% afslætti***



***1198 kr.kg.***
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.



35%
AFSLÁTTUR

K.S FROSIN LAMBASVIÐ
**194 kr.kg.** MERKT VERÐ 298 KR.KG.




798
KR.KG

169
KR.KG

ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE
*ÞESSI EINA SANNA ÍTALSKA UPPSKRIFT !*
SMELLTU ÞÉR Á: WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR
EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG **169 KR.**
FERSKT BLANDAÐ NAUTA/GRÍSAHAKK **798 KR.KG.**

COKE ZERO Á SÉRVERÐI




598
KR.4 X 1.5 LTR

*ROOKEE NÚÐLUR 4 TEG*
***29 KR.PK***




ROOKEE NÚÐLUR 85G




898
KR.800g

FERSKAR ***ÚRBEINAÐAR*** GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




898
KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR




698
KR.800g

BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR Í RASPI 800g
Tilbúið beint á pönnuna !

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** EINAR BÁRÐARSON, EIGANDI ÚTVARPSSTÖÐVARINNAR KANANS

## *Bumbubaninn án efa verstu kaupin*



„Verstu kaupin hljóta að vera bumbubaninn sem ég keypti fyrir þremur eða fjórum árum í Bretlandi," segir Einar Bárðarson, eigandi útvarpsstöðvarinnar Kanans.

Hann á reyndar erfitt með að skýra hvernig það kom til að hann keypti bumbubanann, en segir það tengjast á einhvern hátt hlutfallinu milli hæðar og þyngdar. „Ég keypti þennan bumbubana í einhverju brjálæðislegu bjartsýniskasti, en hef held ég aldrei notað hann."

Einar segir að bestu kaupin sem hann hafi gert hafi líklega verið fyrsta Apple-tölvan sem hann eignaðist. Hann segir að nýr kafli hafi hafist í sinni tölvunotkun eftir að hann kynntist Apple-tölvum, og hann noti helst ekkert annað í dag, hvorki tölvur né síma.

„Þetta var svört fartölva, Powerbook, alveg nýjasta gerðin á þeim tíma," segir Einar, en vélina fékk hann árið 1999. Hann segir að leiðir hans og fyrstu Apple-vélarinnar hafi reyndar skilið ári síðar þegar hann skipti um vinnu, en hann hafi fyrir tilviljun eignast aftur þessa fyrstu Apple-tölvu sína um daginn.

„Hún gengur enn þá, en það eru auðvitað allt önnur forrit og stýrikerfi en í tölvum í dag svo ég get auðvitað ekki notað hana. Ég eignaðist hana meira svona eins og forngrip," segir Einar.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### LAVENDER Í ÞVOTTINN

Það er svakalega gott að setja lavenderdropa út í fljótandi þvottaefni. Ef keypt er efni frá Neutral eða einhverju öðru merki sem er ilmlaust og gott fyrir húðina, þá eru svona dropar tilvaldir til þess að fá örlítinn ilm af nýþvegnum þvotti. Oft er svo sterk og kæfandi lykt af öðrum þvottaefnum og mér finnst þessi aðferð virka mjög vel fyrir þau sem eru alveg lyktarlaus. Þá er örlítil skvetta af dropunum sett í flöskuna og ef droparnir eru alveg að klárast skelli ég bara flöskunni ofan í. Þá nýtir maður allt til fulls.



■ *Þorbjörg Halldórsdóttir, annar eigandi Frúarinnar í Hamborg.*

■ **Leiðbeiningar**

## Hvernig skal bera sig að þegar kvartað er?

Evrópska neytendaaðstoðin á Íslandi hefur gefið út nýjan bækling með ítarlegum leiðbeiningum um hvernig og hvert á að kvarta til að ná sem bestum árangri. Meðal annars er bent á að neytandi þarf að hafa beint samband við seljanda til að bera fram kvörtun og koma þannig á framfæri hvað það sé sem talið er að ekki sé í lagi. Bæklingurinn inniheldur 12 ráð um það hvernig fólki ber að haga sér við kvartanir og 12 ráð um hvernig óæskilegt sé að haga sér. Að standa í armlengd frá seljanda, nota opnar handahreyfingar og kurteisi er allt æskileg hegðun þegar kvartað er. Að stara reiðilega, tala skrækróma og kinka of oft kolli er aftur á móti flokkað sem röng hegðun. Hægt er að nálgast bæklinginn í heild sinni á heimasíðu Neytendasamtakanna, undir slóðinni: *http://ns.is/ns/upload/files/pdf-skrar/ena/baeklingurkvartais.pdf.*






# Íslendingar skulu temja sér leiðir í orkusparnaði

**Væntanlegar breytingar á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur munu skila sér í hærri orkureikningum til íbúa stærsta hluta höfuðborgarsvæðisins. 40 prósenta hækkanir 1. október næstkomandi leiða af sér að orkureikningur fjögurra manna fjölskyldu í fjölbýli mun hækka um 2.400 krónur á mánuði að meðaltali.**



**RAFMAGN HÆKKAR** Hægt er að spara rafmagn með því að fylla alltaf þvottavélar og uppþvottavélar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs, stofnunar sem stuðlar að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar, segir að þó prósenturnar séu vissulega háar, þá sé nauðsynlegt að fara varlega í túlkun á tölunum.

„Það þarf í raun stórnotendur til þess að hækkanirnar hafi mikil áhrif," segir hann. „Þetta eru miklar hækkanir, en tölurnar eru ekki yfirþyrmandi. Langt frá því." Sigurður segir mikilvægt að gleyma ekki að áfram er ódýrasta orkan í Evrópu hér á landi, þrátt fyrir þessar miklu hækkanir.

Íslendingar hafa ekki verið þekktir fyrir mikla orkunýtni hingað til og segir Sigurður þjóðina eiga mikið inni hvað það varðar. Til að mynda með því að lækka hita í húsum um eina gráðu, spari íbúar 6 prósent um leið og sparperur skili einnig 680 prósenta auknum sparnaði heldur en venjulegar ljósaperur.

Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, er ósammála Sigurði um samanburð Íslands og Evrópu hvað varðar orkukostnað.

„Þetta er ein af þeim auðlindum sem er ódýrari en annars staðar í Evrópu. Ég tel þetta ekki vera beint viðmið. Við eigum auðvitað að vera ódýrari, þetta eru þannig orkuauðlindir," segir hann. Tryggvi telur að eðlilegt sé fyrir Orkuveituna að endurskoða uppsetningu gjaldskrárinnar og skila meiri fjölbreytni í töxtum.

„Ég minnist þess ekki að það geti verið ódýrara að nota þvottavél og þurrkara að næturlagi. Það er í boði fyrir fyrirtæki að nýta orku á lægri tímum og ætti að gefa einstaklingum einnig aukna möguleika á orkunýtingu," segir hann. „Neytendur ættu að fá nákvæmari upplýsingar um tímasetningar helstu álagspunkta til þess að spara sem mest, sé möguleiki á því."

**sunna@frettabladid.is**

## 10 sparnaðarráð Orkuseturs

**Bæta má orkunýtni án aukakostnaðar. Þessi ráð kosta ekkert en geta dregið verulega úr orkukostnaði heimila.**




- Lækka innihita niður í 20°C
- Slökkva alveg á raftækjum, ekki skilja þau eftir í biðstöðu
- Hafa glugga lokaða nema við gagngera loftun
- Ganga eða hjóla styttri vegalengdir
- Fylla ávallt þvottavél og uppþvottavél
- Hafa lok á pottum og pönnum og þekja alla helluna
- Setja gluggatjöld fyrir glugga að næturlagi
- Vistakstur með mjúkum akstri og réttum loftþrýstingi í dekkjum
- Ekki byrgja ofna með húsgögnum eða gluggatjöldum
- Fara í sturtu frekar en bað
- Nota sparljósaperur. Þær skila allt að 680 prósenta meiri orkunýtingu en venjulegar ljósaperur

Neytendasamtökin beina því til fólks að skoða yfirlit kreditkortareikninga:

# Skuldfært gegn vilja neytenda

Nokkuð hefur borið á því að líkamsræktarstöðvar haldi áfram að skuldfæra á kreditkort neytenda eftir að samningstímabili er lokið.

Lögfræðingur Neytendasamtakanna segir dæmi um að neytendur hafi orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni vegna þessa en í sumum tilvikum getur reynst erfitt að fá endurgreitt.

Frá þessu er greint á heimasíðu neytendasamtakanna en þar eru neytendur hvattir til að skoða yfirlit kreditkorta.

Algengt er að líkamsræktarstöðvar bjóði upp á bindisamninga til 12 mánaða. Í sumum tilvikum endurnýjast hins vegar samningurinn sjálfkrafa ef honum er ekki sagt upp formlega. Ennfremur eru dæmi um að uppsagnir á þjónustu eins og tryggingum og internetáskrift skili sér ekki og kreditkort séu því áfram skuldfærð.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, er lögræðingur neytendasamtakanna.

„Við lendum í því að fólk hefur samband og hefur tekið eftir því að það er verið að skuldfæra útaf kreditkorti einni sinni í mánuði vegna upphæðar sem fólk hélt að það væri ekki áskrifandi að eða væri ekki að fá," segir Hildigunnur.

Hún segir að þetta sé nokkuð algengt og í sumum tilvikum geti reynst erfitt að fá upphæðina endurgreidda.

**- hks**




**KREDITKORT** Neytendasamtökin brýna fyrir fólki að fara vel yfir kreditkortareikningana.


30-40%
AFSLÁTTUR
NÝTT BAÐ
Eitt flottasta úrval landsins
69.120 stgr.
O-900
Stærð: 90x50cm
Innifalið í verði:
handlaug og skúffuskápur
ALLIR VINNA
TONA
LIVE CONCEPT
til afgreiðslu af lager
24.900 stgr.
P-7202
Stærð:44 x 24 cm
Innifalið í verði:
spegill, handlaug og handlaugarskápur
29.900 stgr.
P-9042
Stærð:46 x 26 cm
Innifalið í verði:
spegill, hilla,
handlaug og
handlaugarskápur
32.900 stgr.
P-7197
Stærð:55 x 32 cm
Innifalið í verði:
spegill, handlaug og handlaugarskápur
B-1000
99.800 stgr.
Stærð:140 x 48 cm
Innifalið í verði:
handlaug, handlaugarskápur,
hár skápur og ljósaskappi
TONA
LIVE CONCEPT
T-690
70.510 stgr.
Stærð:110x 48 cm
Innifalið í verði:
handlaug, handlaugarskápur
og hliðarskápur
T-730
81.580 stgr.
Stærð: 115 x 48 cm
Innifalið í verði:
handlaug, handlaugarskápur
og hár skápur
INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:
LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR
KRÝSUVÍK
- hjálp til heilbrigðis
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

**100 ERU ÞAU STIG SEM NÝJA INNOVIT-VÍSITALAN SVOKALLAÐA STENDUR Í** Vísitalan var kynnt á haustþingi nýsköpunar- og frumkvöðlasetursins Innovit í gær og tók þá formlega gildi. Vísitalan tekur mið af árangri, áhuga og umhverfi sprota- og frumkvöðlafyrirtækja.



**KAUPHÖLLIN** Mest velta var með hlutabréf Össurar í nýliðnum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Velta með hlutabréf eykst:

## Verslað fyrir 44 milljónir á dag

Heildarviðskipti með hlutabréf í nýliðnum mánuði námu rúmum 935 milljónum króna, eða 44 milljónum að meðaltali á dag. Þessu til samanburðar nam hlutabréfaveltan 661 milljón, eða 30 milljónum króna á dag, í mánuðinum á undan.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í mánaðaryfirliti Kauphallarinnar um veltu með hlutabréf.

Mest var veltan með hlutabréf stoðtækjafyrirtækisins Össurar, eða fyrir 512 milljónir. Á eftir fylgdi velta með hlutabréf Marels upp á 318 milljónir króna. Viðskipti með önnur hlutabréf námu rétt rúmum hundrað milljónum króna.

Íslandsbanki var með mestu hlutdeildina á hlutabréfamarkaði í mánuðinum, eða 43,9 prósent.

# N1 greiðir skuldir eigendanna

**Olíuverðstríð í byrjun sumars kostaði N1 þrjú hundruð milljónir. Félagið er í sjálfskuldarábyrgð við móðurfélagið sem gat ekki greitt milljarðaskuldir um mitt ár. Eigendur gætu selt reksturinn, segir forstjóri Hermann Guðmundsson.**

„Þetta er ekki meira áhyggjuefni en hver önnur endurfjármögnun," segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, en félagið þarf að greiða rúma 16,3 milljarða króna á næstu átta mánuðum.

Líkt og fram kom í hálfsársuppgjöri olíuverslunarinnar sem birt var síðdegis á þriðjudag rennur upp gjalddagi á skuldabréfaflokki N1 í íslenskum krónum upp á rúman 7,1 milljarð króna í lok maí næsta ári. Við það bætast tæplega 9,2 milljarða króna skuld BNT, móðurfélags N1 og tengdra félaga, sem olíuverslunin er í sjálfsskuldarábyrgð fyrir.

Greint var frá því í júlí að hluti lána BNT hafi verið kominn á gjalddaga og hafi ekki verið greitt af þeim á árinu. Unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu skuldanna.

Bræðurnir Benedikt og Einar Sveinssynir, kenndir við Engeyjarættina, eiga helmingshlut í BNT í gegnum fjárfestingafélögin Mátt og Hafsilfur. Bræðurnir tengdust ýmsum viðskiptagjörningum, svo sem með Karli og Steingrími Wernerssonum. Máttur og BNT voru stórir lántakendur Glitnis með tæplega 100 milljóna evra lán hvort við fall bankans, líkt og fram kemur í rannsóknarskýrslu Alþingis.

Ofan á slæma stöðu helstu eigenda N1 litast afkoma olíuverslunarinnar af þrengingum í hagkerfinu. Félagið tapaði 191 milljón króna á fyrstu sex mánuðum ársins sem er talsverður viðsnúningur frá 474,2 milljóna hagnaði á sama tíma í fyrra. Árshlutauppgjörið hefur ekki verið verra frá því BNT tók við rekstrinum árið 2006.

Hermann segir vart hægt að bera uppgjörið nú saman við síðasta ár, en þá var metafkoma. Hann segir aðstæður oft hafa verið betri en nú um stundir. Eftirspurn eftir eldsneyti hafi dregist saman ásamt því sem miklu af framkvæmdum sé lokið og hið opinbera hafi dregið saman í rekstri sínum. Ofan á allt kostaði olíuverðstríð N1 við hin olíufélögin, sem stóð yfir í maí og júní, þrjú hundruð milljónir króna.

Eignir N1 námu tæpum 25,8 milljörðum króna í lok júní og nam eigið fé félagsins rúmum 6,4 milljörðum króna. Langtímaskuldir á móti námu 19,3 milljörðum króna. Þar af nema skammtímaskuldir 18,8 milljörðum króna. Við þær bætast skuldir eigendanna, BNT, sem ekki voru greiddar. Spurður hvernig N1 geti borið alla þá skuldabyrði sem hvíli á rekstrinum svarar Hermann því til að farið verði að vinna í endurfjármögnun skuldabréfaflokksins þegar nær dragi áramótum. Um skuldir eigendanna segir hann: „BNT gæti selt N1 og greitt upp skuldir sína. Það er valkostur en hefur ekki verið skoðaður í neinni alvöru."

jonab@frettabladid.is



**HERMANN GUÐMUNDSSON** Olíuverslunin N1 þarf að endurfjármagna rúmlega sextán milljarða króna skuldir á næstu átta mánuðum. Takist það ekki gæti verið valkostur að selja félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Árshlutareikningur N1

**Lykiltölur Upphæð (í milljónum króna)**

| | *1.1.-30.6 2010* | *1.1-30.6 2009* |
|---|---|---|
| Sala | 21.945 | 17.215 |
| Rekstrarhagnaður | 289 | 1.147 |
| Hagnaður / - tap | -191 | 474 |
| Eigið fé | 6.447 | 6.638 |
| Eignir | 25.765 | 25.292 |
| Handbært fé | 495 | 1.662 |
| Langtímaskuldir | 493 | 7.496 |
| Skammtímaskuldir | 18.8824 | 11.158 |






**FORSTJÓRINN** Kristín Pétursdóttir, einn tveggja stofnenda Auðar Capital, er sátt við tap í erfiðu rekstrarumhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auður Capital tapaði 26 milljónum króna á hálfu ári:

## Verðlagning fyrirtækja orðin eðlilegri

Auður Capital tapaði 26 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Til samanburðar nam tapið á sama tíma í fyrra 55 milljónum.

Í uppgjöri fjármálafyrirtækisins sem birt var í gær kemur fram að tekjur fyrirtækisins hafi numið 315 milljónum króna samanborið við 178 milljónir króna árið á undan. Það jafngildir 77 prósenta aukningu á milli ára. Rekstrarkostnaður jókst að sama skapi. Hann nam 327,5 milljónum króna, sem er 42 prósentum meira en í fyrra.

Eignir í stýringu hjá Auði Capital námu 27 milljörðum króna í lok júní og er það sextíu prósenta aukning á milli ára. Eigið fé í enda tímabilsins nam 1,1 milljarði og stóð eiginfjárhlutfallið í 85 prósentum.

Aukið umfang Auðar Capital endurspeglast ekki síst af því hversu ungt fjármálafyrirtækið er. Auður Capital var stofnað árið 2007 og hóf formlega störf skömmu eftir áramótin 2008.

Fjárfestingarsjóðurinn Auður I var settur á laggirnar snemma sama ár með fjárfestingum frá 23 fjárfestum, svo sem helstu lífeyrissjóðum landsins. Eftir því sem næst verður komist hafa þeir greitt þjónustugjöld fyrir eignir í stýringu síðan þá þótt fjárfestingar hafi að mestu legið niðri þar til á þessu ári. Sjóðurinn á nú meðal annars fjarskiptafélagið Tal, heilsuvörubúðina Yggdrasil auk fimmtungshlutar í Securitas og Gagnavörslunni.

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, er sátt við afkomu félagsins miðað við þær aðstæður sem ríkt hafi í efnahagslífinu. Hún segir ástæðuna fyrir því að fjárfestingar hafi dregist þá að fyrirtæki hafi almennt verið of hátt verðlögð á sama tíma og blikur voru á lofti. Auður Capital hafi því farið sér hægt í upphafi. „Við höfum unnið mjög lengi með næstum öll verkefnin okkar, sum í eitt og hálft ár. En það hefur verið frost á markaðnum og erfitt að ljúka fjárfestingarverkefnum. Það er tilviljun að það losnaði um allt í vor," segir Kristín. „Við erum með nokkrar aðrar fjárfestingar sem við höfum unnið að lengi. Þeirri vinnu munum við vonandi ljúka á næstu vikum og mánuðum enda verðlagning fyrirtækja orðin eðlilegri," segir hún. - jab

# ÍSLENSK GÆÐARÚM

**Framleiðum rúm í öllum stærðum!**



**30% AFSLÁTTUR**

**HAUSTÚTSALA**
**VIÐ FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNA VEGNA HAGSTÆÐS GENGIS!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

**Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?**
**Vaknarðu oft með verki í mjöðm?**
**Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?**
**Sefurðu illa vegna annara óþæginda?**

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
  slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**



### 30% AFSLÁTTUR
**AF ÍSLENSKUM HEILSURÚMUM**

**VERÐDÆMI:**

Íslensk rúm:
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur:
80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-



### ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**

**Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.600,-**



## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikilvæg og siðuð umræða um kosti og galla Evrópusambandsaðildar.

## Yfirvegun í stað stóryrða

Þingsályktunartillaga um að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu verði dregin til baka er meðal þeirra mála sem kunna að verða rædd og jafnvel afgreidd á septemberþingi sem hefst í dag.

Í Fréttablaðinu í dag birtist niðurstaða skoðanakönnunar sem Capacent gerði nú í ágústlok fyrir samtökin Sterkara Ísland. Niðurstaða hennar er að 45,5 prósent þjóðarinnar eru andvíg áframhaldandi samningaviðræðum, 38,8 prósent vilja að viðræðunum verði haldið áfram.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Enn er sem sagt meirihluti fyrir því að draga aðildarumsóknina til baka áður en viðræður eru í raun hafnar. Andstaðan er þó ekki jafnmikil og hún var í júníbyrjun þegar sambærileg könnun var gerð fyrir Andríki á vegum Markaðs- og miðlarannsókna. Þá vildu aðeins 24,3 prósent þjóðarinnar halda viðræðunum áfram en 57,6 prósent vildu að umsóknin yrði dregin tilbaka.

Fyrir liðlega ári þegar Alþingi samþykkti að sækja um aðild að Evrópusambandinu sýndu skoðanakannanir hins vegar að meirihluti þjóðarinnar var hlynntur aðildarumsókn og hafði svo verið um allnokkurt skeið. Þekkt er að það sem skipti sköpum um afstöðubreytinguna voru samskipti Íslands við Breta og Hollendinga vegna Icesave-deilunnar. Þrátt fyrir að Evrópusambandsumræðan hafi alltaf verið nokkuð tilfinningaþrungin þá urðu hvörf í tengslum við Icesave-deiluna.

Krafan um að ekki verði látið á það reyna hverjir kostir og gallar aðildar geti orðið fyrir þjóðina heldur verði umsóknin dregin til baka er furðuleg. Sú krafa verður ekki túlkuð öðruvísi en svo að einhverjir óttist umræðu sem byggir á raunverulegum samningsdrögum. Þinginu ber vonandi gæfa til að slá þessa tillögu út af borðinu því með henni er lokað á þá umræðu sem nauðsynlegt er að eigi sér stað en greinilegt er að ákveðnir hagsmunahópar kæra sig ekki um að hún fari fram.

Það verður að ræða Evrópusambandsaðildina meðan á samningaferlinu stendur en umræðan flyst þó á allt annað plan þegar drög að samningi liggja fyrir. Það er ekki fyrr en þá sem eitthvað er raunverulega fast í hendi með það hvað aðildin þýðir fyrir afkomu þjóðarinnar; hvernig áhrif hún hefur á rótgrónar atvinnugreinar, viðskiptaumhverfið, efnahagslífið og síðast en ekki síst daglegt líf venjulegs íslensks launafólks og neytenda.

Óábyrgur, tilfinningaþrunginn og gífuryrtur málflutningur þegar kemur að Evrópusambandsaðild er ekki bara lítt fallinn til að byggja á upplýsta ákvörðun heldur einnig bæði leiðinlegur og jafnvel beinlínis mannskemmandi. Vonandi ber þjóðinni gæfa til að eiga skynsamlegt og upplýst samtal um kosti og galla aðildar, ekki bara fyrir tiltekna hagsmunahópa heldur ekki síður fyrir fólk sem lærir, giftist og eignast börn, vinnur og fer á eftirlaun, kemur sér upp húsnæði, fer í ferðalög og þar fram eftir götunum; venjulegt fólk.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AUGLÝSING NIÐURSTÖÐU BÆJARSTJÓRNAR REYKJANESBÆJAR

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 18. maí 2010 tillögu að Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024, með breytingum í samræmi við framkomnar athugasemdir.

Hægt er að nálgast samþykkt skipulag á vef Reykjanesbæjar, reykjanesbaer.is, ásamt umhverfisskýrslu, athugasemdum og svörum Reykjanesbæjar.

**Árni Sigfússon, bæjarstjóri**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Atlanefnd að ljúka störfum**

Nefnd Atla Gíslasonar alþingismanns um viðbrögð við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á að ljúka störfum í næstu viku. Þá kemur í ljós hvort Landsdómur verður kallaður saman til þess að fjalla um hugsanleg brot ráðherra í ríkisstjórn Geirs H. Haarde, í aðdraganda hrunsins.

Björgvin G. Sigurðsson sagði af sér viðskiptaráðherraembætti eftir hrun og síðan þingmennsku meðan beðið var eftir því að nefnd Atla lyki störfum.



**Björgvin á bók**

Björgvin hefur ekki setið auðum höndum. Í október kemur út bók sem hann hefur verið að skrifa um síðustu þrjú árin í lífi sínu og þjóðarinnar. Karl Th. Birgisson er útgefandi bókarinnar og ráðgjafi Björgvins við skrifin. Hrunið haustið 2008 og aðdragandi þess er vitaskuld í fyrirrúmi frá og með ríkisstjórnarmynduninni vorið 2007. Fram er komið að Ingibjörg Sólrún og Geir Haarde héldu fjölmarga fundi haustið 2008 með Seðlabanka, Fjármálaeftirliti og meira að segja aðstoðarmanni Björgvins án þess að hann sjálfur væri hafður með í ráðum.



**Fullkominn stormur**

Þetta ræðir Björgvin af hreinskilni, segja vinir hans sem hafa lesið handritið sem fer í prentun á næstu dögum. Vinnuheiti bókarinnar er Fullkominn stormur.

peturg@frettabladid.is

### HALLDÓR




## Rányrkja á makríl

Efnahagsmál



Ingólfur Steinsson
ritstjóri og tónlistarmaður

Makalaust er að hlusta á viðbrögð íslenskra ráðamanna og útvegsmanna við óskum Evrópuþjóða um að við höldum aftur af okkur við makrílveiðar. Makríll er nýja silfrið á Íslandsmiðum. Allir muna hvernig fór með síldina. Hún var hreinsuð upp og stofninn hefur ekki borið sitt barr síðan.

Nú skal makrílnum ausið og breytt í milljarða fyrir stórskuldugan ríkissjóð. Eins og venjulega láta Íslendingar skoðanir og óskir annarra þjóða sem vind um eyru þjóta. Við erum alltaf í fullum rétti, veiðum eins og okkur sýnist! Hvað eru þeir að blanda sér í málefni Íslands? Eitthvað á þessa leið talar ráðherra sjávarútvegsmála þessa dagana. Gott ef tilmæli Evrópusambandsins eru ekki orðin enn ein sönnun þess að við höfum ekkert að gera þangað inn. Þar vilja menn bara ráðskast með okkur, við fáum engu að ráða og fiskimiðin verða tekin af okkur og íslenskur landbúnaður liggur óbættur hjá garði! Það fer um mann hrollur við að hlusta á ráðherrann réttlæta rányrkju Íslendinga á makríl.

Hins vegar kemur ekki á óvart að LÍÚ rífi kjaft. Það gerir FJA alltaf þegar einhver dirfist að hafa aðrar skoðanir á fiskveiðistjórnunarmálum en hann sjálfur. Þetta er hrokinn sem kom okkur í þá stöðu sem við erum í núna, sá sami og ungu mennirnir sýndu, þeir sem völtuðu yfir Evrópu og keyptu upp fyrirtæki á lánum og aftur lánum. Evrópumönnum blöskraði hroki þeirra og hafa sýnt Íslendingum litla samúð eftir hrun. Þessir menn þóttust allt kunna, vita og geta og fóru svo á hvínandi hausinn með allt saman og þjóðfélagið riðaði til falls. Nú eru heilu sveitarfélögin í Bretlandi og Hollandi á barmi gjaldþrots vegna fjárglæfra Íslendinga.

Okkar menn í bönkunum höfðu stórfé af þessu fólki en svo þegar kemur að skuldadögum þá þykir það fáránlegt að ætlast sé til að þeir beri nokkra ábyrgð.

Vinstri grænir voru á þessum árum eins og rödd hrópandans í eyðimörkinni og virðast margir fastir í því hlutverki. En til að geta látið ríkissjórn tveggja flokka ganga upp þarf að gera málamiðlanir. Það virðast þeir margir eiga erfitt með.

Ég hélt þó alltaf að þeir væru nokkuð sannir umhverfissinnar. En málpípa þeirra í ráðuneyti sjávarútvegsmála hljómar svo sannarlega ekki þannig þessa dagana. Honum virðist að minnsta kosti ekki umhugað um verndun makrílstofnsins í samvinnu og sátt við þær nágrannaþjóðir sem byggt hafa á veiðum og vinnslu makríls um langt skeið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Um nýja stjórnarskrá

Í DAG



**Þorvaldur Gylfason**
prófessor

Stjórnarskrá Íslands, sem samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu við lýðveldisstofnunina á Þingvöllum 17. júní 1944, er í öllum meginatriðum samhljóða stjórnarskrá Danmerkur. Það eru því ekki endilega annmarkar á stjórnarskránni, sem knýja á um, að þjóðin setji sér nú nýja stjórnarskrá, enda hefur Danmörku vegnað býsna vel. Danir gerðu að vísu nokkrar breytingar á stjórnarskrá sinni 1953 einkum vegna hugsanlegrar inngöngu í Evrópusambandið síðar, en Íslendingar hafa ekki gert samsvarandi breytingar, að frátöldum nýjum mannréttindakafla. Þessi munur skiptir þó ekki miklu máli.

Hrunið 2008 stafaði ekki af stjórnarskránni, en hún hefði þurft að girða fyrir ofríki framkvæmdarvaldsins. Stjórnmálastéttin hefur sýnt stjórnarskránni tómlæti og litla virðingu. Stjórnarskrárnefndir skipaðar fulltrúum allra þingflokka hafa setið að störfum um langt árabil án þess að skila nokkrum umtalsverðum árangri. Þó tók steininn úr, þegar stjórnmálamenn færðu útvegsmönnum fyrst ókeypis aðgang að sameignarauðlindinni í hafinu umhverfis Ísland með upptöku kvótakerfisins og tóku síðan, þegar allt var um garð gengið, að tala um nauðsyn þess að færa sameign þjóðarinnar á auðlindum inn í stjórnarskrána. Tímasetningin segir sitt.

## Mannréttindabrot

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna birti 2007 bindandi álit þess efnis, að fiskveiðistjórnarlögin brjóti gegn mannréttindum samkvæmt alþjóðasáttmálum, sem Ísland hefur fullgilt, og þá einnig gegn samhljóða ákvæðum í stjórnarskránni, svo sem Hæstiréttur hafði áður úrskurðað. Stjórnvöld sýna því þó engan áhuga enn að nema mannréttindabrotaþáttinn burt úr löggjöfinni. Fyrsta meirihlutastjórn vinstri flokkanna frá upphafi skipar sér í sveit með gömlu helmingaskiptaflokkunum, enda má telja víst, að flokkarnir hafa allir og tengdir aðilar tekið við fúlgum fjár frá útvegsfyrirtækjum líkt og frá bönkum og öðrum útrásarfyrirtækjum, svo sem Ríkisendurskoðun lýsti í skýrslu sinni um málið í árslok 2009.

Ríkisstjórnin hefur sent Mannréttindanefnd SÞ langt nef með því að gera að sínu svari fráleitt svarbréf fyrri ríkisstjórnar til nefndarinnar. Ríkisstjórnin virðist nú í þokkabót búast til að falla frá afdráttarlausu ákvæði í eigin málsefnasamningi um fyrningu aflaheimilda. Þess verður nú að krefjast af fullum þunga, að fjárstuðningur útvegsfyrirtækja við stjórnmálaflokkana aftur í tímann verði dreginn fram í dagsljósið. Það liggur fyrir, að flokkarnir gengu fyrir fjárveitingum frá bönkunum og skyldum fyrirtækjum, svo sem Ríkisendurskoðun hefur upplýst og ég lýsti hér í blaðinu 14. janúar síðast liðinn. Við eigum enn eftir að fá sams konar greinargerð um fjárhagstengsl útvegsfyrirtækja og stjórnmálaflokka. Það þolir ekki lengri bið.

> Þess verður nú að krefjast af fullum þunga, að fjárstuðningur útvegsfyrirtækja við stjórnmálaflokkana aftur í tímann verði dreginn fram í dagsljósið

## Hreint borð

Þörfin fyrir nýja stjórnarskrá helgast af nauðsyn þess að byrja upp á nýtt, frá grunni, með hreint borð. Stjórnmálastéttin kallaði hrunið yfir landið ásamt meðreiðarsveinum sínum í bönkum og útrásarfyrirtækjum eins og rannsóknarnefnd Alþingis lýsir glöggt í skýrslu sinni. Undan þeirri staðreynd verður ekki vikizt. Þjóðin á nú þann kost vænstan að byrja upp á nýtt með því að setja sér nýja stjórnarskrá og nota þá tækifærið til ýmissa gagngerra breytinga og til að senda umheiminum skýr skilaboð um nýtt upphaf og nýja siði. Aðrar þjóðir hafa sett sér nýjar stjórnarskrár við mikilvæg vatnaskil í sögu sinni. Þjóðverjar settu sér nýja stjórnarskrá eftir heimsstyrjöldina síðari. Suður-Afríkumenn settu sér nýja stjórnarskrá við valdatöku svarta meiri hlutans eftir hrun aðskilnaðarstjórnarinnar 1994. Þessar tvær stjórnarskrár geta reynzt góðar fyrirmyndir handa Íslendingum. Mannréttindakaflar beggja skjala eru prýðilegir og í takti við tímann.

Gagnger breyting á stjórnarskránni nú býður upp á gagnger umskipti í stjórnskipaninni. Tækifærið til þess þarf nú að nýta með því að búa vel um valdmörk og mótvægi framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds og kannski einnig eftirlitsvalds að taívanskri fyrirmynd líkt og Reynir Axelsson dósent lýsti á málþingi um stjórnarskrármál í Skálholti 28. ágúst síðast liðinn. Ýmsar aðrar breytingar þyrfti einnig að gera. Þingmönnum þarf að fækka úr 63 í til dæmis 49, 35 eða jafnvel 21. Forseti Íslands þarf að hafa heimild til að vísa til þjóðaratkvæðis bæði lagafrumvörpum, sem þingið samþykkir líkt og fjölmiðlafrumvarpið 2004 og IceSave-frumvarpið 2009, og frumvörpum, sem þingið hafnar, en þó ekki frumvörpum um skatta og skuldir. Með því móti væri girt frekar fyrir getu Alþingis til að ganga gegn vilja fólksins í landinu. Ræða þarf í þaula gamlar og gildar hugmyndir um að gera landsstjórnina óháða stjórnmálaflokkunum og löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið óháðara hvort öðru með því að auka völd forseta Íslands og fela honum jafnvel að tilnefna ríkisstjórn líkt og Gylfi Þ. Gíslason og Ólafur Jóhannesson lýstu eftir í Helgafelli 1946.

AF NETINU

### Skortur á dirfsku

Nú virðast flokkarnir ætla að ráðast í breytingar á ríkisstjórninni sem beðið hefur verið eftir,
Og það er talað um að Gylfi og Ragna hverfi á braut. Utanflokkaráðherrarnir.
Það er auðvelt að reka þau – þau hafa ekkert bakland í flokkunum, enga stöðu.
En það virðist vera erfitt að hrófla við flokksmönnum. Þegar þeir eru á annað borð komnir í ráðherrastóla er nánast ómögulegt að slíta þá frá þeim.
Allt ber þetta vott um skort á dirfsku. Og það er kjarkleysi sem að mörgu leyti einkennir þessa stjórn. Hún þorir ekki að víkja frá gömlum normum.
Og svo er hún ákvarðanafælin – henni finnst til dæmis miklu auðveldara að kalla eftir flötum niðurskurði út um allt kerfið en að ráðast í alvöru kerfisbreytingar.
Þar mætti hún kannski taka nýju stjórnina í Bretlandi aðeins til fyrirmyndar.

silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




SVENSKA KRAFTNÄT
ENERGINET.DK
Statnett
FINGRID
LANDSNET
Landsnet hf. var stofnað árið 2005 til að annast flutning á raforku á Íslandi. Landsnet stýrir uppbyggingu og stjórnun raforkuflutningskerfisins. Landsnet tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Hjá Landsneti starfa nú um 100 manns.

# Umræðan um álver í Helguvík

Umhverfismál

**Svandís Svavarsdóttir**
umhverfisráðherra



Í það rúma ár sem ég hef gegnt embætti umhverfisráðherra hafa talsmenn álvers í Helguvík haldið uppi áróðri um að atvinnuleysi Suðurnesjamanna sé að miklu leyti á ábyrgð umhverfisráðherra. Sá áróður hefur litlu skilað nema ef vera skyldi að auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins hafi örlítið aukist síðustu þrjá mánuði síðasta árs. Stóryrði hafa fallið jafnt hjá fulltrúum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem og fulltrúum sveitarstjórnarmeirihlutans í Reykjanesbæ og nærliggjandi bæjarfélögum, nú síðast hjá bæjarstjóranum í Garði, Ásmundi Friðrikssyni. Þótt flestir virðist nú loks hafa áttað sig á að það er ekki við stjórnvöld að sakast í þessum efnum heldur er vandinn fyrst og fremst skortur á fjármagni og erfiðleikar við orkuöflun, þá situr bæjarstjórinn við sinn keip og er staðráðinn í að kenna umhverfisráðherra um að hindra framkvæmdir. Haft er eftir honum í Morgunblaðinu 31. ágúst að honum finnist að hraði þeirra mála sem fari í umhverfisráðuneytið sé mældur í jarðfræðilegum tíma þar sem 300 ár eru augnablik. Þessi ummæli endurspegla litla þekkingu bæjarstjórans á málinu sjálfu og opinberum réttarreglum sem stjórnvöldum ber að hafa í heiðri sem handhafar opinbers valds.

Í ljósi þessara ummæla skal áréttað að allar skipulagsáætlanir sem umhverfisráðherra hefur fengið til staðfestingar og lúta að uppbyggingu fyrirhugaðs álvers í Helguvík hafa verið afgreidd að einu undanskildu. Þar er um að ræða breytingu á aðalskipulagi Ölfuss vegna fyrirhugaðrar Hverahlíðarvirkjunar og Bitruvirkjunar. Eins og greint var frá í nýlegri fréttatilkynningu umhverfisráðuneytisins er afgreiðsla þess skipulags í eðlilegum farvegi í ráðuneytinu. Ummæli bæjarstjórans hljóta í þessu tilliti að teljast léttvæg. Hitt er alvarlegra að ummælin endurspegla litla virðingu fyrir vandaðri stjórnsýslu og réttindum almennings.

**Stjórnsýsla til fyrirmyndar**

Markmið skipulags- og byggingarlaga er m.a. að tryggja að réttaröryggi einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borið og að mannvirkjagerð fái faglegan undirbúning. Hvorki umhverfisráðherra né stofnunum umhverfisráðuneytisins er leyfilegt að leggja þessi markmið laganna til hliðar til að flýta fyrir afgreiðslu mála.

Réttaröryggi borgaranna í samskiptum sínum við stjórnvöld er líka tryggt með stjórnsýslulögum. Í þeim felst m.a. að áður en stjórnvald tekur ákvörðun er því skylt að kalla eftir gögnum sem nauðsynleg eru til þess að hægt sé að taka efnislega rétta ákvörðun. Þessar leikreglur eru settar stjórnvöldum til aðhalds. Það væri beinlínis brot á lögum að víkja þessum leikreglum til hliðar til að hraða málum í gegnum stjórnkerfið vegna þess að pólitískur vilji stæði til þess eða að um það hafi verið samið. Ef það er vilji til að slaka á aðhaldi við meðferð opinbers valds þá er það ekki í hlutverki framkvæmdavaldsins, þ.e. ráðherra, að breyta því. Það er Alþingis að setja þær leikreglur sem framkvæmdavaldinu er ætlað að starfa samkvæmt.

**Upplýstur grundvöllur ákvarðana**

Umhverfisráðherra hefur m.a. það hlutverk samkvæmt lögum að staðfesta skipulag sveitarfélaga. Það hlutverk tek ég alvarlega, enda fela lögin í sér skyldu umhverfisráðherra til að hafa eftirlit með því að rétt sé að verki staðið við gerð slíks skipulags. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna varpar mikilvægu ljósi á þessa skyldu og ábyrgð ráðherra. Niðurstaða nefndarinnar var m.a. sú að stjórnvöld hafi tekið afdrifaríkar ákvarðanir án þess að afla sér nægilegra upplýsinga um mögulegar afleiðingar þeirra. Allir handhafar opinbers valds eiga að draga lærdóm af skýrslunni, það hef ég gert og vonandi mun bæjarstjórinn í Garði gera slíkt hið sama.

# Fjör á frístundaheimilum

Íþróttir og tómstundir

**Eva H. Baldursdóttir**
lögfræðingur og varaformaður Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar



Á vegum Reykjavíkurborgar eru starfandi fleiri tugir frístundaheimila víðs vegar um borgina. Frístundaheimilin eru rekin af Íþrótta- og tómstundasviði og eru ætluð fyrir börn í 1. til 4. bekk.

Um er að ræða dagvistun fyrir börn þegar grunnskólum lýkur þangað til foreldrar hafa lokið vinnu.

Við rekstur frístundaheimila er tekið mið af fjölgreindarkenningum um þroska barna sem leiðir til þess að dagskrá er mjög fjölbreytt þar sem börnin geta þreifað á hinum ýmsu tómstundum. Auk þess er lögð mikil áhersla á að skapa afslappað og heimilislegt andrúmsloft í frístund. Hefðbundin dagskrá frístundaheimilanna er sambland af skipulegri dagskrá og frjáls leiks, hópastarfs og einstaklingsframtaks, og börnin kynnast margbreytilegu tómstundastarfi sem tengjast listum, íþróttum, tölvum og hvaðeina svo tryggt er að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Það er því óhætt að segja að það sé fjör á frístundaheimilum!

Nú liggur fyrir að aðsókn barna á frístundaheimilin er í sögulegu hámarki en hátt í 3.300 umsóknir um dvöl hafa borist. Á fjáhagsáætlun fyrir árið 2010 var hins vegar gert ráð fyrir 2.600 plássum, sem var aukning um 500 pláss frá árunum áður. Erfitt er enda að segja til um með nákvæmum hætti hversu mörg börn óska eftir dvöl á frístundaheimili á hverju ári, en meðal annars var talið að vegna ákveðinna þátta í samfélaginu gæti aðsókn minnkað frekar en aukist. Fyrir tæpum tveimur vikum bárust hins vegar liðlega 300 umsóknir sem er mikil aukning frá því sem reiknað var með. Sú aukning hefur í för með sér töluvert hærri rekstrarkostnað frístundaheimila fyrir Reykjavíkurborg, sem og að manna þarf allar stöður og huga að því að koma börnum fyrir í húsnæðiskosti borgarinnar. Það er svo önnur umræða sem ekki er hægt að reifa hér tómsins vegna, hvort ekki eigi að herða reglur um lokatíma á umsóknum og með því að koma í veg fyrir meiri háttar rekstrarvandkvæði. Að minnsta kosti gefur það augaleið að þegar 300 umsóknir um vistun barna á frístundaheimili berast á síðustu stundu þarf í fyrsta lagi að finna starfsfólk og í öðru lagi að mæta kröfum um húsnæðiskost, sem uppfylla skilyrði um rýmisþörf hvers barns, og að gera þetta tvennt á sem hagkvæmastan hátt í því efnahagslega umhverfi sem borgin býr nú við. Í því sambandi ber að nefna að þjónustan er niðurgreidd að miklu leyti af borginni. Starfsfólk Íþrótta- og tómstundasviðs sem sér um rekstur frístundaheimilanna á því hrós skilið, en það vinnur að því hörðum höndum að leysa áðurnefnd atriði á mettíma!

Húsnæðisvandamál sem kom upp í tengslum við rekstur frístundaheimilisins Skýjaborga við Vesturbæjarskóla var mjög miður en ljóst var að hin færanlega kennslustofa var ekki fulltilbúin og afleit lausn að takmarka leiksvæði barnanna svo sem raun bar vitni. Ákvörðun um notkun hennar hafði þó verið tekin í maí síðastliðinn og haft samráð við alla hlutaðeigandi aðila. Slíkar færanlegar kennslustofur hafa aukinheldur verið notaðar undir starfsemi frístundaheimila sem tímabundin lausn á húsnæðisvanda á öðrum stöðum í Reykjavík. Nú eru hins vegar starfsmenn Reykjavíkurborgar að mæta vandamálinu og liggur brátt fyrir viðeigandi lausn fyrir alla með hagsmuni barnanna í forgrunni. Að þessu vinna nú starfsmenn Íþrótta- og tómstundasviðs hörðum höndum, til að tryggja það mikilvæga verkefni að hafa áfram mikið gaman og mikið fjör á frístundaheimilum og hlúð sé að börnunum okkar með kærleik að leiðarljósi.

# Til varnar líffjölbreytni á Íslandi – síðari grein

Náttúra Íslands

**Vilhjálmur Lúðvíksson**
áhugamaður um náttúru Íslands, sjálfbæra ræktun og aukna líffjölbreytni



Í fyrri grein höfundar var bent á að beitt væri hugmyndfræðilega litaðri og óvísindalegri túlkun á hugtakinu „líffræðilegum fjölbreytileika“ í Ríó-sáttmála Sameinuðu þjóðanna til að réttlæta herferð gegn svokölluðum „ágengum framandi lífverum“, aðallega lúpínu og skógarkerfli. Dregið var í efa að aðstæður hér á landi kölluðu á aðgerðir í skilningi Ríó-sáttmála þar sem hér á landi vex líffjölbreytileiki og ekki hefur verið sýnt fram á að neinni tegund eða lífsamfélagi sé hætta búin. Líklega má með hliðstæðum hugmyndafræðilegum rökum réttlæta herferð gegn fleiri tegundum sem telja má „ágengar og framandi“ að mati einhvers hóps. Hér er fjallað um réttmæti þess að stjórnvöld grípi yfirleitt til aðgerða á þessu sviði .

**Mikilvirk, sjálfbær landgræðsluplanta**

Alaskalúpínan er einn afkastamesti frumherjinn í þessu efni og hefur þegar skipt sköpum í því uppgræðslustarfi sem hér hefur verið stundað. Hún breiðist út þar sem áður var örfoka eða rofið land og gæðir jarðveginn frjósemi sem áður var eytt. Upp rís nýtt lífríki með jarðvegsörverum og jarðvegsdýrum sem búa í haginn fyrir nýtt gróðurlendi með innlendum og aðfluttum tegundum – allt eftir aðstæðum og ásetningi manna. Og ný lífsamfélög eru líka að verða til m.a. með aðstoð lúpínunnar. Skógurinn er nú að breiðast út sjálfkrafa (sjálfbær) á landinu sem lúpínan hefur forunnið. Hann laðar að sér margar indælar tegundir fugla bæði „innlendar“ eins og músarindil, hrossagauk, auðnutitling og skógarþröst sem fjölgar óðum og svo „framandi“ nýbúa eins og glókoll, svartþröst og krossnef. Reyndar fer útbreiðslan fram að hluta með hjálp þeirra tegunda sem nýta hið nýja gróðurlendi. Skógarþröstur er þar mikilvirkur að dreifa fræjum. Þar sem nýtur birtu í skóginum vex upp fjölbreyttur svarðgróður og berjarunnar vaxnir af fræi bornu af fuglum. Niturbindandi innlendar tegundir eins og umfeðmingur, giljaflækja og fuglaertur breiðast hratt út. Niturneytandi tegundir fylgja svo í kjölfarið bæði innlendar tegundir á borð við ætihvönn, sigurskúf sem og reyni, birki, víði og einnig aðfluttar tegundir eins og rifs, sólber, hindber, yllir og fleiri berjarunnar ásamt skógarkerfli, Spánarkerfli og geitkáli og fleiri tegundum.

Sumar þessara tegunda, bæði innlendar og framandi, geta um tíma orðið hvimleiðar meðan þær þekja landið og gera það erfitt yfirferðar eða þær komast í garðlönd þar sem menn vilja rækta aðrar tegundir til fegurðar og yndisauka. Það réttlætir þó ekki herferð gegn þeim kostaða af opinberu fé.

Það getur verið að sú „líffræðilega fjölbreytni“ í örfoka gróðurlendum, holtum og melum sem nokkrir grasafræðingar hafa reynt að skrá með því að telja fjölda viðurkenndra, villtra íslenskra háplantna bíði einhvern hnekki. Ég mótmæli hins vegar slíkum einhliða mælikvarða á „líffræðilega fjölbreytni“ sem hugmyndafræðilega litaðri og óvísindalegri túlkun á Ríó-sáttmálanum. Ég lít svo á að sú þröngsýni í túlkun sé út í hött á tímum þegar hraðfara loftslagsbreytingar ganga yfir, samgöngur eru jafn greiðar milli Íslands og raun ber vitni og líftegundum fjölgar hratt – bæði þeim sem við teljum æskilegar og þeim sem við erum ekkert sérstaklega hrifin af.

**Vaxandi fjölbreytni lífríkisins – óraunhæf og óþörf herferð**

Ísland er ekki lengur líffræðilega einangruð eyja. Fjölbreytni lífríkisins á Íslandi vex nánast með degi hverjum bæði með og án tilverknaðar mannsins. Á heildina litið verður það til góðs þótt einstakar tegundir örvera, jurta og skordýra geti valdið okkur einhverjum tímabundnum skráveifum. Minna hefur orðið úr faröldrum undanfarinna ára en fræðingar spáðu þótt orðið hafi staðbundin og tímabundin skaðar. Það þekki ég af eigin reynslu.

Allar jurtir geta orðið illgresi í garðinum okkar þegar þær vaxa á stöðum þar sem við viljum láta aðrar plöntur vaxa. En útrýmingarherferð gegn einstökum tegundum á kostnað almennings á engan rétt á sér. Slíkar útrýmingartilraunir skila litlum árangri. Eiturherferðir og upprót skaðar miklu fleiri lífverur en tilgangurinn var að uppræta og fræbanki er þegar orðið til í jarðveginum. Það sem raunverulega á sér stað er að verið er að tefja náttúrulega gróðurframvindu. Raunar er það siðferðilega umhugsunarvert hvernig opinberum aðilum kemur slíkt til hugar án þess að fram fari yfirvegaðar rannsóknir á meintri skaðsemi viðkomandi tegundum. Engar marktækar rannsóknir hafa farið fram á slíkri meintri skaðsemi sem reyndar er afar illa skilgreind. Hér er út í hött að vísa til hinna sögulegu fordæma um eyðingu refa og minka enda hafa sömu yfirvöld dregið úr viðleitni til að halda þeim tegundum í skefjum. Þar er þó um þekkt áhrif á landsnytjar og búskap að ræða. Ekki hefur verið sýnt fram á nein slík efnahagsleg áhrif lúpínu eða skógarkerfils á landsnytjar – nema síður sé.

Ég mótmæli því áformum umhverfisráðherra og lít á það sem gróflega sóun á almannafé verði farið út í kostnaðarsamar aðgerðir af opinberri hálfu til að útrýma eða hefta útbreiðslu þessara tegunda. Það hljóta að vera önnur brýnni verkefni í þágu þjóðarinnar sem kalla á almannafé um þessar mundir. Ég mótmæli einnig þeirri hugmyndafræði sem býr að baki þessum áformum ráðherra.

## AF NETINU

### Ómarktækt Alþingi?

Taki alþingi upp á þeim undarlegheitum að draga umsóknina til baka, tekur ESB varla vel í frekari umsóknir Íslendinga á næstu árum; eða hvað? Sem skattgreiðandi innan ESB sýnist mér margt mikilvægara en dekstur við þjóð sem virðist sammála um það eitt að útlendingar séu hættulegir (afsakið alhæfinguna, sem vissulega er ósanngjörn).

Vægar orðað; brenni alþingi brúna að baki þjóðinni, er a.m.k. ekki sjálfgefið að Evrópa eyði tíma og fjármunum í að endurbyggja hana á næstunni. Næg er óráðssían þegar í því ágæta sambandi.

Ef meirihluti er fyrir því að draga umsóknina til baka, hlýtur maður að vona að sjaldséð skynsemi grípi um sig í þingsal og tillögunni verði breytt á þann veg að umsókn fari í salt. Fordæmi finnast fyrir því, muni ég rétt, og það liti betur út.

Frumvarpið – eins og það er í dag – virðist hreinlega samið til þess að staðfesta fyrir heimsbyggðinni að alþingi Íslendinga sé algerlega ómarktækt og því skyldi aldrei treysta.

eyjan.is

**Baldur McQueen**

### Biskopus temporaris

Auðvitað væri kirkjan trúverðugri ef Karl stigi til hliðar og einhver utanaðkomandi valdakerfinu yrði sett eða settur „biskopus temporaris“. Á móti kæmi að það myndi auka á ringulreiðina og Karli biskupi er margt vel gefið og gæti enn haldið vel á málum.

Hitt er annað að enginn biskup ætti að sitja lengur en í 8-10 ár.

Eftir þann tíma þarf að laga til í hvaða stjórnkerfi sem er. Þá ætti að taka til endurskoðunar hvernig biskup er kosinn. Nú er hann kosinn af prestum og örfáum leikmönnum. Best væri að kjósa hann í almennum kosningum alls þjóðkirkjufólks. Til þess að vit yrði í málum mætti þrengri hópur kjósa 4 manneskjur sem kosið yrði á milli tvær konur og tvo karla, tvo guðfræðinga og tvo ekki guðfræðinga. Biskup þyrfti ekki að vera prestvígður maður. Ágætt væri að hann væri guðfræðingur en hann mætti alveg vera sjálfmenntaður slíkur.

eyjan.is

**Séra Baldur Kristjánsson**

**nýtt**

# Kjöt bollu réttur vikunnar



## 745,-

10 kjötbollur í lífrænni IKEA pastasósu með spaghetti

## Sænskar kjötbollur með nýju ívafi

Nú færum við kjötbollurnar í nýjan búning og prófum vikulega nýja rétti með þessu vinsæla hráefni.

**Hver réttur verður á matseðlinum frá fimmtudegi til miðvikudags.**

**Tilboð vikunnar í Sænska matarhorninu**




## 1.395,-

Sænskar kjötbollur, frosnar 1kg

***Prófaðu þig áfram heima!***

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

IKEA®

**Verslunin opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# Þjóðin ræður

Evrópumál

Ögmundur Jónasson
alþingismaður



Séra Þórir Stephensen beinir til mín spurningu í grein sem hann skrifar í Fréttablaðið 21. ágúst. Hann segir: „Ögmundur Jónasson birti … nýlega grein í Mbl. „Virkisturn í norðri" heitir hún. Hann vænir ESB um ýmislegt í eftirfarandi málsgrein: „En ekki mun standa á styrkveitingum – svona rétt á meðan verið er að tala okkur til. Hið sama gæti hent okkur og indíána Norður-Ameríku. Þeir töpuðu landinu en sátu uppi með glerperlur og eldvatn." Getur Ögmundur bent mér á einhver dæmi um, að slíkt hafi gerst í samskiptum ESB við aðildarlöndin? Ég þekki þau ekki, og geti hann ekki komið með dæmi, þá er þetta ekkert annað en ómálefnalegur hræðsluáróður."

### Hræðsluáróður?

Þetta er enginn hræðsluáróður og ekki er þetta heldur ómálefnalegt. Ástæðan fyrir því að ég vakti sérstaklega athygli á þessum málum nú eru svokallaðir IPA-styrkir sem síðan hafa verið í opinberri umræðu. IPA er skammstöfun fyrir enska heitið Instrument for Pre-Accession Assistance. Þetta hefur verið þýtt á íslensku sem „aðlögunarstyrkir". Einnig mætti kalla þá „aðstoð í aðdraganda innlimunar". Þessir styrkir komu til sögunnar við stækkun Evrópusambandsins til austurs en það ferli hófst undir lok aldarinnar sem leið. Þau ríki sem urðu aðilar að ESB á árunum 2004 og 2007 nutu öll fjárhagsstyrkja en fram að þeim tíma voru styrkveitingar af þessu tagi ekki í eins skipulegum farvegi og varð eftir að IPA-ferlið var formfest árið 2006. Með þessum styrkjum var búinn til farvegur fyrir fjárhagsaðstoð við ríki sem eru í aðildarferli. Jafnframt var ákveðið að veita stuðning til „mögulegra umsóknarríkja". Í þeim hópi eru nú Albanía, Bosnía, Montenegro og Serbía að Kosovo meðtöldu. Á yfirstandandi sjö ára fjárhagstímabili, 2007-2013, hefur IPA-áætlunin yfir að ráða um 11,5 milljörðum evra (tæpir 1800 milljarðar ISK). Í minnisblaði frá utanríkisráðuneytinu er vísað í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis frá því í maí síðastliðnum þar sem kom fram að ESB hefur skilgreint fimm áherslusvið eða tegundir verkefna við ráðstöfun þessara fjármuna:

„1) aðlögunaraðstoð og stofnanauppbygging, 2) samstarf yfir landamæri, 3) byggðaþróun, þar sem markmiðið er að undirbúa ríkin fyrir þátttöku í stefnumiðum ESB (e. cohesion policy) og aðkomu að tengdum sjóðum, 4) mannauðsþróun, sem snýr að samheldnistefnumiðum ESB og undirbúningi fyrir væntanlega aðkomu að evrópska félagsmálasjóðnum, 5) dreifbýlisþróun, sem lýtur að undirbúningi þátttöku í sameiginlegri landbúnaðar- og dreifbýlisþróunarstefnu ESB. Er fyrstu tveimur flokkunum miðstýrt frá Brussel, en hinum þremur stýrt í hverju landi fyrir sig af stofnunum sem settar eru upp sérstaklega í því skyni." Eftir að Ísland sótti um aðild að ESB lagði framkvæmdastjórnin á þeim bæ til að Íslandi yrði gert kleift að fá IPA-stuðning og hlaut það samþykki á Evópuþinginu og í ráðherraráðinu og tók gildi 14. júlí sl. Samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnar ESB skal 28 milljónum evra, eða á milli 4 og 5 milljörðum króna, varið til IPA-landsáætlunar fyrir Ísland á árunum 2011-2013.

Nú ber að hafa í huga að hvað snertir Austur-Evrópuríki sem gengu inn í ESB, að þau voru með innviði og stjórnkerfi sem var mjög frábrugðið ESB. Þau voru fjárvana og veitti án efa ekki af stuðningi við aðlögun að stjórnkerfi sambandsins. Sumt hefðu þau eflaust þurft að gera óháð aðlögun að ESB. Annað var beinlínis nauðsynlegt til að innlimun gæti átt sér stað.

Þetta endurspeglar okkar stöðu. Nú standa okkur til boða fjármunir, m.a. til breytinga í stjórnsýslu til aðlögunar. Sumt eru verkefni sem eru til góðs, án tillits til ESB-aðildar. Þegar ráðuneyti og fjárvana stofnanir nú standa frammi fyrir því að geta fengið stuðning til verkefna sem allir telja til góðs finnst mörgum án efa orka tvímælis að slá hendinni á móti slíku. Í þessu sambandi má minna á að í gegnum gagnkvæmt samstarf við ESB fáum við sjálf styrki og höfum gert um árabil. Framlag kemur vissulega á móti enda er samstarfið ekki gjaldfrítt þegar ríki eru komin inn, hvort sem um er að ræða EES eða ESB.

### Hvað skal gera?

Hvað er til ráða? Í mínum huga er frumskilyrði að upplýst sé um málið og að við gerum okkur fullkomlega grein fyrir því að við erum að njóta styrkja sem eru beinlínis sniðnir til þess að smyrja aðlögunarferlið að Evrópusambandinu. Í öðru lagi eigum við ekki að ráðast í kerfisbreytingar sem við réðumst eingöngu í til að fullnægja ESB en sem við myndum ella ekki gera án þess að áður hefði farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu í sambandið og hún þar samþykkt.

Ég hef hvatt til þess í umræðunni um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu að Íslendingar geri sér grein fyrir því að Evrópusambandið er enginn hlutlaus aðili í þessu ferli. ESB ásælist Ísland. Það sáum við m.a. vel í ákalli forseta framkvæmdastjórnar ESB, Hermans Van Rompuy, í grein í Morgunblaðinu í maí. Hún bar yfirskriftina „Hvers vegna Evrópa þarfnast þín nú?" Nú þegar ESB opnar skrifstofur hér á landi til að kynna sinn málstað og hefur fyrir honum áróður eins og boðað hefur verið og byrjar fyrir alvöru að bjóða í boðsferðir og upplýsingaferðir, þá ríður á að við séum meðvituð um að í bland er aðstoðin hugsuð sem „glerperlur og eldvatn" til að glæða áhuga okkar á að fá að sitja til borðs í Brussel.

Íslendingar tryggja að mínu mati best hagsmuni sína með því að halda fast utan um auðlindir sínar, ekki síst sjávarauðlindina, og „hafa síðan heiminn allan undir sem markað og samstarfsvettvang í stað þess að múra okkur inni í enn einum evrópskum stórveldisdraumnum," einsog ég komst að orði í svargrein minn við boðskap forseta framkvæmdastjórnar ESB, sem séra Þórir Stephensen vitnar í.

### Kjarni málsins

Endanlegar ákvarðanir í þessu umdeilda máli koma hins vegar til með að liggja hjá þjóðinni. Við deilum um markmið og leiðir en hlítum síðan úrskurði þjóðarinnar. En til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun þurfa allar staðreyndir að vera ljósar. Það er málefnalegt. Hræðsluáróður, spyr séra Þórir. Staðreyndir geta náttúrlega vakið óróa, jafnvel ótta. Ef eitthvað er að fara úrskeiðis í þessu ferli, þannig að það valdi okkur áhyggjum, þá ræðum við málið – orð eru til alls fyrst – og færum það síðan til betri vegar.

En á endanum þá á þetta mál einsog öll stór mál sem varða þjóðarhag að vera í ákvörðunarvaldi þjóðarinnar. Og þannig verður það. Það er kjarni málsins.

# Hvatning til þingmanna á septemberþingi

Stjórnmál

Anna Pála Sverrisdóttir
lögfræðingur



Nú er Alþingi að byrja að funda aftur. Á tveggja vikna þingi í september gefst færi á að ljúka málum sem lögð voru fram á yfirstandandi þingi. Þingmenn munu ekki ná að afgreiða öll mál sem lögð voru fram síðastliðinn vetur og ljóst að mikið álag er á þinginu. Hins vegar vil ég biðja þá lengstra orða að verða við áskorun sem þeim hefur borist, frá fjölda kvennasamtaka og annarra aðila. Hvatningin er þessi: Klárið að afgreiða fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan EES. Rökin eru eftirfarandi:

1. Tillagan fjallar einungis um skipun starfshóps um þessi mál. Efnislegrar umræðu er því ekki þörf núna og málið fljótafgreitt.
2. Flutningsmenn að málinu eru nær allir þingmenn. Augljóst er að málið flýgur gegnum atkvæðagreiðslu.
3. Málið er afar brýnt.

Þingsályktunartillagan var lögð fram eftir að Kvennaathvarfið birti sláandi rannsókn síðasta vetur. Skemmst er frá að segja að ekkert annað þingmál á síðasta þingi hafði jafnmarga flutningsmenn eða 49 manns. Þingheimur hefur því þegar sýnt glæsilega í verki að á Alþingi er samstaða um að standa vörð um grundvallarmannréttindi.

### Upplýsingar um gríðarlegt ofbeldi

Rannsókn Kvennaathvarfsins sýnir að konur frá löndum utan EES búa sumar við gríðarlegt ofbeldi af hálfu maka. Ofbeldið á sér ýmsar birtingarmyndir en mikill munur er á aðstæðum þessara kvenna og annarra sem eru beittar heimilisofbeldi af því landvist þeirra á Íslandi byggir á sambandi við makann. Þess vegna eiga þær erfiðara en aðrar með að losna. Margar kjósa að láta ofbeldið yfir sig ganga, svosem vegna barna sinna. Sumar kvennanna koma endurtekið í Kvennaathvarfið. Einnig eru dæmi þess að fleiri en ein hafi komið vegna sama manns. Höfundur rannsóknarinnar, Hildur Guðmundsdóttir, segir í skýrslunni: „[S]vo virðist sem einstaka ofbeldismenn velji kerfisbundið konur frá löndum utan EES og telji þær auðveldari fórnarlömb ofbeldis vegna stöðu þeirra í íslensku samfélagi".

Í skýrslu Kvennaathvarfsins eru útlistuð ýmis dæmi um það ofbeldi og misnotkun sem konurnar eru beittar. Sumir karlar halda konunum einangruðum á heimilinu. Þannig kom ein kvennanna í Kvennaathvarf og vissi ekki sitt eigið heimilisfang þrátt fyrir að hafa búið hérlendis nokkur ár. Meirihluti kvennanna hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og sumar fyrir ýmiss konar kynferðisofbeldi, en um það segir í skýrslunni: „Af frásögn kvennanna má ráða að karlarnir telji að konurnar séu eign þeirra og þeir geti leyft sér að koma fram við þær eins og þeim sýnist og að þeir eigi rétt á að fá öllum kynferðislegum hugarórum sínum fullnægt. Eiginmennirnir hóta konunum óspart „heimsendingu" ef þær neita að hlýða." Konurnar eru beittar fjárhagslegri misnotkun, látnar þræla sér út í láglaunavinnu til að sjá fyrir makanum, skrifa undir fjárhagslegar skuldbindingar fyrir þá eða vinna launalaust. Þær eru niðurlægðar af mökum sínum og sagt að þær séu keyptar.

### Skyldan til viðbragða

Íslenska ríkið ber skyldu að þjóðarétti til að vinna gegn heimilisofbeldi. Þess má geta að nefnd Evrópuráðsins hefur gert athugasemdir við einmitt það sem tillagan fjallar um. Að vísu var útlendingalögum breytt árið 2008 að frumkvæði Atla Gíslasonar og umræddum konum tryggður að nokkru leyti betri réttur.

Það var frábært fyrsta skref. Reynslan virðist sýna að meira þurfi að koma til og þá ekki síst öflugri upplýsingagjöf um réttindi. Allt þetta þarf starfshópurinn að fara yfir, vinna hratt og vel og sýna að á Íslandi sé blinda auganu ekki snúið að hræðilegum þjáningum þegar við höfum vitneskjuna.

Eftirfarandi samtök og stofnanir hafa sent öllum alþingismönnum bréf og hvetja til að tillagan verði samþykkt: Samtök um kvennaathvarf, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Jafnréttishús, Landneminn, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Stígamót, Skotturnar – samstarfsvettvangur íslensku kvennahreyfingarinnar, KRFÍ, UNIFEM, Soroptimistafélagið, Kvennaráðgjöfin, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Femínistafélag Háskóla Íslands, Femínistafélag Íslands, Thaílensk-íslenska félagið, Filippínsk-íslenska félagið, Kvenfélagasamband Íslands, Zontasamband Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Í bréfinu segir: „Það er von okkar sem skrifum undir að starfshópurinn verði tekinn til starfa á Kvennafrídeginum 2010, sem helgaður er kynbundnu ofbeldi. Það er ekki eftir neinu að bíða." Ég tek heilshugar undir þessi orð og hef fulla trú á að alþingismenn verði þeir snillingar að klára málið í september.



# Um rithöfundalaun

**Rithöfundalaun**

**Sigrún Helgadóttir**
kennari og náttúrufræðingur

Rithöfundar á Íslandi geta sótt um laun í tvo opinbera sjóði, Launasjóð rithöfunda sem er hluti listamannalauna og Launasjóð fræðiritahöfunda hjá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís). Sérstakar nefndir úthluta úr sjóðunum, vega og meta umsóknir höfunda og ákveða hverjir fái laun fyrir að semja fyrir þjóðina, hugsanlega verðandi listaverk eða grundvallarrit um íslensk fræði, samfélag eða náttúru. Þeir sem ekki hljóta náð fyrir augum sjóðstjórna skrifa í sjálfboðavinnu og basla jafnhliða við önnur störf ef þeir ekki gefast upp. Úthlutanir sjóðanna má sjá á heimasíðum þeirra og ég skoðaði þar sérstaklega síðustu þrjú ár.

Hefð er fyrir að skipta bókum í flokka, s.s. barnabækur, skáldverk og fræðibækur, en skil eru óljós. Margir höfundar sögulegra skáldsagna leggja sig fram við að hafa bakgrunn sagna sinna fræðilega réttan og grúska og rannsaka til að svo megi verða og fræðibækur ætlaðar almenningi ná ekki tilgangi sínum nema þær séu skrifaðar af listfengi.

Löggjafi og stjórnvöld gera sér grein fyrir þessu. Lengi var sagt í lögum um listamannalaun að þau væru einnig ætluð til fræðibókaskrifa. Í núgildandi lögum er slíkt ekki tekið fram. Menntamálaráðuneytið var spurt hvers vegna. Í svari þess kemur fram að í athugasemdum við frumvarp til laga um listamannalaun segi að launasjóður rithöfunda þjóni öllum íslenskum rithöfundum og því hafi ekki verið talin ástæða til að tilgreina neina þeirra sérstaklega. Ráðuneytið telji engan vafa leika á því að launasjóður rithöfunda nái til allra höfunda, líka höfunda fræðirita, og hafi vakið athygli stjórnar listamannalauna og úthlutunarnefndar launasjóðs rithöfunda á því. Launasjóður rithöfunda skal samkvæmt lögum veita árlega 555 mánaðarlaun. Árin 2008-2010 hafa 100 höfundar þegið úr honum laun, 47 fengið einhver laun á hverju ári og 17 þeirra verið á fullum launum öll árin. Mun fleiri launamánuðir falla í hlut karla en kvenna þessi ár og fá karlar um 61% þeirra. Með góðum vilja má telja að höfundar fræðibóka, mest ævisagna, hafi fengið um 8% launanna.

Í reglugerð um Launasjóð fræðiritahöfunda segir að rétt til að sækja um í sjóðinn hafi höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi. Sjóðurinn úthlutar 36 mánaðarlaunum á ári en árið 2008 voru þau þó 10. Síðustu þrjú ár hefur sjóðurinn launað 22 höfunda.

Þetta eru verktakalaun, í ár 320 þús. kr. á mánuði og enginn fær meira en sex mánaða laun á ári. Mjög fátítt er að sjóðurinn veiti sama höfundi oftar en einu sinni og líklega þekkist ekki að höfundur fái laun úr sjóðnum tvö ár í röð. Sjóðstjórnir hafa greinilega gætt jafnræðis á milli karla og kvenna en síður þegar horft er til fræðasviða. Aðeins þrír höfundar hafa fengið laun til að skrifa um náttúru Íslands, einn á ári.

Í Bókatíðindum og leitarforritum s.s. Gegni má finna upplýsingar um verk höfunda og sjá hverjir þeirra teljast fræðibókahöfundar. Svo virðist að fyrir hverjar tvær íslenskar „fagurbækur“ (barnabækur, skáldsögur og ljóð) sem út eru gefnar komi út þrjár fræðibækur eða bækur almenns eðlis. Eðlilegt væri að hlutfall launa til höfundahópa væri svipað. Svo er sannarlega ekki.

Á síðustu þremur árum hefur verið veitt um sexfalt hærri upphæð til fagurbóka en fræðibóka úr þessum opinberu sjóðum. Það vekur einnig furðu að verk nokkurra höfunda, sem hlotið hafa laun af opinberu fé til að skrifa fyrir almenning, eru vandfundin og spurning hvernig þjóðin á að finna þau til að njóta.

Hinir opinberu rithöfundasjóðir hafa á síðustu þremur árum launað fjóra karla í 39 mánuði samanlagt (um 2% af launnunum) til að skrifa um náttúru Íslands fyrir almenning.

Nú auglýsir Launasjóður rithöfunda eftir umsóknum fyrir árið 2011. Er ekki bara tímasóun fyrir kvensnift eins og mig að sækja enn einu sinni um til slíkra verka?

Nógu erfitt er það fyrir karlana. Á ég ekki bara að snúa mér að öðru?

**AF NETINU**

### Eva og sérstakur

Hef áhyggjur af Sérstökum. Sé ekki, að Eva Joly haldi lengur í höndina á honum. Komin á kaf í franska pólitík, hefur misst áhugann á Íslandi. Það er skelfilegt, því að allt réttlæti á skerinu kemur að utan. Yfirstétt Íslands er óhæf eins og hún leggur sig. Hjá Sérstökum situr athugun á Landsbankanum á hakanum. Nýtur ósýnilegrar verndar, sem enginn getur klippt sundur. Nema útlendingurinn Eva Joly. Sem ekki er frændi neins. Ekki í klúbbi með neinum. Ekki í flokki með neinum. Og nýtur ekki peninga frá skúrkum. Getið þið kæru landsmenn ekki sent Joly bænarskrá um að koma aftur og kippa í Sérstakan.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Sameiningu og hagræðingu á háskólastigi

Sérkenni þróunarinnar hérlendis hefur verið sókn allra háskóla til að fá viðurkenningu til starfa á framhaldsstigi háskólastigsins. Þetta er sérkenni háskólamálanna hér. Þegar herðir að verður þetta alvarlegur galli á íslenskum háskólamálum. Í þessum skilningi eru háskólar hér tiltölulega margir. [...]

Augljóst virðist að stefna nú að sameiningu háskólastofnana og hagræðingu í verkaskiptingu þeirra. En jafnframt er tímabært að huga aftur að hlutverkum fagháskóla og sérskóla á grunnstigi háskólastigsins, ekki síst á sviði iðngreina, viðskipta og annarra starfsmennta og á sérsviðum heilbrigðisfræða.

pressan.is

**Jón Sigurðsson**



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**46** **KEANU REEVES** leikari er 46 ára í dag.

*„Með tímanum breytir sorgin um svip, en hún lætur sig aldrei hverfa. Og þegar dauðinn hefur tekið þá sem maður elskar mest stendur maður aleinn og yfirgefinn eftir.“*

## Merkisatburðir

1625 Gos hefst í Kötlu í Mýrdalsjökli með ógnarlegu vatnsflóði og ísreki.

1845 Heklugos hefst eftir 77 ára hlé og stendur til næsta vors.

1898 Vélbyssa er fyrst notuð í herorrustu.

1958 Freigátan Eastbourne tekur níu varðskipsmenn af Þór og Maríu Júlíu sem staðið höfðu breska togara að ólöglegum veiðum og hefur þá í haldi í ellefu sólarhringa.

1967 Brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi er vígð, og er önnur lengsta hengibrú landsins, 110 metra löng.

1972 Rod Stewart kemur fyrsta lagi sínu á topp vinsældalista, laginu You Wear it Well.

**ÞETTA GERÐIST:** 2. SEPTEMBER 1944

## Anna Frank er hneppt í fangabúðir

Gyðingastúlkan Anna Frank var flutt í fangabúðir nasista í Auschwitz þennan dag fyrir 66 árum.

Anna er eitt nafntogaðasta fórnarlambið úr helförinni vegna einlægra dagbókarskrifa meðan hún faldi sig ásamt fjölskyldu sinni og fjórum vinum í leyniherbergjum undir súð skrifstofubyggingar föður hennar, Ottós Frank, í Amsterdam.

Anna fæddist í Frankfurt í Þýskalandi 12. júní 1929. Fjögurra ára flutti hún með fjölskyldu sinni til Amsterdam, en þá höfðu nasistar komist til valda í Þýskalandi. Þegar ofsóknir þeirra gegn gyðingum jukust í Hollandi fór fjölskylda Önnu í felur og hafðist þar við í tvö ár, eða allt þar til sagt var til þeirra og nasistar handsömuðu fjölskylduna 4. ágúst 1944.

Tæpum mánuði síðar var fjölskyldan send í útrýmingarbúðirnar í Auschwitz, en Anna síðan send þaðan í fangabúðirnar Berger Belsen þar sem hún lést úr flekkusótt í mars 1945, aðeins fimmtán ára gömul.





†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Björnsdóttir,**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést 27. ágúst s.l. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju, föstudaginn 3. september, kl. 14:00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Höfða, Akranesi.

**Skarphéðinn Árnason**
**Sigurbjörn Skarphéðinsson** **María Karlsdóttir**
**Sigrún Birna Skarphéðinsdóttir** **Pétur Örn Jónsson**
**Aðalheiður Skarphéðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Við þökkum auðsýnda samúð vegna fráfalls okkar ástkæra*

**Gunnlaugs Ó. Guðmundssonar**

frá Ísafirði, Ársölum 1, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við krabbameinsdeild 11 E fyrir frábæra umönnun.

**Jónína Nielsen**
**Theódóra Gunnlaugsdóttir** **Tryggvi Ólafsson**
**Guðmundur Gunnlaugsson** **Sólrún Anna Jónsdóttir**
**Margrét Gunnlaugsdóttir** **Sveinbjörn Már Jóhannsson**
**Sif Gunnlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, og langalangafi,*

**Matti Ósvald Ásbjörnsson**

frá Ásbjörnshúsi í Ólafsvík,

áður til heimilis að Hringbraut 95 í Keflavík, sem lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi, Faxabraut 13, Keflavík, 27. ágúst sl., verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 3. sept. kl. 14.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarkort Hjúkrunarheimilisins Hlévangs eða á þeirra reikning, 1192 26 80. kt: 620169-2429. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Hlévangi fyrir kærleiksríka umönnun sem verður seint þakkað.

**Gunnar Mattason** **Indíana Jónsdóttir**
**Oddný Mattadóttir** **Stefán Kristjánsson**
**barnabörn, langafabörn og langalangafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

**VÍFILSSTAÐASPÍTALI:** FAGNAR EITT HUNDRAÐ ÁRA AFMÆLI Á LAUGARDAG

# Í samfélagi með hvíta dauða

Á laugardag er liðin öld síðan berklahæli tók formlega til starfa á Vífilsstöðum. Af því tilefni fer fram skemmtun og fræðsla fyrir alla fjölskylduna á Vífilsstöðum.

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, er formaður afmælisnefndar.

„Berklar hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda en urðu ekki risastórt vandamál hér á landi fyrr en upp úr aldamótunum 1900,“ segir Pétur, en á árunum 1911 til 1925 voru berklar algengasta dánarorsök Reykvíkinga og fimmtungur dauðsfalla á landsvísu. „Berklar eru smitandi sjúkdómur og því var berklasjúklingum fyrirskipað að búa á afviknum stað til að draga úr smithættu. Í þeim tilgangi var Vífilsstaðahælið byggt og valinn staður í sveit, þar sem til varð sérstætt samfélag sjúklinga sem bjuggu þar árum saman,“ segir Pétur.

Berklar eru oft kallaðir hvíti dauði, en sé ástand berklatímans fært til nútíðar væru 6.000 Íslendingar með sjúkdóminn.

„Oft voru berklar dauðadómur en sjúklingar voru misjafnlega illa haldnir. Margir höfðu fótaferð meðan aðrir voru veikari. Á berklahælinu voru framkvæmdar flóknar og erfiðar skurðaðgerðir sem í dag þættu vafalaust hrottalegar, eins og þegar lungu sjúklinga voru höggvin í lækningaskyni. Þá var trú manna að ferskt loft gerði sjúklingunum gott og því útbúinn leguskáli þar sem sjúklingar voru vafðir í teppi og látnir liggja á bekkjum til að anda að sér fersku útiloftinu.“

Pétur segir berkla hafa látið í minni pokann upp úr miðri síðustu öld þegar lyf fundust við sjúkdómnum, en eftir að berklahælinu var lokað opnaði Landspítalinn sjúkradeildir fyrir öndunarfærasjúklinga á Vífilsstöðum.

„Á berklatímanum var mikið af ungu fólki á Vífilsstöðum og vitaskuld kviknuðu þar ástarsambönd í því lokaða samfélagi. Við undirbúning afmælishátíðarinnar hef ég hitt þónokkra sem komu undir á Vífilsstaðahælinu og eðlilega fæddust börn á þeim fjölda ára sem sjúklingar þurftu að dvelja þar. Einnig voru dæmi um að berklasjúk börn væru tekin af foreldrum sínum og látin búa á hælinu í einhver ár. Vífilsstöðum fylgir því merkileg saga og átakanleg, því auðvitað var þungbært fyrir fólk að verða fangar síns sjúkdóms á afviknum stað. Dauðinn vofði þar alltaf yfir og margir dóu, en stundum fékk fólk að fara heim ef það var talið læknað og heimsóknir leyfðust,“ segir Pétur.

Vífilsstaðir eru landnámsjörð, þar sem Ingólfur Arnarson gaf Vífli, húskarli sínum og þræl, bústað.

„Jörðin var lengi í eigu kirkjunnar og á Vífilsstöðum hefur alltaf verið rekinn búskapur. Á tímum berklahælisins var þar umtalsverður kúabúskapur og þar stendur enn risastórt fjós. Spítalann teiknaði Rögnvaldur Ólafsson og þykir húsið enn með glæsilegustu byggingum landsins. Það reis á aðeins átján mánuðum og mikið í sjálfboðavinnu, því allir skildu hve mikið lá við og lögðust á eitt,“ segir Pétur.

Hann segir fagurt landslag Vífilsstaða leika hlutverk á afmælisdaginn.

„Við verðum með leiðsögn um landareignina, siglingar á Vífilsstaðavatni, hoppukastala og grillaðar pylsur úti við, en sögusýningu og málþing í húsnæði spítalans. Þar sýnum við gamlar sjúkrastofur, myndir og ýmislegt sem tengist sögunni, og tölum um sögu berklaveikinnar ásamt því sem fólk segir frá mannlífi á Vífilsstöðum sem var,“ segir Pétur sem í vikunni kvaddi síðasta heimilisfólkið á hjúkrunarheimili Hrafnistu á Vífilsstöðum.

„Hlutverk Vífilsstaða eftir afmælið er óráðið en ég vildi glaður sjá eitthvað heilbrigðistengt í húsinu áfram.“

Afmælishátíðin á laugardag stendur frá klukkan 13 til 16. Að henni standa Oddfellow-reglan, Landspítalinn, Garðabær, Hrafnista, SÍBS og fjöldi velunnara Vífilsstaða.

thordis@frettabladid.is



**Í AFMÆLISSKAPI** Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, er formaður afmælisnefndar 100 ára afmælis Vífilsstaða. Hann segist hlakka til að fræða unga gesti hátíðarinnar um merkilega sögu Vífilsstaða, enda sé aðeins öld liðin síðan þjóðin glímdi við þann mikla vágest sem berklar voru. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**S. Höllu Hansdóttur**

Engihjalla 11, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við hjúkrunar- og starfsfólki á líknardeild Landakots d. L-5 og líknardeildinni í Kópavogi fyrir frábæra umönnun, hlýhug og vináttu í hennar garð og okkar.

**Jónína Guðmundsdóttir** **Brynjólfur Erlingsson**
**Þröstur Guðmundsson** **Unnur Heimisdóttir**
**Ástþór Guðmundsson** **Valgerður Jónsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigursveins Guðmanns Bjarnasonar**

Túngötu 13, Sandgerði.

**Erla Sigurbjörg Sigursveinsdóttir** **Gunnar Guðbjörnsson**
**Guðlaugur Vignir Sigursveinsson** **Rannveig Grétarsdóttir**
**Þóra Kristín Sigursveinsdóttir** **Heimir Morthens**
**Jón Bjarni Sigursveinsson** **Júlía Stefánsdóttir**
**Heimir Sigursveinsson** **Aldís Búadóttir**
**Inga Sigursveinsdóttir** **Eiríkur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Þetta skemmtilega höfuðfat** sem er augljós eftirlíking Eiffelturnsins víðfræga í París var meðal þess sem tískuhönnuðurinn Peter Alexander sýndi á tískuviku í Melbourne.

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Fjölþrepa bakbrettið
• Eykur sveigjanleika
• Linar bakverki
• Bætir líkamsstöðu
• Auðvelt í notkun
• Má nota hvar sem er
Verð: 7.950 kr.
Opið virka daga frá kl. 9 - 18
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

TUZZI
Ný sending
Úlpur, skokkar, peysur, jakkar...
hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Anna Kristín Óskarsdóttir hjá MAC segir rauða og grábrúna tóna ráða ríkjum í haustförðuninni í ár.

# Dumbrauðar varir og mystísk augu í haust



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég myndi segja að rauður litur í ýmsum útfærslum og svo grábrúnir tónar eigi eftir að verða mjög áberandi,“ segir Anna Kristín Óskarsdóttir, förðunarfræðingur hjá MAC, innt eftir því hverjar áherslurnar verða í haustförðuninni hjá fyrirtækinu í ár.

;TÍSKA | 4

6 mánaða vaxtalausar greiðslur
zZzZzzZ zZzZzzZ zZzZzzZ
Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is
Gerið gæða- og verðsamanburð

NÝTT
Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu
Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð 199.000

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA
PROFLEX
2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



**Hefðbundin og nútímaleg brúðarförðun** var nýverið til sýnis á tískusýningu í borginni Amristar á Indlandi, en brúðkaupstímabil er fram undan þar í landi.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Svolítið kabarett-legir,“ segir Hjördís Ásta Þórisdóttir snyrtifræðingur um hælaháa spariskó sem hún keypti í New York.

# Hendir aldrei skópari

**Hjördís Ásta Þórisdóttir, snyrtifræðingur og söngnemi, er mikið fyrir háa hæla. Skópörin í skápnum hennar skipta tugum enda tímir hún aldrei að henda pari, þar sem þau komi alltaf að notum aftur.**

„Þetta eru uppáhaldsskórnir mínir í augnablikinu, ég keypti þá í Soho-hverfinu í New York, á útsölu í Aldo,“ segir Hjördís Ásta Þórisdóttir, snyrtifræðingur og söngnemi, um skvísulega hælaskó sem hún hefur á fótum. „Þeir eru svolítið kabarett-legir.“

Hjördís segist hrifin af hælaháum sparískóm og notar tækifærið í útlöndum til að kaupa fallega skó. Kabarett-skóna hefur hún notað mikið. „Ég geng mikið í svörtu svo þeir passa við allt, bæði buxur og kjóla. Ég hef farið mikið út á djammið í þeim en nota þá líka fínt. Fór til dæmis í þeim í brúðkaup í sumar.“

Þegar Hjördís er beðin um að lýsa sínum fatastíl segist hún kaupa þau föt sem henni lítist vel á, sama hvaða merki um ræðir. Svart brjóti hún upp með litríkum fylgihlutum og stórum skartgripum. „Ég er snyrtifræðingur og vinn við að selja snyrtivörur í Kringlunni og þarf þar af leiðandi að vera svolítið fín í vinnunni.“ Hún lætur þá ekki hanka sig á joggingbuxum eða hvað? „Nei, allavega ekki í vinnunni. En heima er gott að vera í þægindabuxunum,“ segir hún hlæjandi. En veit hún hvað hún lumar á mörgum skópörum inni í skáp?

„Ég á örugglega yfir tuttugu pör, ég tími aldrei að henda skóm. Enda alltaf hægt að nota þá aftur seinna.“ *heida@frettabladid.is*



Corinne Day og Kate Moss saman á ljósmyndasýningu Day árið 2007 þar sem fyrirsætan var aðalviðfangsefnið.

# Corinne Day látin

**Einn þekktasti tískuljósmyndari heims, Corinne Day, lést í vikunni eftir hatramma baráttu við krabbamein.**

Corinne Day var sjálfmenntaður ljósmyndari en hún myndaði lengi fyrir breska Vogue. Þekktastar eru myndir hennar af Kate Moss sem eru meðal annars taldar hafa komið fyrirsætunni á kortið en Day myndaði Moss fyrst þegar sú síðarnefnda var aðeins unglingur.

Corinne Day þótti einstaklega hæfileikaríkur ljósmyndari en ritstjóri breska Vogue lýsti henni sem svo að hún hefði náð að fanga „hráa fegurð“ í myndum sínum. Corinne lést 45 ára gömul síðastliðinn föstudag. *- jma*




FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar
Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

enskafyriralla.is
Enskuskóli Erlu Ara
Auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna með áherslu á tal
Verð 25 þúsund fyrir 10 vikur (20 kennslust) - Styrkt af starfsmenntunarsjóðum
Þú ert velkomin í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt!
Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com



Bjóðum einnig námsferðir til Englands fyrir fullorðna og unglinga

DANSSKÓLI HEIÐARS ÁSTVALDSSONAR
50 ára og eldri
Upprifjunarnámskeið!
Reyndasti danskennari Íslandssögunnar kennir
Hann er 74 ára, ekki gráhærður (aldrei litað á sér hárið). Ekki með hrukkur (aldrei farið í andlitslyftingu). Aldrei bakveikur og við hestaheilsu ... allt **dansinum** að þakka því dansinn er allra meina bót. Kennarinn heitir **Heiðar Ástvaldsson** og kennir á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum 50 ára og eldri og kemur öllum í gott form á ný.
**Konusalsa**
Sjóðheit námskeið. Hentar öllum konum, ungum og öldnum, liðugum og stirðum.
Í tímunum 50 plús og Salsa eru ávallt 3 kennarar.
Innritun og upplýsingar á www.dansskoliheidars.is og í síma 551 3129 kl 16 til 20 daglega

LANGUR LAUGARDAGUR Í FLASH

Kjólar og skokkar
Áður ~~16.990~~
NÚ 12.990
20% afsláttur
af öðrum vörum
Ath. gildir frá fimmtudegi 2. sept. til laugardags 4. sept.
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Konur eru konum bestar

Femíniskar greiningaraðferðir eru sjaldan eða aldrei notaðar til að skoða tískuhönnun líkt og gert er við bókmenntir og fleira og kynjafræði nú víðast hvar fræðigrein í háskólum. Það er þó áhugavert rannsóknarefni að skoða hvort kvenhönnuðir hanni með öðrum hætti fyrir konur en karlhönnuðir. Þessi spurning flaug í gegnum höfuð tískublaðamanns Libération eftir að hafa horft á tískusýningu Stellu McCartney sem fram fór á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars síðastliðinn þegar tíska komandi vetrar var sýnd í París. Einnig segir blaðamaðurinn að sama megi sjá hjá Phoebe Philo sem nýlega tók við listrænni stjórn hjá Céline. Stella McCartney hefur löngum notað miklar víddir í sinni hönnun sem tískufræðingum hefur ekki alltaf þótt mjög sexý. Í vetur hikar McCartney ekki við að bjóða upp á síðar tölulausar jakkapeysur sem varla sýna mittið sem og enn og aftur víðar mussur sem minna dálítið á móður hennar Lindu á tímum Wings. Kjólarnir eru þó mjög stuttir en margir útvíðir og í laginu líkt og lampaskermar. Phoebe Philo hjá Céline hannar einnig síðar mussur sem eru með ásaumuðum leðurvösum auk mikils úrvals af síðbuxum. Oft á tíðum ná þessar flíkur í það minnsta niður fyrir mitti ef þær eru ekki enn síðari. Reyndar merkilegt að báðar unnu þessar konur saman fyrir tískuhús Chloé þar sem Philo var aðstoðarhönnuður McCartney.

Ef litið er til baka má telja heldur ólíklegt að sá hönnuður sem endurlífgaði korselettið, Jean-Paul Gaultier, noti þá flík daglega og geri sér grein fyrir því hversu þægilegt það sé. John Galliano hjá Dior byggir líklega ekki heldur á kvenlegum reynsluheimi þegar hann tekur upp hið fræga reyrða mitti frá New look-tíma meistara Dior sem einmitt má sjá í vetur hjá Dior. Í nafni kvenleikans hefur löngum þótt við hæfi að reyra mitti kvenna eða þröngva þeim í alls kyns búninga, misjafnlega óþægilega, svo mjög að á tímum lífstykkja féllu þær iðulega í yfirlið og áttu í mestu erfiðleikum að komast frjálsar ferða sinna. Það er kannski ekki tilviljun að Coco Chanel en ekki einhver karlkyns samtímahönnuður hennar skuli hafa losað um mitti kvenna og ekki að ástæðulausu að talað er um að hún hafi frelsað konur. Einnig var það Chanel sem fann upp þægilegri strandfatnað til þess að auðvelda konum að hreyfa sig. Jeanne Lanvin lagði einnig sitt lóð á vogarskálarnar í byrjun tuttugustu aldar og notaði jerseyefni og síðbuxur sem ekki tíðkaðist áður og þótti afskaplega þægilegt. Ef frá er talinn Yves Saint Laurent eru það þessar örfáu konur sem hafa skapað sér nafn í tískuheiminum sem hafa unnið að því að breyta kventískunni í þágu kvenna. *bergb75@free.fr*

# Vöktu mismikla lukku

**Kjólar Angelinu Jolie á frumsýningum Salt vöktu mikla athygli.**

Angelina Jolie hefur staðið í ströngu við að kynna nýjustu kvikmynd sína, Salt, og mætt á frumsýningar meðal annars í London og París. Litaval leikkonunnar hefur síðasta árið einkennst af ljósum tónum sem minna á ís, silfruðum, ljósgráum og jafnvel daufbleikum.

Kjólarnir á Salt-frumsýningunum voru einmitt í þeim dúr þar sem silfraður Pamellu Roland-kjóll varð fyrir valinu á frumsýningunni í París og við kjólinn var hún í Salvatore Ferragamo-satínskóm. Áður hafði hún mætt til leiks í London í kjól eftir Amöndu Wakely sem stór hluti tískupressunnar ytra var óánægður með. Sömu aðilar fyrirgáfu Jolie þó þá innkomu eftir frumsýninguna í París. *- jma*



Silfurglansandi Pamellu Roland-kjóllinn sem Angelina klæddist í París vakti mikla athygli.
















Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
Plokkari með ljósi





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR




Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Cos hættir!
Komdu núna og gerðu frábær kaup.
Útsölunni lýkur 7. September.



Cos Glæsibæ

YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Haustönn
Síðumúli 15
yogastodinheilsubot.is
sími: 5885711
6918565

Yoga fyrir börn
11. september- 11. desember,
kennt á laugardögum
Verð: 15.900 kr.
Aldur: 8-12 ára
Tími: 12.05-12.55



HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU
Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

UNGBARNANUDD
Námskeið 9. september nk.
BAKNUDDNÁMSKEIÐ
Námskeið 18.-19. september nk.
ANDLITS- OG HÖFUÐNUDD
Námskeið 11. september nk.
Upplýsingar í síma 896-9653
og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

Flottir og vandaðir herraskór úr leðri, á fínu verði

Teg. 23491/420
litir: svart og capucino
Stærðir: 40 - 46
Verð: 17.885.-



Teg: 23091/221
Litur: svart
Stærðir: 40 - 47
Verð: 17.885.-



Misty skór
Laugavegi 178
Vertu vinur

Sími 551 2070.
Opið mán.-fös. 10-18.
Laug. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

512 54 01
Auglýsingasími




Anna Kristín Óskarsdóttir förðunarfræðingur sýnir á Svölu Lind Þorvaldsdóttur hvernig hægt er að fara ýmsar leiðir með haustförðunina í ár.



MAC leggur áherslu á rauða og grábrúna tóna sem hægt er að leika sér með.

Framhald af forsíðu

Litina segir Anna Kristín hægt að leika sér með, til dæmis eftir því hvert tilefnið er. „Eða bara eftir því hvernig skapi maður er í. Til dæmis má hæglega nota sterkan rauðan varalit og með honum ljósa liti í kringum augun, nú eða mildari lit á varirnar og þá sterkan „eyeliner", sem er kannski svolítið gellulegra," segir hún.

Anna Kristín og María Guðvarðardóttir, merkjastjóri hjá MAC, eru sammála um að litirnir marki brotthvarf frá þeim björtu og skærum litum sem hafa verið áberandi í sumar og séu ef til vill undir vissum áhrifum frá sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.



Á móti sterkum „eyeliner" getur verið sniðugt að nota mildari útgáfu af varalit og er útkoman þá örlítið í anda sjötta og sjöunda áratugarins.

Þá segja þær mikilvægt að konur velji farða sem henti þeirra húð, til dæmis eftir því hvort hún er þurr eða feit. „Það er líka alltaf gott að verða sér úti um farða með vörn í og nota svo gott rakakrem, sérstaklega þegar kólnar í veðri og önnur krem, það er primer, áður en farðinn er settur á, svo hann verði sem fallegastur á húðinni," segir María. „Ég mæli svo með að konur fái ráðleggingar um þessi mál."

roald@frettabladid.is



Með ljósri augnmálningu og dumbrauðum varalit færist áherslan yfir á varirnar sem verða jafnframt munúðarfyllri.



NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirferðarmiklir hattar að hætti hönnuðarins Gizia sem sýndi á tískusýningunni í Tyrklandi.

# Þar sem austrið og vestrið mætast

**Skærir litir, mynstur og stórir hattar einkenndu sýningu Gizia á tyrknesku tískuvikunni sem fór nýlega fram.**

Óhætt er að segja að litagleði og áberandi mynstur hafi einkennt sýningu tískuhönnuðarins Gizia í Istanbul á dögunum. Sýningin var framlag hönnuðarins í tískuvikuna í Tyrklandi, þar sem sýningarstúlkur klæddust meðal annars fyrirferðarmiklum höttum og mynstruðum flíkum, með vísunun í dýraríkið.



Svart og hvítt brotið upp með sterk-bleikum lit.



Ingunn Yngvadóttir og Íris Jónsdóttir hanna föt undir merkinu Spiral.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Opið hús á vinnustofu

**Spiral-hönnun verður með opna vinnustofu frá klukkan 13 til 22 í dag í Hafnargötu 2 í Reykjanesbæ í tilefni Ljósanætur.**

Spiral er hönnun Ingunnar Yngvadóttur og Írisar Jónsdóttur.

Á vinnustofunni geta gestir skoðað fatahönnun þeirra Ingunnar og Írisar en einnig sýnir Helga Rún í Prem hárskraut og hatta, Ingunn leðurtöskur og Íris málverk.

- eö

# ljósanótt

FIMMTUDAGUR 2. SEPTEMBER 2010

## Listaverk fanga

**Fangar á Litla-Hrauni og Bitru sýna og selja handverk og list.**

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ

# Eykur samkennd íbúa

Ljósanótt er nú haldin í ellefta sinn. Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, tekur að venju virkan þátt í hátíðinni.

„Allt frá því verkefnið fór af stað árið 2000 að áeggjan Steinþórs Jónssonar hótelhaldara, hefur áhersla verið lögð á að þessi hátíð sé menningar- og fjölskylduhátíð. Við erum stolt af því hvernig til hefur tekist enda er Ljósanótt ekki hefðbundin útihátíð,“ segir Árni og gleðst yfir hinni fjölbreyttu dagskrá sem boðið verður upp á í ár.



Árni Sigfússon bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

Tónlistin spilar stóran þátt á hátíðinni að venju enda Reykjanesbær þekktur fyrir sitt fína tónlistarfólk. „Færri gera sér grein fyrir þeim fjölda þekktra og efnilegra myndlistarmanna sem hér búa,“ bendir Árni á en fjölmargir listamenn í bænum opna vinnustofur sínar á Ljósanótt.

Árni telur Ljósanótt hafa haft mikla þýðingu fyrir bæjarbraginn. „Hún eykur samkennd íbúa auk þess sem hún kynnir samfélag okkar fyrir landsmönnum,“ segir hann og heldur áfram: „Við höfum oft átt undir högg að sækja og ýmis áföll hafa dunið yfir. Stutt er síðan varnarliðið hvarf og 1.100 störf töpuðust og það rétt fyrir kreppu. Manni finnst stundum að að okkur sé sótt en þá er besta vörnin að auka samkenndina og sýna hvað við getum.“

Sem dæmi um vel heppnaðan viðburð sem auki mjög samkennd íbúanna nefnir Árni árgangagönguna. „Það er einstakt að sjá kynslóðirnar streyma niður Hafnargötuna, unglingana fremst, síðan ungar fjölskyldur, miðaldra fólk og að lokum afa og ömmur.“

Sjálfur verður Árni upptekinn um helgina. Til dæmis stefnir hann á að sækja langflestar sýningar í bænum og koma sem víðast við. Hann tekur þátt í árgangagöngunni og lætur sig ekki vanta á skemmtunina við stóra sviðið og flugeldasýninguna.

„Við hjónin hofum líka þá hefð að bjóða vinum, kunningjum og samstarfsfólki upp á humarsúpu á laugardeginum milli 6 og 8 en það er aðallega Bryndís sem heldur utan um það stóra verkefni,“ segir Árni og hlakkar til alls þess er fram undan er.

**● REGLULEGAR FERÐIR FRAM Á NÓTT** Ljósanæturstrætó leggur af stað klukkan 16.00 og fer reglulegar ferðir fram til miðnættis bæði á föstudag og laugardag. Íbúar Reykjanesbæjar og gestir Ljósanætur eru hvattir til þess að skilja bílana sína eftir heima og notfæra sér þessar ferðir frekar til þess að takmarka umferð í bænum.






ÓDÝRT

VETRARDEKK

Tilboð á umfelgun

fólksbíll kr 5.490,- jepplingur kr 6.490,-

Gerið verðsamanburð

Sama verð fyrir ál- og stálfelgur

Verðtilboð fyrir eldri borgara

Fólksbíll kr 4.990,-

Jepplingur kr 5.990,-

VDO Borgardekk

VDO Offroad Line

Borgartúni 36, (bakvið Cabin hótel) • Sími 588 9747 • www.vdo.is

Opið mán.–fös. 8–18. Lau. 10–14.




Baldur ætlar að bjóða upp á bítlastemningu á Ljósanótt með tónleikum uppi á þaki á Rokkheimum Rúnars Júlíussonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bítlastemning uppi á þaki

**Tónlistin mun hljóma þessa Ljósanótt sem aðrar Ljósanætur. Í Rokkheimum Rúnars Júlíussonar verður rokkað uppi á þaki.**

„Ef vindátt verður okkur hagstæð ætlum við að hafa smá bítlastemningu og spila uppi á þaki. Hljómsveitirnar munu því stíga á stromp en ekki stokk,“ segir Baldur sem hefur umsjón með Rokkheimum Rúnars Júlíussonar. Safnið opnaði fyrir ári með sýningu um líf og störf Rúnars heitins, föður Baldurs.

Rokkheimar eru lifandi safn þar sem gestir geta einnig fylgst með upptökum í hljóðveri hjá útgáfunni Geimsteini. Þær hljómsveitir sem munu koma fram á þakinu milli klukkan 15 og 17 á laugardaginn eru Klassart, Deep Jimi and the Zep Creams, Bjartmar og bergrisarnir, Lifun og Valdimar. „Þetta eru allt hljómsveitir sem Geimsteinn gefur út,“ útskýrir Baldur og segir útgáfuna hafa gengið vel í ár.



Deep Jimi and the Zep Creams.

„Það er mikið að gerast hjá okkur í sumar, útgáfan er sérstaklega góð og margir titlar að koma út. Það munu ekki allir koma fram á laugardaginn en það verður opið hjá okkur alla helgina og stúdíóið verður til sýnis. Hemmi Gunn verður hjá okkur en upphafsárin á hans poppferli voru einmitt hjá Geimsteini, sem veiðimaðurinn í sögunni af Rauðhettu, og svo söng hann „út á gólfið“ með Halastjörnunni.“

Baldur býst við fjölda gesta um helgina en þegar safnið var opnað á Ljósanótt í fyrra komu um 3.000 manns. Hann segir tónleikana á þakinu viðleitni til þess að fólk bæði sjái og heyri betur það sem fram fer. „Það var svo mikil traffík í fyrra að það sást eiginlega ekkert fyrir fólki. Við búumst við álíka aðsókn um helgina, enda hótuðu flestir því að koma aftur. Annars er opið hjá okkur allt árið og við tökum á móti hópum með leiðsögn. Hóparnir geta meira að segja fengið að taka upp eitt eða tvö lög í hljóðverinu. Það verður þó ekki hægt núna á Ljósanótt,“ segir Baldur og lofar eðalbítlastemningu á laugardaginn. *- rat*

# Listasýning sem bæði blindir og sjáandi mega snerta

Í dag opnar sýning í Listasafni Reykjanesbæjar með verkum Guðmundar Rúnars Lúðvíkssonar sem ber yfirskriftina „Ljós // Nótt“ og undirtitillinn er „Vinsamlegast snertið“.

Heiti sýningarinnar vísar bæði til sjónar og blindu en verkunum er bæði miðlað til þeirra sem sjá og þeirra sem eru blindir og er um leið áminning til þeirra sjáandi að ekki er sjálfgefið að veröldin sýni sig öll eins og hún er.

„Salurinn er myrkvaður og rýmið allt þakið listaverki sem tekur eina 400 fermetra. Í skúlptúrum, sem eru 24 talsins á gólfi, eru lítil ljós og faldar tilvísanir í tungumálið í skúlptúrunum. Með snertingu er fólk bæði að kanna efnistak verksins og komast að þýðingu þess því í uppröðun listaverkanna er falið orðið „snertið“ á blindaletri,“ segir Guðmundur Rúnar. Öðru hverju kvikna ljós í salnum þannig að sá sem er með sjón upplifir sig inni í verkinu og verður meðvitaður um alla litina og það að hann hafi sjón.



Eitt af listaverkunum á sýningunni í Listasafn Reykjanesbæjar sem hefst í dag.

„Við erum í raun öll svolítið blind, við getum verið að keyra um landið, með fulla sjón, og sjáum oft í raun ekki neitt fyrr en einhver bendir okkur á það. Undirtitill sýningarinnar, „Vinsamlegast snertið“, vísar líka til þess að við getum snert á mismunandi hátt, og snerting er allavega,“ segir Guðmundur og bætir við að sýningargestum sé ekki ætlað að snerta verkið af offorsi, heldur af varfærni. Safnið gefur að venju út bækling á ensku og íslensku um sýninguna en að auki verða prentaðir bæklingar á blindraletri. *- jma*

SPARISJÓÐURINN

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Keilir Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs | HS ORKA HF | nettó | HS VEITUR HF | Kadeco

# Ljósanótt
## *– Reykjanesbær 2010*

**Velkomin á björtustu fjölskylduhátíð landsins**

Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar verður haldin **dagana 2. - 5. september.**

**Föstudagskvöld 3. september**

Gilli gill og prófessorinn, Pascal Pinon, Breiðbandið, Elíza Newman, Retro Stefson og Raggi Bjarna, Bjartmar og bergrisarnir.

**Laugardagskvöld 4. september**

Hjaltalín og Páll Óskar, Hjálmar, Mannakorn og Ellen Kristjánsdóttir.
Bein útsending frá Rás2.

Listsýningar um allan bæ og hin ómissandi árgangaganga. Tónlistarveisla, kjötsúpa, harmonikkuball og sagnakvöld. Eldsmíði, söguganga, rokkheimar og gospel.

Barnaskemmtun og leiktæki - Tilraunalandið í skrúðgarðinum, hoppukastali og kassaklifur - Skessan býður í lummur.

*Bjartasta flugeldasýning landsins*

*Láttu sjá þig!*



Fáðu dagskrá ljósanætur í símann þinn: ***get.mobileguide.is*** ***ljosanott.is***



**● HUNDURINN EFTIR HEIMA**

Gestir Ljósanætur eru í ár, líkt og þau fyrri, hvattir til að geyma hundana sína heima við yfir hátíðarhöldin. Margir eru hræddir við hunda auk þess sem hundum líður ekki öllum vel í margmenni og hávaða.

Vegna fjölda áskorana hefur einnig verið tekin ákvörðun um að banna alfarið hunda á hátíðarsvæðinu á laugardaginn. Þá er fólk hvatt til að gera ráðstafanir fyrir gæludýrin meðan á flugeldasýningunni stendur þeim til verndar.

# Gestir hvattir til að mæta með hatta



Sossa verður með sýningu heima hjá sér að Mánagötu 1.

Fjöldi myndlistarsýninga verður á Ljósanótt og vinnustofur listamanna opnar úti um allt. Flestar sýninganna verða opnaðar í dag og hefur skapast skemmtileg stemning í kringum þær. Nú eru gestir hvattir til að mæta með hatta eða önnur höfuðföt.

Sossa verður með opna vinnustofu að heimili sínu við Mánagötu 1 þar sem hún sýnir ný málverk. Lína Rut verður með verk í Kaffitári og sýningin Hugarflug verður opnuð í Ásbrú. Fjölbreyttar listsýningar verða í Kjarna – Flughóteli og alls sýna um 20 listamenn í portinu við Svarta pakkhúsið, auk þess sem myndlist verður nánast á hverju horni á hátíðasvæðinu.

Á morgun verða opnaðar sýningar Suðsuðvestur og Listasafns Reykjanesbæjar og sýning Ellerts Grétarssonar í Bíósal Duushúsa.



Flugeldasýning Ljósanætur er sannkölluð veisla fyrir augað. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**● TEIKNAÐ SKÆRUM LJÓSUM Á SVARTAN HIMIN** Flugeldasýning Ljósanætur er skrautsýning sem gestir hennar bíða eftir í ofvæni, enda vegleg ljósaveisla á himinhvolfinu sem fær unga sem aldna til að grípa andann á lofti í hrifningu og spenningi. Flugeldasýningin fer fram á Berginu klukkan 22.15 á laugardagskvöld og er að þessu sinni í boði Sparisjóðsins. Umsjón hefur Björgunarsveitin Suðurnes. Að lokinni litríkri ljósadýrðinni leikur hljómsveitin Hjálmar fyrir gesti Ljósanætur.

**● DAGSKRÁIN Í FARSÍMANN** Ljósanæturgestir geta haft alla viðburði á hreinu og þurfa ekki að missa af neinu einfaldlega með því ð hlaða dagskrá næturinnar í farsímann í gegnum Mobileguide-hugbúnaðinn. Það er gert með því að slá einfaldlega inn get. mobileguide.is og dagskráin er svo sótt með því að smella á „sækja“ hnappinn í aðalvalmynd Mobileguide. Til að sækja efnið þarf því netaðgang en flestir notendur farsíma geta nýtt sér þessa lausn. Sjá nánar á mobileguide.is.



Þægilegt er að hafa alla atburði Ljósanætur í símanum og missa þannig ekki af neinu skemmtilegu. MYND/ÚR EINKASAFNI



Málverk sem verða til á Hrauninu.

# Fangar sýna list og selja

**Fangar á Litla-Hrauni og Bitru munu sýna og selja handverk og list á Ljósanótt. Sýningin verður í einu af Duushúsunum.**



Skartgripir úr silfri og bræddu hrauni verða til sýnis.

„Íslendingar hafa alltaf trúað því að vinna göfgi manninn og við vitum að öll sköpun er mannbætandi. Því erum við hrifin af þeirri betrunarhugmynd sem Margrét Frímannsdóttir er að koma á með því að opna listasmiðjur í fangelsunum,“ segir Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi Reykjanesbæjar. Hún segir þann hátt hafa verið hafðan á á Ljósanótt að tengja hátíðina einhverjum samfélagsverkefnum og nú fái fangarnir tækifæri til að sýna og selja það sem þeir séu að búa til.

Sýningin verður í elsta húsi bæjarins, einu af Duushúsunum að sögn Valgerðar. „Það hús hefur ekki fengið fast hlutverk enn, nema hvað á Ljósanótt er alltaf valinn handverkshópur sem fer þar inn og í ár eru það fangarnir.“

Sýningargripirnir eru valdir af þeim sem sjá um verkstæðið á Litla-Hrauni að sögn Valgerðar. „Svo fá einhverjir fangar sem haga sér vel að fylgja með og taka þátt í uppsetningu og sitja yfir sýningunni, ásamt fangavörðum,“ segir Valgerður og lýsir ánægju sinni með samstarfið við Litla-Hraun.

Margrét Frímannsdóttir fangelsisstjóri segir handverkið á sýningunni afrakstur námskeiða og iðju sem aukin áhersla hafi verið lögð á í fangelsinu. Hún segir einn fanga gera skartgripi úr bræddu hrauni, meðal annars úr Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli. „Annar er góður silfursmiður og sá þriðji býr til muni úr leir.“ Margrét segir einnig vörur sem framleiddar eru á Litla-Hrauni verða á sýningunni, svo sem bekki, áningarborð, stóla og leiktæki að ógleymdum númeraplötum á bíla. „Það verður hægt að panta það sem er í framleiðslu hjá okkur og svo verður sala á smávörum. Ég var að segja föngunum að þeir ættu að vera með kartöflur líka því það er mokuppskera á Bitru.“



*- gun*

# Ljósanótt barnanna

Fjölbreytt dagskrá verður fyrir börnin á Ljósanótt og taka þau einnig virkan þátt í setningu hennar. Í táknrænni athöfn við Myllubakkaskóla sleppa börn marglitum blöðrum til himins og þau taka líka fyrstu skrefin í dagskránni í ár þegar nemendur í leikskólanum Holti sýna verk sem þau hafa unnið úr stígvélum meðfram fjörugarðinum í Innri Njarðvík.



Í táknrænni athöfn við Myllubakkaskóla sleppa börn marglitum blöðrum.

Íþróttaálfurinn og Solla stirða munu skemmta börnunum í Nettó á milli 15 og 16 bæði á föstudag og laugardag og Kefjet og Reykjanesbær bjóða upp á sæþotuúnt ef veður leyfir.

Á útisviðinu við Ægisgötu verður skemmtileg dagskrá á laugardeginum þar sem fram koma nemendur í dansskólunum Bryn-ballett og Danskompunni, söngnemendur hjá Gargandi snilld og nemendur í taekwondo. Í Bátasafni Gríms Karlssonar verður hægt að taka þátt í léttum ratleik og Skessan í hellinum og Fjóla vinkona hennar bjóða upp á lummur í tilefni dagsins.

Í Skrúðgarðinum verður skemmtilegt tilraunaland, hoppukastali og leiktæki á vegum skátanna bæði á laugardag og á sunnudag.

Á sunnudag býður Keflavíkurkirkja börnum og fjölskyldum þeirra á fjölskylduskemmtun og Hjálpræðisherinn heldur fjölskyldutónleika í bíósal Duushúsa klukkan 14.

*- eö*


REYKNESINGAR
OG GESTIR
GÓÐA SKEMMTUN
Á LJÓSANÓTT
SPARISJÓÐURINN

# Fágætar Suðurnesjasögur

**Sögur og dans ráða ríkjum á Nesvöllum á Ljósanótt. Félag eldri borgara á Suðurnesjum stendur fyrir sagnakvöldi í kvöld og harmoníkuballi á morgun.**



Árni Johnsen og Guðni Ágústsson voru meðal sögumanna á Sagnakvöldi Ljósanætur á Nesvöllum í fyrra. Í ár verða bara konur sagnaþulir kvöldsins.

„Ég ætla að opna sagnakvöldið með fyrstu sögunni sem ég man eftir að hafa hlustað á sem fjögurra ára snáði, en hún var stutt og skorinort: Karl og kerling í koti sínu áttu sér kálf, þá er sagan hálf. Kálfurinn hljóp um víðan völl og þá er sagan öll,“ segir Eyjólfur Eysteinsson, formaður Félags eldri borgara á Suðurnesjum, um sagnakvöldið sem frá upphafi Ljósanætur hefur verið með vinsælustu viðburðum þeirrar miklu menningarveislu.

„Á sagnakvöldi höfum við fengið hina ýmsu borgara til að segja gestum Ljósanætur sögur af Suðurnesjum, en nú bregðum við á það ráð að fá bara konur til leiks því oftast hafa sagnaþulirnir verið karlkyns. Þrjár konur eru kallaðar til: Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnisstjóri hjá Heimili og skóla, Oddný Harðardóttir alþingismaður og fyrrum bæjarstjóri í Garði, og Sigríður Jóhannesdóttir kennari og fyrrverandi þingmaður. Allt vel þekktar konur og skemmtilegar, en reynt er að hafa sögurnar á léttum og skemmtilegum nótum, þótt allt sé leyfilegt og bæði sé um lífsreynslusögur, gamlar sögur og aðrar um allt mögulegt að ræða,“ segir Eyjólfur um spennandi dagskrá sagnakvölds sem haldið verður í miðstöð eldri borgara að Nesvöllum í kvöld klukkan 20.



„Annað kvöld verður svo árvisst Ljósanætur-harmoníkuball á Nesvöllum þar sem Félag harmoníkuunnenda leikur fyrir dansi. Á ballinu er alltaf ógurlegt stuð, en hér er almennt mikið dansað og stöðugar dansæfingar hjá eldri borgurum. Á ballinu dansa saman allar kynslóðir; börn, unglingar og fullorðið fólk upp í gamalmenni, og alltaf ákaflega gaman,“ segir Eyjólfur og bætir við að eldri borgarar Suðurnesja njóti mjög Ljósanætur.

„Ljósanótt er mikil upplyfting og dagamunur, og ekkert nema gott um hana að segja. Reyndar rekst hún núna á við veiðiferð hjá mér þannig að ég verð að yfirgefa fjörið á laugardag, en frá fyrstu nótt hef ég skemmt mér konunglega.“

*- þlg*

# Klassík og léttir tónar



Klassíkinni verða gerð góð skil á Ljósanótt með fjölda tónlistaratriða í Duushúsum og hátíðartónleikum í Stapa. Hátíðartónleikarnir voru á dagskrá í fyrsta skipti í fyrra. Þeir vöktu mikla lukku og var ákveðið að endurtaka leikinn í ár.

„Í ár eru Kvennakór Suðurnesja, Kór Keflavíkurkirkju og Karlakór Keflavíkur meðal flytjenda ásamt sönghópnum Orfeus sem er skipaður einsöngvurum af Suðurnesjum eða fólki sem tengist svæðinu á einhvern hátt,“ segir Jóhann Smári Sævarsson listrænn stjórnandi tónleikanna og einn af einsöngvurum kvöldsins.

Efnisskráin er fjölbreytt og má nefna kórverk, íslensk sönglög og aríur. Þá verður lokakaflinn úr Brúðkaupi Fígarós fluttur með tilheyrandi búningum, leikmynd og lýsingu. Tólf manna hljómsveit verður á staðnum og bæjarlistamaðurinn Ragnheiður Skúladóttir leikur undir á píanó. Jóhann Smári segir klassíkina koma til með að óma í bland við léttari tóna.

Í Duushúsum verða tónleikar allan daginn og geta gestir og gangandi litið við eins og hentar. Tónleikarnir eru allir hálftími að lengd en flytjendur eru meðal annars kórar svæðisins, félag harmonikkuunnenda, Klassart og tónlistarhópurinn Ivory og Ebony.

*- ve*

## ● AUKASÝNING Á FERÐUM GUÐRÍÐAR



Aukasýning verður á Ferðasögu Guðríðar í Víkingaheimum, að Víkingabraut 1, sunnudaginn 5. september. Ákvörðun var tekin um að bæta henni við þegar ljóst var að uppselt er á sýninguna bæði á fimmtudag og föstudag.

Ferðasaga Guðríðar er einleikur þar sem sögð er saga Guðríðar Þorbjarnardóttur sem sigldi til Ameríku í kringum árið 1000 og eignaðist þar fyrsta evrópska barnið. Sagan fjallar um ástir, hugrekki og baráttu einnar konu fyrir því að láta drauma sína rætast í heimi þar sem pestir, stríð og draugagangur voru daglegt brauð. Leikkonan, Þórunn Erna Clausen, leikur allar persónur verksins og bregður sér í gervi karla jafnt sem kvenna. Áhorfendur sitja um borð í víkingaskipinu Íslendingi og fara með leikkonunni í hjartnæmt en um leið hlægilegt ferðalag um víkingatímann. Sýningin hefst klukkan 20 en miðasala fer fram á midi.is.






# Solla Stirða og Íþróttaálfurinn munu skemmta börnum í Nettó Reykjanesbæ á Ljósanótt.

**Skemmtunin verður frá 15-16 bæði föstudag og laugardag.**



**Íþróttanammi Latabæjar verður á 50% afslætti báða dagana meðan birgðir endast.**

netto







# Dagskrá Ljósanætur

● Ljósanótt 2010 2.-5. september 2010

## FIMMTUDAGUR 2. SEPTEMBER

**Kl. 10.30 *Setning Ljósanætur við Myllubakkaskóla***

**Kl. 13.00 – 15.00 *Opið púttmót í boði Toyota í Reykjanesbæ***

**Kl. 17.00 *Körfubolti í Ljónagryfjunni***
*Hraðmót meistaraflokks kvenna í körfu. Sjá umfn.is.*

**Kl. 17.00 *Reykjanes Cup***
*Hraðmót meistaraflokks karla í körfu. Fyrsti riðill er í íþróttahúsi Grindavíkur.*

**Kl. 19.00 – 01.00 *Opna ljósamótið í pílu***
*Hrannargata 6. Þátttökugjald og glæsilegur farandbikar.*

**Kl. 19.00 – 21.00 *Opin æfing fyrir bílskúrstónleika á föstudeginum***
*Vallargata 22 í Gamla bænum.*

**Kl. 20.00 *Ljósanæturtónleikar 88 Hússins og Landsbankans í Frumleikhúsinu***
*Fram koma Authentic the exception, The assasin of a Beutiful Brunette, Stjörnuryk, Hljómsveitin Hinir, Sgt. Millers Misbehavious Daughter, Ramses, A day in december, Rapparinn Ástþór Óðinn, Reason To Belive og Sky Reports.*

**Kl. 20.00 *Ferðasaga Guðríðar***
*Uppselt – aukasýning á sunnudag. Miðasala á midi.is.*

**Kl. 20.00 *Sagnakvöld á Suðurnesjum – konur segja sögur***
*Nesvellir, Njarðarvöllum 4. Félag eldri borgara á Suðurnesjum stendur fyrir sagnakvöldi þar sem fram koma Helga Margrét Guðmundsdóttir, Oddný Harðardóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.*

## FÖSTUDAGUR 3. SEPTEMBER

**Kl. 10.00 *Fetað til framtíðar***
*Formleg opnun stígvélaverkefnis leikskólabarna á Holti.*

**Kl. 11.00 – 15.00 *Ljósagleði í Hæfingarstöðinni – opið hús***
*Hafnargata 90. Boðið verður upp á kaffihúsamenningu með nýbökuðum vöfflum og tilheyrandi gegn vægu verði.*

**Kl. 13.00 – 17.00 *Fjölskylduratleikur í Bátasafni Gríms Karlssonar***
*Duushús, Bátasalur, Duusgötu 2-8. Hér getur fjölskyldan spreytt sig á laufléttum ratleik í Bátasafni Gríms Karlssonar. Dregið verður úr réttum lausnum og vinningar veittir heppnum þátttakendum.*

**Kl. 13.00 – 18.00 *Prjónahátíð Nettó Gamli barnaskólinn***
*Kynning, ráðgjöf og fræðsla um lopa, garn og garnvörur.*

**Kl. 13.00 – 18.00 *Sterkasti maður Suðurnesja.***
*Tún við Ægisgötu á móti Hafnargötu 2. Keppnin er í umsjón Massa, lyftinga- og líkamsræktardeildar UMFN*

**Kl. 14.00 – 15.00 *Síðasti geirfuglinn – Alþjóðlegt listverkefni***
*Formleg afhending á verkinu eftir Tod McGrain á Valahnjúki á Reykjanesi.*

**14.00 *Bílskúrstónleikar***
*Vallargata 22, Norðfjörðsgötumegin í Gamla bænum. Ýmsar hljómsveitir m.a. Hrókar og Flugeldar leika gömul og góð lög frá 6., 7. og 8. áratugnum ásamt frumsömdu efni. Skemmtileg bílskúrstónleikastemning.*

**Kl. 15.00 – 16.00 *Latibær í Nettó***
*Solla stirða og Íþróttaálfurinn skemmta börnunum í Nettó föstudag og laugardag.*

**Kl. 15.00 – 17.00 *Áheitasund ÍRB í samvinnu við Björgunarsveitina Suðurnes***
*Synt verður frá Innri-Njarðvík að höfninni í Keflavík. Sundmenn safna áheitum.*

**Kl. 15.30 *Klassart í Íslandsbanka, Hafnargata 91***

**Kl. 16.00 – 17.00 *Vígsla félagsheimilis Keflavíkur við Sunnubraut***
*Opið hús fyrir gesti frá kl. 17.00 – 18.00.*

**Kl. 16.00 *Rokkheimur Rúnars Júlíussonar***
*Skólavegi 12. Opið alla helgina frá kl. 13.00 – 18.00.*

**Kl. 16.00 – 18.00 *Sæþoturúntur***
*Smábátahöfnin í Gróf. Kefjet og Reykjanesbær bjóða ungum krökkum á sæþoturúnt. Nánari upplýsingar á kefjet.is.*

**Kl. 17:00 – 17:30 *Tískusýning Mýr design á Flug hótel***

**Kl. 17.00 – 18.00 *Ferðalag ullarinnar***
*Gamli barnaskólinn – Skólavegi. Lifandi og skemmtilegur fyrirlestur í boði Ístex um vinnsluferli íslensku ullarinnar.*

**Kl. 17.00 – 22.30 *Reykjanes Cup – Hraðmót karla í körfu***
*Íþróttahúsið við Sunnubraut.*

**Kl. 18.00 *Ljós//Nótt – Vinsamlega snertið*** *Opnun sýningar Guðmundar Rúnars Lúðvíkssonar í Listasafni Reykjanesbæjar.*

**Kl. 19.00 *Kvölddagskrá á útisviði við Ægisgötu***

**Kl. 19.00 *Hin árlega kjötsúpa í boði fyrirtækisins Skólamatur.is***



*Gilli gill og prófessorinn, Pascal Pinon, Breiðbandið, Elíza Newman, Retro Stefson og Raggi Bjarna og Bjartmar og bergrisarnir.*

**Kl. 19.00 – 23.00 *Hnefaleikamót***
*Gamla sundhöllin í Keflavík. Keppni hefst kl. 20.00 – Ísland-Danmörk. Miðaverð kr. 1.000. Sjá box.is.*

**Kl. 20.00 – 21.30 *Ferðasaga Guðríðar – uppselt, aukasýning á sunnudag***
*Víkingaheimar. Sýnt er um borð í Íslendingi.*

**Kl. 20.00 – 23.00 *Harmonikkuball á Nesvöllum***
*Nesvellir, Njarðarvellir 4. Félag eldri borgara á Suðurnesjum stendur fyrir ballinu. Opinn bar og Félag harmonikkuunnenda leikur fyrir dansi.*

**Kl. 22.30 *Uppistand í Frumleikhúsinu***
*Vesturbraut 17. Arnar Ingi uppistandari flytur nýtt efni. Elías Örn uppistandari kemur fram í fyrsta skipti. Hljómsveitin Keanu spilar ásamt fleiri tónlistaratriðum.*

**Kl. 23.30 *Júdas – stórdansleikur á Ránni***

## LAUGARDAGUR 4 SEPTEMBER

**Kl. 9.30 – 12.00 *Reykjanesmaraþon Lífsstíls***
*Vatnaveröld – sundmiðstöð. Sjá hlaup.is.*

**KL. 10.00 – 16.00 *Flugmódelsýning***
*Arnarvöllur við Seltjörn. Sjá modelflug.net.*

**Kl. 11.00 *Söguganga um Keflavík***
*Keflavíkurkirkja. Byggðasafn Reykjanesbæjar og Leiðsögumenn Reykjaness. Leiðsögumaður er Rannveig L. Garðarsdóttir.*

**Kl. 11.00 – 13.00 *Hraðskákmót***
*Nesvellir. Skráning á staðnum.*

**11.00 – 15.00 *Víkingaeldsmíði í Víkingaheimum***
*Böðvar Gunnarsson bregður sér í víkingagervi og sýnir handverk og háttalag þeirra.*

**Kl. 11.00 – 17.00 *Kaffibrennsla og kaffismökkun***
*Stapabraut 7. Kaffihellingur – nýjar aðferðir við gömlu góðu uppáhellinguna. Kl. 12.00 Ragnheiður brennslumeistari sýnir hvernig kaffibrennslan fer fram. Opið sunnudag.*

**Kl. 12.00 – 13.00 *Fit Pilates hádegistími***
*Yogahúsið – Fit Pilates, Holtsgata 6*

**Kl. 12.00 *Tilraunalandið í skrúðgarðinum – Vísindin lifna við***
*Gestum Ljósanætur gefst færi á að upplifa vísindin í nýju samhengi og á skemmtilegan og fjörugan hátt með virkri þátttöku og notkun allra skilningarvita.*

**Kl. 12.00 – 18.00 *Klifurkassar og hoppikastali***
*Skrúðgarðurinn í Keflavík. Heiðabúar bjóða upp á hoppikastala og klifurkassa í skrúðgarðinum í Keflavík. Opið laugardag og sunnudag. Ókeypis aðgangur.*

**Kl. 13.00 – 14.00 *Ferðalag ullarinnar***
*Gamli barnaskólinn – Skólavegi*

**Kl. 13.00 – 16.00 *Opið hús hjá pílufélaginu***
*Hrannargata 6. Fólki gefinn kostur á að koma og spreyta sig og jafnvel að leika við landsliðsmenn í heimsókn. Pílur á staðnum.*

**Kl. 13.00 – 16.00 *Sumarhvellur Símans og Kanans í miðbænum***, *Planið við Duustorg.*

**Kl. 13.00 – 17.00 *Breiðbandið bætir á sig***
*Hafnargata 49 – sölutjald. Breiðbandið kynnir nýjan disk sinn og áritar.*

**Kl. 13.00 – 18.00 *Prjónahátíð í Nettó***
*Gamli barnaskólinn, Skólavegi*

**Kl. 13.00 – 19.00 *Fjölskylduratleikur í Bátasafni Gríms Karlssonar***
*Duushús, Bátasalur, Duusgötu 2 – 8*

**13.30 *Árgangagangan***
*Lagt af stað frá Hafnargötu 88. Gangan er opin öllum og þátttakendur hefja göngu frá því húsnúmeri sem inniheldur fæðingarár viðkomandi. Þeir sem fæddir eru 1969 mæta t.d. við Hafnargötu 69 og svo framvegis.*
*Gengið verður undir stjórn skáta og Lúðrasveitar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Gangan markar upphaf hátíðarhaldanna á laugardeginum og endar við stóra sviðið við Ægisgötu þar sem bæjarstjóri ávarpar gesti.*

**Kl. 14.00 – 17.00 *Andlitsmálun í portinu við Svarta Pakkhúsið***

**Kl. 14.00 – 17.00 *Dagskrá á útisviði við Ægisgötu***
*Ávarp bæjarstjóra Árna Sigfússonar, Dagskrá í umsjón Leikfélags Keflavíkur, Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Bryn-Ballett, dans, Gargandi snilld, söngur, Danskompaní, Tröllastelpan Fjóla og Skessan Lóna. Taekwando sýning. Leynigestir í boði Nettó. Útileikhús frá Leikfélagi Keflavíkur á ferð og flugi um allan bæ.*

**Kl. 14.00 – 19.30 *Reykjanes Cup – Hraðmót karla í körfu***
*Ljónagryfjan*

**Kl. 14.00 *Ljósanæturbridsmót***
*Kjarni, Hafnargata 57. Heimamenn gegn brottfluttum.*

**Kl. 14.30 – 18.30 *Fjölbreytt tón-***





***listardagskrá í Duushúsum allan daginn***

**Kl. 15.00 – 16.00** ***Latibær í Nettó***
*Solla stirða og Íþróttaálfurinn*

**Kl. 15.00 – 16.00** ***Sýningarakstur barna á mótorkrosshjólum***
*Grófin (bak við SBK)*

**Kl. 15.00 – 16.00** ***Fimleikar, hnefaleikar og taekwondo***
*Túnið við Ægisgötu*

**Kl. 15.00 – 17.00** ***Skessan býður í lummur og Fjóla tröllastelpa kemur í heimsókn.***
*Skessuhellir í Gróf*

**Kl. 15.00 – 17.00** ***Tónleikar í Rokkheimum Rúnars Júlíussonar***
*Skólavegur 12. Fram koma Bjartmar Guðlaugsson, Lifun, Klassart, Deep Jimi and the Zep Creams, Valdimar.*

**Kl. 15.00 – 18.00** ***Bíla og bifhjólasýning***
*Keflavíkurtún gegnt Duushúsum*

**Kl. 16.00** ***Dansatriði – Danskompaní***
*Hornið á Tjarnargötu og Hafnargötu*

**Kl. 16.00** ***Dansatriði – Bryn – listdansskóli***
*Í portinu við Svarta pakkhúsið*

**Kl. 17.00** ***Dansatriði – Danskompaní***
*Í portinu við Svarta Pakkhúsið*

**Kl. 17.00** ***Dansatriði Bryn-listdansskóli***
*Hornið á Tjarnargötu og Hafnargötu*

**Kl. 17.00 – 18.00** ***Þröstur Jóhannesson – tónleikar***
*KFUM og K húsið Hátúni 36 Keflavík*

**Kl. 20.00 – 23.00** ***Kvölddagskrá á Útisviði við Ægisgötu***
*Hjaltalín og Páll Óskar, Mannakorn og Ellen, Hjálmar. Bein útsending á Rás 2.*

**22.15** ***Flugeldasýning***
*Flugeldasýning í boði Sparisjóðsins í umsjón Björgunarsveitarinnar Suðurnes.*
*„Gamli bærinn minn". Hljómsveitin Hjálmar leikur að lokinni flugeldasýningu til 23.30 en þá lýkur dagskrá kvöldsins.*

**SUNNUDAGUR 5. SEPTEMBER**

**Kl. 11.00 – 15.00** ***Víkingaeldsmiði í Víkingaheimum***

**KL. 11.00 – 17.00** ***Sveitamarkaður í Landnámsdýragarðinum við Víkingaheima***
*Síðasti opnunartími garðsins fyrir veturinn. Hægt verður að fara á hestbak, skoða folöld og önnur dýr í garðinum. Landnámsdýragarðurinn verður opinn á ljósanótt frá 11.00 – 17.00.*

**Kl. 12.00** ***Fjölskylduhátíð við Keflavíkurkirkju***

**Kl. 12.00 – 18.00** ***Tilraunalandið***
*Skrúðgarðurinn í Keflavík.*
*Hoppukastalar og klifurkassar í umsjón Heiðabúa.*

**Kl. 13.00 – 16.00** ***Opið hús hjá Pílufélagi Reykjanesbæjar***
*Hrannargata 6*

**KL. 13.00 – 17.00** ***Opnar geymslur Byggðasafns – munir og minjar***

**Kl. 13.00 – 17.00** ***Fjölskylduratleikur í Bátasafni Gríms Karlssonar***

**KL. 14.00 – 15.00** ***Gospelkrakkar – fjölskyldutónleikar***
*Bíósalur, Duushús*

**Kl. 15.30 – 17.00** ***Dýrin kvödd – Lokun Landnámsdýragarðsins***
*Víkingaheima. Boðið verður upp á grillaðar pylsur í tilefni dagsins frá kl. 15.30 – 17.00.*

**Kl. 16.00** ***Hátíðartónleikar í Stapa***
*Tónlistarfélag Reykjanesbæjar stendur fyrir glæsilegri tónlistarveislu í Stapa þar sem fram koma einsöngvarar, kórar og hljómsveit.*



## SÝNINGAR OG OPNAR VINNUSTOFUR

### Hátt í 300 listamenn sýna verk sín um allan bæ á ljósanótt.



**Furðuverur** – verk eftir börn af leikskólanum Vesturbergi í verslun K sports
**Spiral-hönnun** – opin vinnustofa, Hafnargötu 2
**Íslensk hönnun** – Gallerý-átta, Hafnargata 26
**Handverk** – Svarta Pakkhús gallerý Hafnargata 2
**Hugarflug** - myndlistarsýning, Inga Rósa Kristinsdóttir, Keilisbraut 773
**Handverk** – Opin vinnustofa hjá Guðnýju, Iðavellir 11
**Sæmundur Gunnarsson**, Hafnargata 51
**Earths Alchemy** – Silvia Björg, Hótel Keilir, Hafnargötu
**Lionessuklúbbur Keflavíkur** – sýning á málverkum eftir Elínrósu B. Eyjólfsdóttur, Hafnargata 50
**Sýningar í Kjarna** (bókasafn og Flughótel), Hafnargötu 57. Handavinna Valgerðar Jónsdóttur, Sögubrot frá Byggðasafni, Ljósmyndasýning frá Ljósopi, Heiðrún Þorgeirsdóttir, Rakel Steinþórsdóttir, Linda Björk Steinþórsdóttir, Helga Björg Steinþórsdóttir, Ísak Óli, Jónína Gunnarsdóttir, Íris Þrastardóttir
**Opin vinnustofa Sossu**, Mánagata 1 Keflavík
**Dalla**, Hafnargata 29
**Sigríðar Anna Garðarsdóttir**, Hafnargata 50
**Gullý**. Hafnargötu 58
**Stefán Jónsson**, Hafnargata 50
**Fríða Rögnvalds**, Hafnargata 20
**Ellert Grétarsson**, Bíósalur
**Bagga**, Hafnargötu 20, Keflavík
**30/30**, Svarta pakkhúsið - loft
**Myndlistarveisla** 20 listamanna í Hf. Húsunum, Hafnargötu 2. Olgeir Andrésson, Finn Bomann-Larsen, Bjarni Bragason, Helgi Vald.,Þóra Jónsdóttir, Hjördís Árnadóttir, Brynja Árna, Vogaakademían. Birna Mar spákona verður á svæðinu.
**Samsýning Félags myndlistarmanna** í Reykjanesbæ, fremri salur Svarta pakkhússins
**Lína Rut**, Kaffitár Stapabraut 7. Opin vinnustofa Baldursgötu 14
**Betrun** - Sýning og sala á handverki fanganna á Litla Hrauni, Gamla Búð við Duustorg
**Samsýning þriggja ættliða**, Ráin, Hafnargata 19 a. Hólmfríður Arndal Jónsdóttir, Óskar Herbert Þórmundsson og Þorbjörg Óskarsdóttir (Tobba).
**LJÓS – NÓTT** Vinsamlega snertið. Sýning Guðmundar R. Lúðvíkssonar í Listasafni Reykjanesbæjar
**Handverk** – Samsýning, Kirkjuvegur 29
Sigmar Valgeir Vilhelmsson, Bergþóra Vilhelmsdóttir og Sigrún Vilhelmsdóttir.
**Kristín Rúnarsdóttir** – opin vinnustofa, Grundarvegi 13, Njarðvík
**Heimur goðanna** – Rammahúsið. Tveir fyrir einn
**Einstakir listamenn**, Ásbrú 773 Listasmiðjan
**„SKRUÐ"** – Sigurður Guðjónsson opnar sýningu í Suðsuðvestur, Hafnargata 22
**Handverkstjald** við Svarta pakkhúsið -

*Sjá nánari dagskrá á www.ljosanott.is*

Sérblaðið Matur

Kemur út laugardaginn 4. september 2010

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**

Benedikt
• benediktj@365.is
• sími 512 5411

Bjarni Þór
• bjarni thor@365.is
• sími 512 5471

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 512 5439


Listamaðurinn að störfum í Reykjanesbæ.


Geirfuglinn er 157 sentimetra hár og gjöf listamannsins til Reykjanesbæjar.

# Bronsafsteypa af geirfugli

**Mannhæðarhár bronsskúlptúr af geirfuglinum sáluga verður afhjúpaður í dag við Valahnjúk á Reykjanesi.**

Geirfuglinn er gjöf frá bandaríska listamanninum Todd McGrain en hann sóttist eftir því sjálfur að fá að koma fuglinum fyrir í fjörunni neðan við Valahnjúk á Reykjanesi. Verkið er hluti af stærra verkefni sem kallast Lost Bird Project og er tileinkað fimm útdauðum fuglategundum.

„Ég hef unnið að þessu verkefni undanfarin fimm ár og hef gert fimm skúlptúra af fimm útdauðum fuglategundum, þar á meðal geirfuglinum. Geirfuglinn var einn fyrsti fuglinn sem ég stúderaði en segja má að það séu um tíu ár síðan fuglinn „kom“ fyrst til mín,“ segir Todd McGrain. Listamaðurinn eyddi meðal annars sex mánuðum á Ítalíu, í Róm, þar sem hann grandskoðaði fuglinn, sem verður afhjúpaður í dag klukkan 14.

Listaverkið er gert í minningu geirfuglsins en 3. júní árið 1844 voru tveir síðustu geirfuglarnir í heiminum drepnir á syllu í Eldey, suðvestur af Reykjanesi. McGrain kom til landsins fyrir ári til að skoða aðstæður og sá geirfuglinn strax fyrir sér í fjörunni neðan við Valahnjúk. Þá heimsótti hann meðal annars Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem uppstoppaður geirfugl er geymdur.

„Við höfum myndað allt ferlið í kringum smíði fuglsins, flutning og uppsetningu og ætlum að vinna heimildarmynd út frá því og ég er viss um að þessi innsetning muni færa gróskufullt menningarlíf bæjarins upp á við. Veður og vindar í fjörunni munu svo gera fuglinn enn fegurri með tímanum en staðsetningin hefur bæði sögulega tilvísun og minnir á dramatísk örlög fuglsins.“ *- jma*


Geirfuglinn í hópi hinna fuglanna sem Todd McGrain hefur gert skúlptúra af.

**● GANGA ÁRGANGANNA** Árgangagangan er árviss viðburður á Ljósanótt. Þá safnast gestir hátíðarinnar saman á Hafnargötunni í Reykjanesbæ og ganga fylktu liði niður að Duustorgi, inn Ægissíðuna að hátíðarsvæðinu þar sem setningarathöfnin fer fram. Hugmyndin að baki árgangagöngunni er að sameina vini, bekkjarfélaga og gesti hátíðarinnar en þátttakendur safnast saman við það hús Hafnargötunnar sem ber fæðingarártal þeirra. Yngstu þátttakendurnir hittast við Hafnargötu 88, menningarmiðstöð ungs fólks þaðan sem gangan hefst klukkan 13.30 á laugardaginn. Skátafélagið Heiðarbúar fer fyrir göngunni og lúðrasveitir Tónlistarskóla Reykjanesbæjar leika.



Hefð er fyrir því að sá árgangur sem verður 50 ára á árinu taki þátt í göngunni með stæl og sé heiðraður sérstaklega á sviðinu. Árgangagangan er öllum opin bæði íbúum og gestum.

**● FETAÐ TIL FRAMTÍÐAR Í FJÖRUNNI** Fetað til framtíðar heitir listaverkasýning sem börnin á leikskólanum Holti í Innri-Njarðvík hafa komið á fót en hún verður formlega opnuð klukkan 10 föstudaginn 3. september. Verkin eru unnin í stígvél barnanna sem hafa verið fest niður í varnargarðinn fyrir neðan tjarnirnar í Innri-Njarðvík.



„Bæjaryfirvöld úthlutuðu okkur skika á varnargarðinum meðfram strandlengjunni beint fyrir framan leikskólann eftir að foreldri á leikskólanum hafði komið með þessa frábæru hugmynd,“ segir Kristín leikskólastjóri Holts. Þema sýningarinnar er fjaran en í stígvélunum er að finna hugmyndir barnanna um hana í máli og myndum.

„Þarna eru listaverk sem þau hafa unnið úr efnivið sem þau hafa fundið í fjörunni ásamt hugleiðingum og myndum af því sem þeim finnst tilheyra henni,“ segir Kristín. *- ve*



Ljósm. Ellert Grétarsson.

Reykjanes hefur lengi verið ein helsta uppspretta grænnar orku á Íslandi þar sem stoðum er skotið undir atvinnulífið með markvissri uppbyggingu náttúruvænna orkugjafa.

Magma á Íslandi sendir íbúum Reykjanesbæjar heillaóskir í tilefni Ljósanætur 2010 með ósk um að orka úr iðrum jarðar megi áfram færa þeim birtu og yl.

magma Á ÍSLANDI
Hafnargötu 62 - 230 Reykjanesbæ
Sími 412 2400 - www.magmaenergy.is

ATHYGLI


Við erum ódýrari
VEIÐIPORTIÐ
Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940
Útsalan er hafin
25%–65% AFSLÁTTUR
Í 4 DAGA
OPNUNARTÍMAR
Á ÚTSÖLUNNI
FIMMTUDAG 9–18
FÖSTUDAG 9–19
LAUGARDAG 9–17
SUNNUDAG 10–16
Öndunarvöðlur frá 14.900 kr.
Tvíhendur 14 fet frá 19.900 kr.
Kasthjól frá 2.500 kr.
Fluguhjól frá 2.500 kr.
Polaroid gleraugu frá 1.500 kr.
Sjóstangir frá 3.900 kr.
Flökunarhnífar frá 1.900 kr.
Sæta áklæði 2 stk. 4.500 kr.
Allar laxaflugur 250 kr.
Silungaflugur 2 verð 100 og 150 kr.
Spúnar 275 kr.
Allar flugulínur 25% afsl.
Allir vöðlujakkar 25% afsl.
Allar flugustangir 20%–30% afsl.

# TAKTU SKREFIÐ!



Gengur þú með viðskiptahugmynd í maganum?

Viltu efla fyrirtæki þitt með nýsköpun?

Rekur þú sprotafyrirtæki?

Er fyrirtæki þitt að þróa nýja vöru eða þjónustu?

## Komdu til okkar
– það er hér sem hlutirnir gerast!

## Vertu með!

Við minnum á námskeiðið
**Stígum skrefið**
fyrir þá sem vilja láta hlutina gerast!
Nánari upplýsingar og skráning hjá Miðstöð símenntunar á mss.is eða í síma 421 7500.

SKISSA

FRUMKVÖÐLASETRIÐ Á ÁSBRÚ
ÁSBRÚ INCUBATOR

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
MSS MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM
ÁSBRÚ Í REYKJANESBÆ
Kadeco

**Frumkvöðlasetrið á Ásbrú**
Eldey, Grænásbraut, 235 Reykjanesbæ
Sími verkefnastjóra: 843 6020
incubator@asbru.is - incubator.asbru.is

incubator.asbru.is





Undirfötin voru frá Berlei Curves og Rio – Sexy at any Size. NORDICPHOTOS/AFP

# *Kvenlegar* LÍNUR

**Nærfatafyrirsæturnar á tískuhátíðinni í Sydney voru blómlegar, í blúndum og silki.**

Fyrirsæturnar sem sýndu undirföt frá Berlei Curves og Rio – Sexy at any Size, á tískuhátíðinni í Sydney í Ástralíu á dögunum voru óvenju kvenlegar. Undirfötin voru líka svolítið gamaldags og rómantísk og virkilega klæðileg á konum með svona mjúkar línur.

*emilia@frettabladid.is*









# Tískusýning í Feneyjum

**Hin árlega kvikmyndahátíð í Feneyjum er ekki síður tískusýning stjarnanna og í ár vekur Jessica Alba mikla athygli.**

Kvikmyndahátíðin í Feneyjum er ein af stóru hátíðunum fjórum sem haldnar eru á ári hverju. Jessica Alba hefur í seinni tíð þótt þróa með sér persónulegan stíl, eilítið rokkaðan með mjög kvenlegu ívafi.

Leikkonan mætti í langerma blómakjól úr haustlínu Dolce & Gabbana þegar hún kynnti nýja kvikmynd sína í gær og í fyrradag sást hún í Valentino-kjól. Skóval Alba vekur ekki síður athygli, það þykir vel heppnað – grófir og töff skór sem rokka blómahafið upp.

*- jma*



Kjóllinn er úr smiðju Dolce & Gabbana.


Gjöfin þín að verðmæti 12.000 kr er í Lyfjum & heilsu Kringlunni, Eiðistorgi og Selfossi 2. - 8. september

Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr. eða meira er þetta gjöfin til þín*

- Rinse-off Foaming Farðahreinsir 30 ml
- DDML Gula Kremið 30 ml
- All About Eyes 5 ml
- Superbalanced Farði Vanilla 15 ml
- High Impact Maskari 4 g
- Snyrtitaska

Á meðan birgðir endast*




CLINIQUE BONUS
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafritt.

Lyf & heilsa
við hlustum!

## Atvinna

OKKUR BRÁÐVANTAR
YFIRMANN
Í SAL

Við leitum að yfirmanneskju í sal. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af þjónustustörfum, ríka þjónustulund og skipulagshæfileika.
Frjáls vinnutími.
Tökum vel á móti öllum umsóknum frá 25 ára og eldri.
Umsóknir sendist á haukur@saffran.is

SAFFRAN

## Tilkynning

Verkalýðsfélagið Hlíf

### Félagsfundur

Fundur verður haldinn fimmtudaginn
2. september. 2010. kl 20:00 í
Skútunni, Hólshrauni 3, Hafnarfirði

**Dagskrá**

1. Horfur í efnahagsmálum 2010-2012
   Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.
2. Staða heimilanna
   Henný Hinz, hagfræðingur.
3. Kjarasamningar.
4. Önnur mál

Kaffiveitingar
Stjórn Vlf. Hlífar

## Fasteignir

MIÐBÆR
Fasteignasala & Leigumiðlun



**Söluturninn Skari, Suðurströnd Seltjarnanesi**
Til sölu rekstur og húsnæði söluturnsins/grillsins Skara. Eldhús, vel búið tækjum og búnaði, ísvél og fl. Húsnæðið er 46 fm. steinhús við Sundlaug Seltjarnarness og World Class. Ýmis tækifæri framundan.
**ÖLL SKIPTI SKOÐUÐ**

Suðurlandsbraut 10 | 108 Reykjavik | s. 588-3300 | www.midbaer.is

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## HEIMILIÐ

### Húsgögn

3ja sæta lazyboy sófi, 4ra ára gamall til sölu á 75þ. Uppl. í s. 898 2767

### Barnagæsla

Vantar au-pair eða ömmu til gæta 7.mán gamla tvíbura á virkum dögum í vetur. Bý í Rvk. Uppl í s. 867 8567

### Dýrahald



Til sölu Ísarfolda Kolumbus er 8.v gamall schefer hvolpur. tilvalinn í alla vinnu. upplýsingar gefur Ásta Dóra Ingadóttir Dog Behaviour Consultant í Gallerí voff s:8622006

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 59 þ. S. 824 6692.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Aðgangur að Stöð 2 og Sýn. Uppl. í s. 893 2385.

**Orlofsíbúðir á Akureyri**
2 og 3 herbergja íbúðir til leigu á Akureyri. Helgar og vikuleiga í boði. Nánari uppl. á leigdubil.is og leiga.blogcentral.is eða í s: 892 5431/892 6121.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Grafarvogur/Borgir Glæsilega stór 4 herb. íb. m. sér inngangi og garði, leigu S: 899 7012 solbakki.311@gmail.com

**Til leigu**
Glæsileg 3.herb 100 fm íbúð í á Völlunum í Hafnarfirði m.stæði í bílageymslu. Uppþvottavél, ísskápur ofl. fylgir. Verð 130.000- hússjóður innifalinn. Sjá myndir http://fasteignir.visir.is/fasteignir/eign/123795/ Uppl. í síma 4960706 eða 8220102.

### Húsnæði óskast

Óska eftir 3ja herb. íbúð í Reykjavík strax. Tryggingar eða fyrirframgr. ef óskað er. Greiðslug. allt að 125 þús. S. 777 6775.

Óska eftir 3 herb. íbúð í mosfellsbæ frá 1 okt. Fyrirframgr. ef óskað er. S. 777 5699.

Leita af 3-4 herb. íbúð á sv. 101-105. Skilvirkum Greiðslum heitið Oddur 6973737

óskum eftir að leigja sveitabæ á suðurlandi. Verður að vera aðstaða fyrir hesta, einbýli. Vinsamlegast hafðu samband á elsva_28@hotmail.com eða s: 0047 41580951

### Atvinnuhúsnæði

**Til leigu.**
Krókháls 95 fm með innkeyrsludyrum, Tunguháls 327 fm iðnaðar, 2 innkeyrsluhurðir, lofthæð 4,70 . Við sund. ca 85 fm. lager-iðnaðar á jarðhæð og 25 og 45 fm. vinnustofur á 2. Hæð. leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022

Vinnustofur, bjartar og rúmgóðar, til leigu í Höfðahverfi. Sími 861-8011

### Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

20 fm upphitað herbergi til leigu fyrir búslóð eða eitthvað annað. Uppl. í s. 898 9944.

**Húsvagnageymslan Þorlákshöfn**
Eigum nokkur laus pláss fyrir veturinn Verð í upphituðu kr 7.500 lengdarmetirinn og 6.500 í kaldri geymslu. Uppl.893-3347/8666610.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564-6501.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Vertargeymslur**
Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

### Gisting

Ljósanótt í uppbúnum klassaíbúðum í Reykjanesbæ. S. 698 7626 & 698 3521

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði frá 11. sept. til 10. okt. í neðri hluta Þverár. Veitt er eingöngu á flugu og eru kaststangir bannaðar. Einnig er skylt að sleppa öllum laxi aftur í ánna. 3 stangir í boði á dag. Nánari uppl. í s. 848 2304.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

### Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**ICELANDIC- NORSKA I og II-ANGIELSKI dla Polaków-ENSKA f. BÖRN-Aukatímar Stærð- og eðlisfræði.**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30 or 18-19:30 start: 6/9, 4/11. Level II: 4 w: Md to Fr; 16:15-17:45, st: 6/9, 4/10 Level III: 4w: 14-15:30 st: 9/8. NORSKA: 4 vikur, mán til fös 19:45-21:15, stig I: 6/9, stig II: 4/10. ANGIELSKI dla POLAKÓW: 5 weeks. Level I, Md to Thu: 9-10:30 or 17:30-19. st. 27/9. Level II: 11-12:30 st. 1/11. Level III: 17:30-19. st. 6/9. ENSKA f. BÖRN 5-8 ára; mán 16:30-17:30, 9-12 ára; þri 16:30-17:30byrjar 20 og 21/9 Námsaðstoð allt árið. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## ATVINNA

### Atvinna í boði

miðlun

Óskum eftir að ráða starfsfólk á kvöldin og um helgar í símaver Miðlunar (www.midlun.is). Fjölbreytt verkefni sem felast í kynningu og sölu. Kjörin aukavinna fyrir námsfólk og fullorðið fólk sem vill bæta tekjur sínar. Lámarksaldur 18 ára, stundvísi og dugnaður skilyrði. Uppl. Í s. 5808080 eða andri@midlun.is.

Óskum eftir að ráða uppvaskara og aðstoðarmann í eldhús. Kvöld- og helgarvinna. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. og umsóknir sendist á: eldhus@101hotel.is

JOLLI

Söluturninn Jolli í Hafnarfirði leitar að starfsmanni í dagvinnu. Aðeins reglusamur og samviskusamur starfsmaður kemur til greina. Umsóknareyðublöð fást á staðnum.

Starfsfólk óskast
MOKKA KAFFI
Skólavörðustig 3a, 101R
Opið daglega kl. 9.00 - 18.30

Starfsfólk óskast í fullt starf á dagvaktir frá kl. 12.00 - 19.30 virka daga. Æskilegur aldur 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum.

**Ísbúðin Áfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk á dagvaktir. Í boði er hálfsdags starf og heilsdagsstarf.**
**Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.**
**Uppl. í s. 899 9495, Jónína eða á cyrus@simnet.is**

Óska eftir að ráða vélarmenn og verkamenn til starfa í jarðvinnu. Uppl í s. 847 5067

**Vilt þú fá borgað fyrir að tala?**
Stærsta tryggingamiðlun landsins leitar að starfsmönnum í úthringiver, á dagvaktir og kvöldvaktir, í hlutastörf og full störf. Mjög góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga. Leitum að fólki á öllum aldri. Áhugasamir geta sent inn umsóknir á kristjan@tryggir.is eða hringt í Kristján í s. 825 0057

Fiskvinnsla í Hafnfj. óskar eftir starfsfólki við snyrtingu og pökkun. Upplýsingar í síma 891 7728.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið frá 3 á daginn.**

47 ára 170 cm stelupstrákur vill kynnast eldri karlmanni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8570.

Kona sem er með allt sitt á hreinu vill kynnast rólegum manni sem hefur góða atvinnu og er fjárhagslega sjálfstæður. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8987.

Sjálfstæð kona á besta aldri vill kynnast ljúfum og rómantískum karlmanni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8285.

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



512 54 01
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...



# Bandamaður náttúrunnar

Sögusýningin Bandamaður náttúrukraftanna, um Svavar Guðnason listmálara verður opnuð í „Kaupfélagshúsinu“ eða Kaupmannshúsi Ottós Tuliniusar á Höfn í Hornafirði á laugardaginn klukkan 13. Sýningin er unnin af Huldu Rós Sigurðardóttur listfræðingi en hún hefur undanfarið unnið að mastersverkefni sínu um listamanninn.

Svavar Guðnason var íslenskur myndlistarmaður, fæddur á Höfn í Hornafirði en starfaði í mörg ár í Danmörku og var virkur í hópi róttækra myndlistarmanna sem voru kenndir við Cobra. Hann er álitinn einn af helstu málurum á Íslandi á ofanverðri 20. öld. Verk hans eru í helstu söfnum Danmerkur, eins og Louisiana, Nordjyllands Kunstmuseum og Statens Museum for Kunst og mörgum einkasöfnum í Evrópu sem einkum sérhæfa sig í list Cobra-manna.

Léttar veitingar verða í boði á sýningunni, sem verður höfð opin fram eftir degi. Sýningin verður einnig opin laugardaga og sunnudaga í september frá 13 til 16. Eins er hægt að hafa samband í síma 866 8675 og kíkja á sýninguna eftir samkomulagi.

- jbá



**MÁLARI OG RÓTTÆKLINGUR** Svavar Guðnason var virkur í hópi róttækra myndlistarmanna sem voru kenndir við Cobra.
MYND/ÚR EINKASAFNI



**ÁHRIFAMIKIL** Þessa mynd tók Opprann í Teheran í Íran.



**SÝNIR ÓLÍK TRÚARBRÖGÐ** Beðið á Indlandi.

# Byggir brýr milli trúarbragða

Norski ljósmyndarinn Ken Opprann er staddur hér á landi í tengslum við útgáfu bókar sinnar TRÚ – mannfólkið andspænis guði sínum, og opnun samnefndrar sýningar í Listasafninu á Akureyri.

Ken nam ljósmyndun við Academy of Arts í San Francisco en starfaði síðan um árabil sem blaðaljósmyndari við Aftenposten í Ósló. Á síðustu árum hefur hann unnið sjálfstætt og lagt sérstaka áherslu á heimildaljósmyndun. Ken vann í 15 ár við öflun myndanna sem prýða bók hans, sótti ótal trúarhátíðir og vitjaði helgistaða í fjölmörgum löndum. Myndirnar eru áhrifamiklar og blæbrigðin mýmörg. Í þeim fer saman falslaus einlægni og þrotlaus leit að þeim mætti sem er æðri öllum skilningi. Myndirnar byggja brýr milli trúarbragða og auka virðingu fyrir framandi trúarbrögðum og siðum, að því er fram kemur í fréttatilkynningu.

Í fyrirlestri sínum mun Ken fjalla um einstakar myndir og segja söguna að baki þeim. Fyrirlesturinn fer fram í sal Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15 í dag klukkan 17. Að fyrirlestrinum standa Bókaútgáfan Opna, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Blaðaljósmyndarafélag Íslands. Aðgangur er ókeypis.

-jbá



**15 ÁRA VINNA AÐ BAKI** Ken Opprann hefur ferðast um heiminn í fjölda ára og er ljósmyndabókin afrakstur ferðalaganna.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Magnúsdóttir Ammendrup**

Eskiholti 1, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, föstudaginn 3. september klukkan 15.00.

**Páll Ammendrup** — **Anna Kristmundsdóttir**
**María J. Ammendrup** — **Ólafur Hermannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þorbjörg *Hulda* Þorvaldsdóttir**

Básbryggju 5,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 23. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 3. september kl. 15.00.

**Björn Rögnvaldsson** — **Olga Hafberg**
**Þorvaldur Birgir Rögnvaldsson** — **Andrea Róbertson**
**Jóna Kristín Rögnvaldsdóttir** — **Gunnar Guðbjörn Gunnarsson**
**barnabörn.**

---



*Bróðir okkar,*

**Jónas Þórhallsson**

bóndi frá Stóra Hamri, Eyjafjarðarsveit,

lést að morgni 29 ágúst síðastliðinn.
Útför auglýst síðar.

**Systkini hins látna.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Svanrún Axelma Skúladóttir Quelch**

Reno Nevada, NBA,

lést föstudaginn 27. ágúst, minningarathöfn fer fram í Reno Nevada að heimili dóttur hennar sunnudaginn 5. september.

**Olgeir Skúli Sverrisson** — **Sigurrós Hermannsdóttir**
**Elín Sjöfn Sverrisdóttir** — **Gunnar Þ. Indriðason**
**Kathryn Martin** — **Gene Martin**
**Robert Quelch**
**barnabörn, barnabarnabörn, systkin og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðrún Sigurðardóttir,**

frá Görðum við Ægisíðu,

er andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir, aðfaranótt fimmtudagsins 26. ágúst, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 3. september og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Guðrún Guðmundsdóttir** — **Þorvaldur Thoroddsen**
**Kristmundur Guðmundsson** — **Margrét Kristjánsdóttir**
**Bryndís Guðmundsdóttir** — **Ottó Tynes**
**Hrefna Guðmundsdóttir** — **Helgi Agnarsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Alice Bergsson Nielsen**

Rjúpnasölum 12, 201 Kópavogi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir góða umönnun og hlýhug.

Örn Helgi Steingrímsson
Örn Hans Arnarson
Gústaf Arnarson — Johanna Friberg Arnarson
Arnar Hans Gústafsson, Eydís Alice Christina Gústafsdóttir.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Oddur Benediktsson**

prófessor,
Lambhaga 12, Álftanesi,

sem lést 17. ágúst, verður jarðsunginn frá Neskirkju mánudaginn 6. september klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið Framför, kt. 620207-2330, reikn: 0101-15-380028.

**Hólmfríður R. Árnadóttir**
**Kolbrún Þóra Oddsdóttir** — **Guðmundur Jónsson**
**Hákon Már Oddsson**
**Árni Geir Pálsson** — **Soffía Waag Árnadóttir**
**Kári Pálsson** — **Guðrún María Ólafsdóttir**
**Guðrún Oddsdóttir** — **Árni Maríasson**
**Katrín Oddsdóttir** — **Kristín Eysteinsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Soffía Aðalbjörg Björgvinsdóttir, Obba,**

lést miðvikudaginn 25. ágúst á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ.
Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 7. september kl. 13.00.

**María Björg Jensen** — **Jón Ingi Guðjónsson**
**Birgir V. Sigurðsson** — **Inga Skaftadóttir**
**Erlín Linda Sigurðardóttir** — **Guðjón Sigurbjörnsson**
**Gréta Ósk Sigurðardóttir** — **Guðmundur Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona og móðir,*

**Ásdís Hallgrímsdóttir,**

er látin. Jarðarförin hefur farið fram. Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á Heimahlynningunni og líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir fórnfúsa umönnun.

**Helgi Angantýsson**
**Hallgrímur P. Helgason**
**Árni Þór Helgason**
**Bragi H. Helgason**
**og aðstandendur.**





# Núið

**BAKÞANKAR**
**Charlotte Böving**



At leve i nuet er livets teknik
Og alle folk gør deres bedste
Men halvdelen vælger det nu som gik
Og halvdelen vælger det næste

**ÞETTA** litla ljóðbrot úr kvæði eftir Piet Hein (ef þú þekkir ekki Piet Hein mæli ég með því að þú gúglir hann) er með í kabarett-einleik sem ég er alveg að fara að frumsýna í Iðnó. Þegar ég segi „alveg að fara að“ vita allir að ég er að tala í framtíð. Framtíðin er ekki nútíð og ef það er eitthvað sem leikarar eiga mjög erfitt með rétt fyrir frumsýningu, þá er það að vera í núinu. Jafnvel þótt maður viti að leikhús er listgrein núsins!

**VIÐ** lifum á tímum sem gera út á núið. Kannski af því að núið er lúxusástand, sem við kunnum varla að njóta? Við erum ýmist föst í fortíð, veltandi okkur upp úr minningum eða að ergja okkur á því sem við hefðum átt að gera eða einhverju sem einhver gerði okkur einhvertíma. Eða við erum komin á flug í framtíðina og höfum áhyggjur af því hvernig allt muni fara. – „Það er bara svo margt sem getur farið úrskeiðis“ hugsum við stöðugt.

**ÞETTA** hlýtur að vera eldgömul eðlishvöt frá tímum þegar við áttum það á hættu að það réðist á okkur ljón, ef í Afríku (!), eða hugsanlega víkingur ef á Íslandi (!). Þessi tilhneiging að ímynda sér alltaf það versta gefur manni tíma til að undirbúa sig, t.d. með því að slípa sverð sitt.

**LEIKARAR** eru ósjaldan þjakaðir af martröðum fyrir frumsýningu. Dæmigert er t.d. að dreyma að maður standi til hliðar við sviðið og muni ekki stikkorðið til að fara inn á. Og þegar maður ákveður loks að hætta sér á svið man maður ekki textann sinn, er nakinn og fattar að maður á alls ekki að vera í tilteknu leikriti, heldur allt öðru sem löngu er búið að frumsýna. Nakinn og varnarlaus reynir maður að flýja sviðið, en fæturnir færa sig ekki úr stað!

**ÓTTINN** er versti óvinur núsins. Ætli mér takist að tjóðra hann á næstu dögum, áður en framtíðin verður að nútíð? Svona er svo margt sem maður getur haft áhyggjur af.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











Nýkomin sending af lömpum með stækkunargleri í úrvali.
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

FJARÐARBÓLSTRUN ehf

Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188


Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

XPRENT
...hönnun og merkingar
„Þú gætir fundið lausnina hjá okkur"
Sandblástursfilmur
Gluggamerkingar
Bakljósafilmur
Sólarfilmur
Límfilmur
Merkingar
Risaprentun
Smáprentun
og margt fleira...
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

Námskeiðin að hefjast

Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

HÁDEGISTILBOÐ
Italiano Pizzeria
Miðstærð af pizzu og gos, 1090,-kr. í hádeginu alla daga
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

ÓTRÚLEG VERÐ
FATA OG DVD
LAGERSALA
FIMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
FRÁ 13:00 – 18:00
GNOÐAVOGUR 44 SÍMI: 544-2200
FYRIR NEÐAN WILSON'S PIZZA

storirstrakar.is
Sigríður Marteinsdóttir
sigga@storirstrakar.is
Sími 699 7885

MP Sólpallar ehf

Gerum tilboð í Sólpalla Hellulagnir
S. 893 3300
www.solpallur.is
24 ára reynsla í faginu

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilaspreutun.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

SMURSTÖÐIN EHF.

„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

Hleðslugrjót og garðamold
Til sölu:
- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf
s. 660 6101
s. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI GRAFARVOGS
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR


Vörubílar og vinnuvélar, öll almenn jarðvinna, trailerakstur og gröfuvinna.
KRAFTLIND EHF - S:866-3533

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.

Krefst ekki meiriprófs réttinda

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

INNRÖMMUN-Tæki
Til sölu mjög góður tækjakostur og nýlegur fyrir innrömmun.
sérlega gott tækifæri til að setja upp á landsbyggðinni.
Mjög gott verð. Uppl. í 773-4700

SPORTBAR MEÐ POOL
Til sölu flottur sportbar með pool og Viðburðaskjám, í 236 fm húsnæði.
Mikið endurnýjað. Jöfn og góð velta.
Mjög gott verð ef samið er strax.
Uppl. á Fyrirtækjasölu Íslands 773-4700

MAE - YA
SUKHOTHAI
Hamraborg 11. Kópavogi
Sjáið matseðilinn á www.thaimatur.is
Réttur dagsins í hádegi kr 980.-
Frábær fjölskyldutilboð
2 kjúklingabitar, franskar, sósa & gos kr. 990.-
Djúpst Ýsa, hrísgrjón & karrý kr. 1090.-
Sími: 564 6677


# Þjónustuauglýsingar

## Alla fimmtudaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

**!** **Klukkan 11 til 22**
*Kviss búmm bang, framandverkaflokkur fólksins, býður óbreyttum borgurum að setjast í forsetastóla átta stærstu iðnvelda heims í Borgarleikhúsinu frá klukkan 11 til 22. Gjörningurinn er hluti af Lókal, alþjóðlegri leiklistarhátíð Reykjavíkur. Nánar á www.lokal.is*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Forsetinn á Skagaströnd*

Fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra þjófstartar 200 ára afmælisdagskrá Jóns forseta Sigurðssonar og stendur fyrir málþingi 12. september í Bjarmanesi á Skagaströnd. Þingið ber yfirskriftina „Framtíð Jóns Sigurðssonar – Karlar á stalli og ímyndasköpun“. Þar munu einmitt nokkrir karlar stíga á stall og ræða með hvaða hætti minningin um Jón forseta sem leiðtoga Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni varð til og mótaðist í íslensku samfélagi fyrstu áratugina eftir andlát hans.




Þrír sagnfræðingar og bókmenntafræðingur flytja erindi á þinginu. Sigurður Gylfi Magnússon ræðir minningarframleiðslu samtímans, Páll Björnsson fjallar um endurfæðingar Jóns Sigurðssonar, Guðmundur Hálfdanarson ræðir um Jón og stofnun Háskóla Íslands, en Jón Karl Helgason flytur erindi um hrókeringar á íslenskum þjóðardýrlingum.

Í lokin verður góður tími til umræðna. Gestir geta haldið áfram að skeggræða Jón Sigurðsson og áhrif hans í Kántrýbæ um kvöldið.

### > Ekki missa af …

Síðustu dagar samsýningarinnar REK í Grandagarði 27 verða 4. og 5. september klukkan 13 til 17. Þar sýna saman þau Kristinn E. Hrafnsson, Hreinn Friðfinnsson, Una Margrét Árnadóttir og Örn Alexander Ámundason.

REK er fyrsta sýningin í nýju vinnustofu- og sýningarhúsnæði Kristins, en þar hyggst hann efna til óreglulegs sýningarhalds, bæði á eigin verkum og annarra.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**25.08.10 - 31.08.10**



**1** **Borða, biðja, elska - kilja** Elizabeth Gilbert



**2** **Vitavörðurinn - kilja** Camilla Läckberg



**3** **Barnið í ferðatöskunni - kilja** Lene Kaaberbol/Agnete Frills



**4** **Eyjafjallajökull** Ari Trausti og Ragnar Th.



**5** **Íslensk-dönsk/dönsk-íslensk vasaorðabók** - Halldóra Jónsd.



**6** **Lost in Iceland** Sigurgeir Sigurjónsson



**7** **365 hugmyndir til að teikna og mála**



**8** **Matsveppir í náttúru Íslands** Ása Margrét Ásgrímsdóttir



**9** **Ensk-íslensk orðabók** Orðabókaútgáfan



**10** **Lífgleði njóttu - kilja** Dale Carnegie

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Norrænt velferðarLókal

**Lókal, alþjóðlegri leiklistarhátíð í Reykjavík, var hleypt af stokkunum í gær og stendur hún fram á sunnudag. Norræn leikverk eru í öndvegi á hátíðinni, en norræn samtímaleikritun hefur átt erfitt uppdráttar í íslenskum leikhúsum undanfarin ár.**

Að þessu sinni verða sýnd sex verk á Lókal-hátíðinni, tvö íslensk, eitt þýskt og fjögur frá Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð.

Hátíðina skipuleggja Ragnheiður Skúladóttir, Bjarni Jónsson og Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir.

„Við ákváðum að hafa norræna áherslu á hátíðina í ár en buðum Rimini Protokoll, leikhópi frá Berlín sem hlaut Evrópsku leiklistarverðlaunin 2008, sem sérlegum gesti.“

### Heimildarverk

Að sögn Ragnheiðar má skipta verkum hátíðarinnar í tvo flokka: heimildarverk og afbyggjandi verk. Í fyrri flokkinn falla verk Rimini Protokoll, norska sýningin Draumurinn og íslensku sýningarnar Nígerusvindlið og The Great Group of Eight.

„Í sýningu Rimini Protokoll stígur fram kona, blaðamaður reyndar, sem segir frá ævi sinni sem hófst í Suður-Kóreu, þar sem hún fannst pökkuð inn í dagblöð. Hún var ættleidd til Þýskalands og þegar hún vildi síðar leita uppruna síns hafði hún ekkert í höndunum. Hún leitaði því til Decode og fékk genakort wkemur Íslandstengingin. Sýningin fjallar meðal annars gagnrýnið um ættleiðingar og það er mjög áhugavert.

Draumurinn er sjónræn sýning og um leið persónuleg frásögn leikarans og fellur undir skilgreininguna heimildarverk. Sama má segja um íslensku sýningarnar tvær.“

### Afbyggjandi verk

Í seinni flokknum eru verk sem ganga út á afbyggingu þekktra leiktexta. „Í dönsku sýningunni leikur hópurinn sér með Dverginn eftir Pär Lagerkvist, undir stjórn Egils Heiðars Antons Pálssonar. Í sænsku sýningunni fara tveir leikarar með öll hlutverk í Afturgöngum Ibsens. Og í finnsku sýningunni má segja að hafi verið snúið á kerfið.

Hópurinn sóttist eftir því að setja upp Undantekninguna eftir Brecht en fékk ekki leyfi frá ættingjum skáldsins. Hópurinn ákvað því að búa til sína eigin útgáfu af verkinu.“

### Norræn verk orðið útundan

Norræna áhersla hátíðarinnar leiðir hugann að því að nýleg norræn leikrit hafa verið afar fátíð í íslenskum leikhúsum undanfarin ár. Undir það tekur Ragnheiður.

„Það er dálítið merkilegt. Okkur datt þessi norræna áhersla í hug á finnskri leiklistarhátíð fyrir tveimur árum. Þar sáum við meðal annars uppfærslur af verkum sem höfðu verið tilnefnd til Norrænu leiklistarverðlaunanna og hugsuðum einmitt af hverju þessi verk væru ekki sýnd á Íslandi.

Okkar getgáta er sú að íslenskt leikhúsfólk sé of gjarnt á að líta sér fjær.

Það er gífurleg gróska og mikil samvinna í leikhúslífi hinna Norðurlandanna, sem við höfum því miður ekki tekið mikinn þátt í. Í starfi mínu sem deildarforseti leiklistardeildar LHÍ finn ég hins vegar að það er að verða ákveðin vakning í samstarfi við norræna skóla og á eflaust eftir að verða vísir að meiru.



**Á BLEIKUM SÍÐKJÓLUM** Í sýningu Teatr Weimar leika tveir skeggjaðir ungir menn, annar þeirra í síðkjól, nýja útgáfu af „Afturgöngum“ Ibsens.



**LÓKALFÓLKIÐ** Ragnheiður Skúladóttir og Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir skipuleggja Lókal-hátíðina ásamt Bjarna Jónssyni, sem vantar á myndina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Á erlendri tungu

Öll leikrit hátíðarinnar eru flutt á frummálinu, fyrir utan verk Rimini Protokoll, sem er á ensku. Ragnheiður telur tungumálaörðugleika ekki eiga eftir að setja strik í reikninginn. „Flestir hafa einhverja kunnáttu í Norðurlandamálum en á heimasíðu okkar og við inngang sýninganna má nálgast úrdrátt á ensku fyrir öll verkin, nema Dverginn. Það vill hins vegar svo til að þessar sýningar eru allar mjög sjónrænar og innihalda mikla tónlist, svo flestir ættu að geta notið þeirra.“

bergsteinn@frettabladid.is


ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS
TENGI
20% afsl. af öllum hreinlætis- og blöndunartækjum*
HREINLÆTISTÆKJADAGAR
LOKADAGUR 4. SEPTEMBER
GÆÐI ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI
Ifö
Ifö
mora
Ifö salerni. Tilboð kr. 27.900,-
Sphinx
Sphinx
Ifö Next sturtuklefi 90x90 m/stálbotni.
Tilboð kr. 85.000,-
Mora sturtusett.
Tilboð kr. 3.990,-
Sphinx upphengt salerni án setu. Tilboð kr. 12.550,-
Sphinx Lugano borðhandlaug
Tilboð kr. 6.275,-
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
*enginn afsláttur veittur af sérverðum

FRAMKOMU- & FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 21. OG 23. SEPTEMBER

SJÁLFSTYRKING ○ FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR
INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF ○ FÖRÐUN ○ UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS
MYNDATAKA ○ TÍSKUSÝNINGARGANGA ○ FYRIRSÆTA KEMUR Í HEIMSÓKN
FÍKNEFNAFRÆÐSLA ○ LEIKRÆN TJÁNING

Umsjónarkennari námskeiðsins er Edda Björk Pétursdóttir fyrirsæta hjá Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, snyrtibuddu og mascara frá Maybelline, viðurkenningarskjal og 10 sv/hv myndir.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.

Skráning er hafin í síma 533-4646 eða eskimo@eskimo.is

VERÐ 17.900




FRÉTTABLAÐIÐ BYLGJAN 989

TAKIÐ EFTIR!

SPURNINGALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS OG BYLGJUNNAR ER AÐ HEFJAST

SPURNING DAGSINS
Létt spurning alla virka daga, nema föstudaga, hjá Ívari og Rúnari á Bylgjunni, úr Fréttablaði hvers dags. Manstu svarið? Hringdu í 567 1111, þú gætir unnið kassa af Maltesers og 5.000 kr. gjafabréf í Eymundsson.

HELGARGETRAUNIN
Laufléttar spurningar birtast í helgarblaði Fréttablaðsins en svörin leynast í Fréttablöðum liðinnar viku. Þú sendir inn rétt svar á visir.is og gætir unnið tvær ferðir með Icelandair. Dregið úr réttum lausnum í Reykjavík síðdegis og hringt í vinningshafann. Með réttu svari við auka-spurningu tryggir hann sér þriðju ferðina með Icelandair.

Ferðir með Icelandair, kassar af Maltesers súkkulaði og gjafabréf í Eymundsson í vinning.

MUNDU: Leitin á visir.is vísar líka á efni í Fréttablaðinu

Maltesers Eymundsson ICELANDAIR



**GERÐARLEG VERÐLAUN** Í umsögn dómnefndar segir að Gerður sameini fagurlega þekkingu, skemmtun og listrænt gildi í Garðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Garðurinn gerir garðinn frægan

**Gerður Kristný hlaut í gær Barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins fyrir skáldsöguna Garðinn. Gerður gleðst yfir athyglinni sem barna- og unglingabækur fá og ætlar að skrifa framhald af Garðinum.**

„Þetta er auðvitað jákvætt, vekur athygli á Garðinum, sem og öðrum skrifum fyrir börn og barnamenningu almennt,“ segir Gerður Kristný um verðlaun Vestnorræna ráðsins. Ólína Þorvarðardóttir, formaður ráðsins, og Dagný Kristjánsdóttir prófessor afhentu Gerði verðlaunin, sem nema um 1,2 milljónum íslenskra króna, við hátíðlega athöfn í Alþingishúsinu í gær.

Þetta er í fimmta skipti sem verðlaunin eru veitt en þeim er úthlutað annað hvert ár. Dómnefnd barnabókaverðlaunanna skipaði Oddfríður Marni Rasmussen frá Færeyjum, Vera Lise Rosing Olsen frá Grænlandi og Dagný Kristjánsdóttir frá Íslandi. Auk Garðsins voru barnabækurnar Várferðin til Brúnna eftir Rakel Helmsdal frá Færeyjum og Sila eftir Lana Hansen frá Grænlandi tilnefndar. Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars að Garðurinn sé „unglingabók, samtímasaga og fortíðarsaga, skrifuð af fagmennsku og sjaldgæfum glæsibrag,“ þar sem Íslandssagan leiki stórt hlutverk.

Bókin sló í gegn þegar hún kom út fyrir jólin 2008 og standur til að gera kvikmynd eftir henni. Aðspurð hvort hún hyggist skrifa framhald segir Gerður svo vera. „Það væri asnalegt að gera það ekki,“ segir hún. „Söguhetjan Eyja þurfti hins vegar að þola svo margt í Garðinum að ég þori ekki að leggja meiri byrðar á unglingsherðar hennar. Ég var því að pæla í að herja á einhverja aðra úr vinkvennahópi hennar. Ég er búin að plotta þá sögu frá A til Ö og þarf bara að komast í að skrifa hana,“ segir Gerður sem telur að framhaldið gæti komið út fyrir þarnæstu jól. bergsteinn@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 02. september**

### ➜ Tónleikar

**12.00** Hádegistónleikar verða í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði, með **Garðari Thór Cortes** og Antoníu Hevesi. Tónleikarnir hefjast kl. 12.00.

**21.00** Hljómsveitirnar Draumhvörf, Mikado og Two Tickets to Japan halda tónleika á **Faktorý** í kvöld. Húsið opnar kl. 21.00, tónleikarnir hefjast kl. 22.00. Frítt inn.

Hljómsveitin Melchior heldur útgáfutónleika á Café Rósenberg í kvöld.

### ➜ Leiklist

**20.00** IBSENDEKONSTRUKTION I: GENGÅNGERE, í uppfærslu sænska leikhópsins **Teatr Weimar** verður sýnd í kvöld kl. 20.00 í Smiðjunni, LHÍ, að Sölvhólsgötu. Leiksýningin er hluti af **Lókal**, alþjóðlegri leiklistarhátíð Reykjavíkur. Nánar á www.lokal.

**20.00** Black Tie, í uppfærslu **Rimini Protokoll** verður sýnd í kvöld kl. 20.00 á Hótel Sögu. Leiksýningin er hluti af Lókal, alþjóðlegri leiklistarhátíð Reykjavíkur. Nánar á www.lokal.is

**22.00** Undantekningin, í uppfærslu sænska leikhópsins **Nya Rampen** verður sýnd í kvöld kl. 22.00 í Þjóðleikhúsinu. Leiksýningin er hluti af Lókal, alþjóðlegri leiklistarhátíð Reykjavíkur. Nánar á www.lokal.is

### ➜ Opnanir

**17.00** Silvia Björg opnar sýninguna **Earths Alchemy** á Hótel Keili, Hafnargötu 37, Keflavík, í dag kl. 17.00.

Listsýning **Línu Rutar** opnar í dag í Kaffitári, að Stapabraut 7, Reykjanesbæ.

### ➜ Upplestur

**20.30** **Wolfgang Müller** kynnir verk sín í bókabúð Máls og Menningar, Laugavegi 18, í kvöld kl. 20.30. Léttar veitingar í boði.

### ➜ Kvikmyndir

**17.30** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Hetja eftir **Zhang Yimou** í Öskju, stofu 132 í dag. Sýningin hefst kl. 17.30 og er öllum opin. Frítt inn.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Dr. Dörte Andres heldur fyrirlestur um ráðstefnutúlkun á vegum Þýðingarseturs Háskóla Íslands í dag kl. 12.00-13.00. Fyrirlesturinn fer fram á ensku í stofu 101 í **Odda**. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Í SKÓLANUM ER GAMAN

## FRIGG
hálfrennd peysa

Einnig í svörtu & bláu



Þornar fljótt & andar vel.
**VERÐ: 7.900 kr.**

## FRIGG
leggings & buxur



Hlýjar & teygjast vel.
**VERÐ: leggings: 6.900 kr.**
**VERÐ: buxur: 6.900 kr.**

## LOKI
peysa

Einnig í rauðu



Létt & þægileg.
**VERÐ: 8.200 kr.**

## MAGNI
parka

Einnig í rauðu



Hlý vattfóðruð úlpa
úr 100% næloni.
**VERÐ: 24.500 kr.** (4 - 14 ára)

## MAGNI
dúnúlpa

Einnig í svörtu



Klassísk dúnúlpa.
**VERÐ: 18.000 kr.** (1 - 4 ára)
**VERÐ: 21.000 kr.** (6 - 14 ára)

## HEIÐRÚN
Primaloft úlpa

Einnig í rauðu



Lipur og hlý.
Vatnsfráhrindandi.
**VERÐ: 23.800 kr.** (4 - 14 ára)

## ANDVARI
derhúfa og húfa

Fleiri litir



Handprjónaðar úr 100% Merino ull.
**VERÐ húfa : 3.900 kr.**
**VERÐ derhúfa: 4.900 kr.**

## DUNLOP
stígvél

PU efni



Fóðruð & heilsteypt. Þola -20°C.
**VERÐ: 6.800 kr.** (stærð: 22-28)
**VERÐ: 7.800 kr.** (stærð: 29-37)

## VALHÖLL
ullarnærföt

Kláðafrí ull



Hlý og létt úr 100% Merino ull.
**VERÐ bolur: 5.900 kr.**
**VERÐ buxur: 4.700 kr.**

**Höfuðborgarsvæðið:** Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan,
Smáralind og Miðhraun 11 **Akureyri:** Glerártorg
**Keflavík:** Leifsstöð (selur ekki stígvél)

www.66north.is

66° NORÐUR


BREIÐBANDIÐ


ORRI HARÐAR

> Í SPILARANUM

Interpol - Interpol
Breiðbandið - Bætir á sig
Orri Harðar - Albúm

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ókind rýfur fjögurra ára þögn

Rokksveitin Ókind rís upp frá dauðum og spilar í eina kvöldstund á Faktorý á laugardagskvöld. Ókind spratt fullsköpuð fram árið 2002 og náði öðru sæti í Músíktilraunum. Á næstu fjórum árum gaf hún út plöturnar Heimsenda 18 og Hvar í Hvergilandi, sem báðar hlutu náð fyrir augum og eyrum gagnrýnenda. Haustið 2006 tilkynnti Ókind að nú væri þetta orðið gott í bili. Svo þagnaði hún í fjögur ár.

„Þetta er eiginlega gjörningur, bara einir tónleikar," segir Steingrímur Karl Teague, sem hefur getið sér gott orð að undanförnu með hljómsveitinni Moses Hightower. „Við erum félagar líka utan hljómsveitarinnar. Það var alltaf voða skrítið að vera að hittast og ekki spila.


**ÓKIND** Hljómsveitin Ókind rís upp frá dauðum á laugardagskvöld eftir fjögurra ára þögn.

Við erum búnir að æfa stíft og erum að reyna að troða okkur í rokkbuxurnar aftur. Miðað við hvernig þetta er búið að vera á æfingum þá er þetta farið að hljóma ágætlega," segir hann og bætir við: „Ástæðan fyrir því að við gerðum þetta er að Ingi gítarleikari er að flytja til London, þannig að það er núna eða aldrei."

Flestir meðlimir Ókindar hafa verið viðloðandi tónlist síðan hún fór í frí. Ingi Einar er tónleikaljósamaður, bassaleikarinn Birgir Örn upptökustjóri, og söngvarinn og hljómborðsleikarinn Steingrímur hefur starfað í hljómsveitunum Ojba Rasta og Stórsveit Samúels J. Samúelssonar, ásamt Moses Hightower.

Söngvaskáldið Jón Þór (úr Lödu Sport og Dynamo Fog) sér um upphitun á tónleikunum á Faktorý. Aðgangur er ókeypis og platan Hvar í Hvergilandi verður til sölu á góðu verði.



## TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

# *Listi sem lofar góðu*

Nú er ágúst liðinn og haustið skollið á. Það þýðir að það eru síðustu forvöð að komast í berjamó, skólarnir eru að fyllast af lífi og maður þarf að fara að kynna sér hvaða tónlistarmenn spila á Airwaves. Iceland Airwaves 2010 fer fram dagana 13.-17. október og listinn yfir þátttakendur er þegar orðinn ansi þéttur. Hátíðin er undir nýrri stjórn í ár sem skilar sér vonandi í enn betri hátíð bæði fyrir tónlistarmenn og tónlistarunnendur.

Iceland Airwaves hefur alltaf snúist annars vegar um að kynna það besta í íslenskri tónlist fyrir erlendum fjölmiðlum og hins vegar að kynna Íslendingum upprennandi erlenda tónlistarmenn. Og svo að koma á samtali á milli allra þessara tónlistarmanna. Þegar maður skoðar listann yfir þá sem spila á hátíðinni í ár þá eru áherslurnar að mestu leyti þær sömu og undanfarin ár. Rjóminn af íslensku senunni er þarna og svo fullt af erlendum listamönnum sem maður hefur marga hverja aldrei heyrt nefnda á nafn áður. Það er einmitt það sem gerir Airwaves svo spennandi.

ICELAND AIRWAVES October 13 -17 '10

Á meðal þekktari erlendra nafna í ár má nefna Bombay Bicycle Club og Mount Kimbie frá Bretlandi, Hercules & Love Affair og The Antlers frá Bandaríkjunum, Efterkland og Oh No Ono frá Danmörku og Slagsmalsklubben og Robyn frá Svíþjóð. Allt listamenn sem gaman verður að sjá. Og þegar maður kynnir sér listann yfir flytjendur á www.icelandairwaves.is og hlustar á tóndæmin þá kemst maður að því að mörg minna þekktu nafnanna eru spennandi líka. Kanadíska indiebandið Timber Timbre er t.d. frábært og það sama má segja um enska plötusnúðinn og raftónlistarmanninn Ramadanman, franska tilraunadúóið GaBlé, bresku rafpoppsveitina Silver Columns, bandarísku sveitina Neon Indian og finnsku stelpurnar í Le corps mince de Françoise. Og við erum rétt að byrja.

Eitt af því sem er nýtt á Airwaves í ár er að goðsagnakennd sveit úr íslenskri rokksögu er sérstaklega endurvakin til að spila á hátíðinni. S.H draumur spilar ásamt Ham o.fl. á Nasa á fimmtudagskvöldinu. Það verða fyrstu tónleikar sveitarinnar í 17 ár.




*Balletnámskeið*

*fyrir yngri nemendur og framhaldsnemendur*

**Ballet-leikskóli**
*Ein kennslustund í viku, 3 – 4 ára*

**Ballet-forskóli**
*Ein kennslustund í viku, 4 – 6 ára*

**Balletstig**
*2 – 3 kennslustundir í viku, 7 ára og eldri*

Kennslan skiptist í tvær annir. Haustönnin er 12 vikna námskeið, og vorönnin 12 – 14 vikna námskeið.
**Kennt er í Skipholti 35 í Reykjavík, og Íþróttahúsi Breiðabliks í Kópavogi.**
Frekari upplýsingar á balletskoli.is
Skólinn er aðili að Frístundakorti ÍTR.

*Innritun er hafin í síma 567 8965 og 588 4960*

balletskóli sigríðar ármann


# Interpol fetar nýjar slóðir

**Hljómsveitin Interpol gefur á næstunni út sína fjórðu plötu. Átta ár eru liðin síðan hin frábæra Turn on the Bright Lights kom úr.**


**INTERPOL** Nýja platan er sú síðasta með bassaleikaranum Carlos Dengler um borð. Hann er annar frá vinstri.

Fjórða plata Interpol kemur út á þriðjudaginn. Hún er samnefnd hljómsveitinni og gefin út hjá upphaflega útgáfufyrirtækinu þeirra, Matador Records.

Interpol var stofnuð árið 1997 í New York-borg og var upphaflega skipuð þeim Paul Banks, Daniel Kessler, Carlos Dengler og Gred Drudy. Trommarinn Drudy hætti í sveitinni árið 2000 og í hans stað kom Sam Fogarino.

Hljómsveitin vakti fyrst verulega athygli árið 2002 með plötunni Turn on the Bright Lights. Draumkenndri og drungalegri tónlistinni í anda Joy Division var vel tekið og platan komst ofarlega á marga árslista hjá tónlistarspekúlöntum. Eins og von er var væntingarnar miklar fyrir næstu plötu, Antics. Hún seldist gríðarlega vel og hlaut fína dóma þó svo að margir gagnrýnendur teldu hana ekki eins góða og frumburðinn. Antics var ekki eins drungaleg og Turn on the Bright Lights en viðlögin voru á hinn bóginn stærri og meira grípandi og aðdáendahópurinn varð enn stærri fyrir vikið. Þrjú lög af plötunni komust ofarlega á vinsældalista og mörg lög voru einnig notuð í sjónvarpsþætti og auglýsingar. Interpol var orðin risastór og næsta skref var því að semja við stórfyrirtækið Capitol. Platan Our Love To Admire, kom út 2007 á vegum fyrirtækisins. Tónninn var orðinn aðeins poppaðari og hljómurinn var breiðari. Til dæmis notaði Interpol hljómborð í fyrsta sinn á plötunni, sem fékk misjafnar viðtökur og mörgum þótti hún skref aftur á bak, þrátt fyrir að á henni séu nokkur framúrskarandi lög.

Nýja platan er að einhverju leyti afturhvarf til fyrstu plötunnar Turn on the Bright Lights með þeirri drungalegu fegurð sem þar var ríkjandi. Þó er ljóst að hljóðheimur sveitarinnar hefur þróast töluvert og er orðinn margslungnari en áður. Þetta er síðasta platan með bassaleikaranum Carlos Dengler sem hætti óvænt á dögunum af einkaástæðum. Interpol hefur því breyst í tríó en á tónleikaferð sveitarinnar um heiminn fær hún aðstoð frá kempunni David Pajo, sem hefur spilað með Will Oldham, Slint og Yeah Yeah Yeahs, og Brandon Curtis úr bandarísku sveitinni The Secret Machines.

„Helsta markmiðið okkar við gerð plötunnar var að feta nýjar slóðir og reyna að gera hlutina öðruvísi en áður," sagði gítarleikarinn Daniel Kessler. „Tónlistin okkar hefur vitaskuld sín sérkenni sem fólk kannast við en við vildum finna nýjar aðferðir við að semja lög og taka okkur tíma í það. Mér finnst okkur hafa tekist að horfa fram á við, sem þú hefur einmitt meiri þörf fyrir eftir því sem þú þroskast meira og eldist."

**PLÖTUR INTERPOL**

Interpol (2010)
Our Love to Admire (2007)
Antics (2004)
Turn on the Bright Lights (2002)

# Dirty með tvöfalda útgáfu

Hljómsveitin Dirty Projectors frá Brooklyn gefur 28. september út tvöfalda viðhafnarútgáfu af síðustu plötu sinni Bitte Orca, sem var af mörgum talin ein sú besta á síðasta ári, enda uppfull af skemmtilegri og tilraunakenndri tónlist.

Útgáfan hefur annars vegar að geyma upphaflegu plötuna og hins vegar plötu með tónleikaupptökum úr plötubúðinni Other Music í New York, auk laga sem voru eingöngu fáanleg sem B-hliðar á vínyl-smáskífum. Einnig verður á plötunni ný útgáfa Dirty Projectors á lagi Bobs Dylan, As I Went Out One Morning af plötunni John Wesley Harding frá árinu 1967. Fram undan hjá hljómsveitinni er síðan fjöldi tónleika, þar á meðal í Madison Square Garden ásamt Phoenix og Wavves.


**DIRTY PROJECTORS** Hljómsveitin sendir í lok mánaðarins frá sér tvöfalda útgáfu af sinni nýjustu plötu.

Stutt er síðan Dirty Projectors gaf út í samstarfi við Björk EP-plötuna Mount Wittenberg, sem fékk 7,7 af 10 mögulegum í einkunn á tónlistarsíðunni Pitchfork.com. Hljómsveitin hefur á ferli sínum gefið út tíu plötur, þá fyrstu árið 2003 sem hét The Glad Fact.


FATA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
Glænýjar vörur beint frá London
ódýrt
Föt fyrir alla fjölskylduna í miklu úrvali
Kápa st. 38-42 verð 7990
Dömubuxur st. 36-42 verð 4999
Dömu jogging st.s/m-m/l verð 2499
Stelpu jogging st. 4-12ára Verð 2499
Army buxur st.4-14ára Verð 2499
Hattur verð 1999
Herragallabuxur st 30-38 Verð 5999
Stelpugallabuxur s.1-6ára verð 1499
Stráka jogging st.4-12ára Verð 2499
Stráka jogging st 4-12ára verð 1999
Hettupeysa st 4-12ára verð 2999
Dömu hlýri st.8-16 verð aðeins 1499
Herra skyrta st.s-xl verð 3999
Derhúfur verð 1999
Opið frá kl. 11 - 19
Birt með fyrirvara um prentvillur
FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19 - ALLA DAGA VIKUNNAR

# bíó

bio@frettabladid.is

## > DWAYNE Í FRAMHALDI

**Dwayne Johnson**, oftast kallaður Rock, mun taka við af Brendan Fraser í framhaldsmyndinni af Journey to the Center of Earth. Josh Hutchinson mun snúa aftur í sitt hlutverk en ekki liggur fyrir hvort Anita Briem verði fengin í sitt hlutverk á nýjan leik.



# Ólíkindatól taka við hetjuhlutverkinu

Allen Gamle og Terry Hoitz eru „hinar“ löggurnar. Þeir fá auðveldustu málin, keyra ekki um á hraðskreiðum bílum né fylla líkama þjófa af blýi á götum úti. Hins vegar eru Danson og Higsmith slíkar hetjur sem vernda borgara frá óþjóðalýð og beita til þess hefðbundnum Hollywoodstælum. En dag einn gefst Gamble og Hoitz kærkomið tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Það eru þeir Will Ferell og Mark Wahlberg sem leika aðahlutverkin í kvikmyndinni The Other Guys en hún hefur fengið frábæra dóma og góða aðsókn. Í hlutverkum hasarhausanna eru þeir Rock og Samuel L. Jackson en leikstjóri er Adam McKay. Þá leikur Eva Mendez eiginkonu Wills Ferrell sem býður upp á nokkur kostuleg augnablik.

Heimildarmyndin Future of Hope eftir Henry Bateman fjallar um íslenska efnahagshrunið og hvort eitthvað jákvætt geti hugsanlega komið út úr því. Bateman og framleiðandinn Heather Millard höfðu svo mikinn áhuga á að gera þessa mynd að þau dvöldust í tjaldi fyrst eftir komuna til Íslands. Meðal þeirra sem er rætt við í myndinni má nefna Vigdísi Finnbogadóttur og Andra Snæ Magnason.

Pétur Jóhann Sigfússon þreytir frumraun sína í leiklestri í teiknimyndinni Aulinn ég en það er Steve Carell sem talar inn á ensku útgáfuna. Myndin hefur fengið afbragðsgóða dóma og er meðal annars í þrettánda sæti yfir tekjuhæstu teiknimyndir allra tíma.



**SEINHEPPNAR LÖGGUR** Will Ferrell og Mark Wahlberg leika tvær misheppnaðar löggur í The Other Guys.



**VILL SEGJA EITTHVAÐ** Jessicu Alba langar líka að leika í myndum sem segja eitthvað og telur Machete vera slíka mynd.

# Stolt af söguþræðinum

Bandaríska leikkonan Jessica Alba kveðst vera stolt af söguþræði kvikmyndarinnar Machete en myndin verður frumsýnd um helgina í Bandaríkjunum. Alba segist venjulega vera að skemmta fólki með leik sínum en er ánægð með að getað leikið í kvikmynd sem hafi sterkan pólitískan undirtón. „Venjulega eru kvikmyndir bara afþreying, sérstaklega í Hollywood. Þar er ekki lögð áhersla á að segja eitt eða neitt. Í öðrum löndum eru kvikmyndir notaðar til að koma á framfæri einhverjum boðskap og kvikmyndir eru þar ákveðið listform,“ segir Alba en Macheta þykir taka málstað innflytjenda í Bandaríkjunum sem lengi hafa átt undir högg að sækja.

Alba hefur fyrst og fremst verið þekkt fyrir hlutverk sín í rómantískum gamanmyndum þótt vissulega hafi hún einnig leikið Storm í Fantastic Four-myndunum. Hún segist ekki vilja einskorða leik sinn við gamanmyndir né hasarmyndir. „Ferill minn hófst í hasar þegar ég lék fyrir James Cameron í Dark Angel. En ég elska gamanmyndir og þær eru ástæðan fyrir því að ég fór að leika,“ segir Alba sem birtist einnig í Meet The Parents: Little Fockers.

# Draugar Romans Polanski

**Nafn Romans Polanski hefur oftar verið nefnt í tengslum við 33 ára gamalt dómsmál og Manson-fjölskylduna en kvikmyndagerð hans. Hann þykir þó sýna gamalkunna takta í sinni nýjustu mynd, Ghost Writer.**



**STIMPILL SEM ALDREI HVERFUR** Roman Polanski var dæmdur fyrir að hafa haft samræði við stúlku undir lögaldri. Hann flúði land og býr nú í París. Kvikmyndir hans eru margar hverjar hreinasta meistaraverk en dómurinn verður alltaf nátengdur nafni hans.

Kvikmyndin Ghost Writer skartar þeim Pierce Brosnan, Ewan McGregor, Kim Cattral og Timothy Hutton í helstu hlutverkum. Í stuttu máli segir myndin frá rithöfundi sem er falið það verkefni að skrifa ævisögu fyrrum forsætisráðherra Breta, Adams Lang. Sá virðist hafa töluvert óhreint mjöl í pokahorninu og er meðal annars ásakaður um stríðsglæpi. Rithöfundurinn hefur góða ástæðu til að óttast um líf sitt enda féll síðasti ævisagnaritari forsætisráðherrans frá í dularfullu slysi.

Gagnrýnendur hafa keppst við að hlaða Ghost Writer lofi, telja Polanski vera í sínu besta formi í leikstjórastólnum. Leikstjórinn sjálfur hefur vísað því á bug að sagan sé innblásin af starfi Tony Blair í forsætisráðherrastól Bretlands en Pierce Brosnan viðurkenndi sjálfur í blaðaviðtölum að honum hefði dottið Blair í hug eftir lestur handritsins. Sumir fjölmiðlar eru farnir að spá því að Polanski gæti fengið tilnefningu til Óskarsverðlauna en þá yrði hann að fylgjast með úrslitunum í sjónvarpi á heimili sínu í París.

Polanski er enn eftirlýstur af yfirvöldum í Kaliforníu fyrir að hafa átt samræði við þrettán ára gamla stúlku inni á baði hjá Jack Nicholson 11. mars 1977. Polanski var þá illa á sig kominn andlega eftir að Manson-gengið réðst inn á heimili hans átta árum áður og myrti ólétta eiginkonu hans, leikkonuna Sharon Tate. Polanski hefur alla tíð haldið því fram að hann hafi ekki nauðgað stúlkunni, honum hafi ekki verið kunnugt um aldur hennar. Leikstjórinn var dæmdur til 90 daga geðmeðferðar í Chino ríkisfangelsinu en var útskrifaður eftir aðeins 42. Í kjölfarið lagði dómari í málinu á ráð um að dæma Polanski til frekari refsingar en þegar leikstjórinn komst á snoðir um þær fyrirætlanir flúði hann til Parísar þar sem hann dvelst.

Polanski var hnepptur í stofufangelsi af svissneskum yfirvöldum á síðasta ári en var sleppt eftir fjögurra mánaða dvöl þar sem framsalsbeiðni Bandaríkjastjórnar þótti ekki fullnægjandi. Stúlkan, Samantha Geimer, hefur opinberlega fyrirgefið Polanski fyrir það sem hann gerði. Auk þess hefur hún beðið bandarísk yfirvöld um að aflétta handtökuskipuninni. „Polanski eyðilagði ekki líf mitt, það voru fjölmiðlar. Ég vona að þetta mál verði látið niður falla því þá hætta blaðamenn að hringja í hvert skipti sem hans nafn ber á góma og ég get haldið áfram að lifa mínu lífi,“ sagði Geimer á sínum tíma en hún er þriggja barna móðir á Havaí.

Kvikmyndir Polanski eru margar hverjar hrein listaverk; Rosmary‘s Baby hræddi líftóruna úr ´68 kynslóðinni, Jack Nicholson skaust endanlega upp á stjörnuhimininn sem Jack Gittes í Chinatown og Adrien Brody getur þakkað leikstjóranum fyrir að einhver muni eftir nafninu hans eftir stórkostlega frammistöðu þeirra tveggja í The Pianist. Síðasta myndin úr smiðju Polanski var frumsýnd fyrir fimm árum en það var Oliver Twist með Ben Kingsley í hlutverki þjófakóngsins Fagins. Polanski er án nokkurs vafa snillingur í kvikmyndagerð en því miður fyrir hann, verður minning hans alltaf nátengd kynferðislegri misnotkun á barni og Mansonmorðunum.

freyrgigja@frettabladid.is





## INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða. Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*



Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*



Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101**


# George Clooney í pólitíkina

Bandaríska stórstjarnan George Clooney er orðaður við ótal verkefni þessa dagana í Hollywood. Samkvæmt vef kvikmyndatímaritsins Empire þykir líklegast að næsta kvikmynd hans verði Farragut North. Clooney hyggst ekki leika í myndinni heldur leikstýra en Farragut North yrði byggð á samnefndu leikriti Beu Willimons sem sett var upp á Broadway 2007 við góðar undirtektir gagnrýnenda.

Orðrómurinn um áhuga Clooney á verkinu fór fyrst af stað um það leyti sem leikverkið var frumsýnt. Þá var talað um stjörnumprýdda kvikmynd með Leonardo DiCaprio í aðahlutverkinu. En svo dó sú kjaftasaga út. Verkið er nokkuð pólitískt (eitt af hugðarefnum Clooney) og fjallar um forsetaframbjóðanda sem ákveður að fara í rógsherferð gegn þingmanni úr sínu kjördæmi.

DiCaprio er víst út úr myndinni en Star Trek-leikarinn Chris Pine hefur verið orðaður við það. Og það er kannski ekkert skrýtið; Pine lék hlutverkið á Broadway. Þá hefur Philip Seymour Hoffman verið nefndur sem hinn ólánsami þingmaður. Paul Giamatti hefur einnig verið nefndur til sögunnar auk Marisu Tomei og Evan Rachel Wood. Hljómar nokkuð skothelt frá draumasmiðju George Clooney.



**HLAÐINN VERKEFNUM** George Clooney er hlaðinn verkefnum en næsta mynd hans í leikstjórastólnum verður að öllum líkindum Farragut North.

# TIL HAMINGJU

Með útgáfu 200. tölublaðs Mynda mánaðarins.

Þökkum gott samstarf við vinnslu glæsilegs
tímarits í 16 ár, frá árinu 1994.

Starfsfólk Ísafoldarprentsmiðju




**Ísafoldarprentsmiðja** • Suðurhraun 1 • Garðabæ • 595 0300 • www.isafold.is

## > DREKKUR EKKI

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian segist ekki drekka mikið áfengi því henni líki ekki hvernig það smakkast. „Ég hef drukkið hvítan rússa inn á milli því hann smakkast eins og kakómjólk. Mér finnst í lagi þótt ég fái mér í glas einstaka sinnum, enda er ég orðin þrítug.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Þrjóska heldur Baggalúti á lífi

„Sumarfríið var mjög gott, bæði fyrir okkur og sérstaklega fyrir lesendur. Núna erum við búnir að hlaða öll hugsanleg batterí,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, Baggalútur.

Vefsíðan vinsæla Baggalutur.is er komin aftur af stað eftir sumarfrí, mörgum netverjum til mikillar ánægju. Útlit síðunnar hefur verið endurbætt auk þess sem fleiri myndbönd verða í boði en áður.

„Við ákváðum á stjórnarfundi að veita auknum fjármunum og tíma í sjónvarpsframleiðslu. Íhaldssami lesendaarmurinn verður örugglega arfareiður,“ segir Bragi, sem er spenntur fyrir vetrinum: „Við sáum fram á sóknarfæri þegar Spaugstofan er horfin en það er horfið aftur. Við vorum að vonast til að þetta yrði okkar ár en, nei, það er ekki því að heilsa. Við verðum bara áfram í rólegheitunum á internetinu. Það hentar okkur ágætlega. Það er líka svo útbreitt,“ segir hann grafalvarlegur.

Tíu ár eru liðin síðan Baggalútur steig fram á sjónarviðið. Bragi segir þá félaga aldrei hafa búist við að endast eins lengi og raun ber vitni. „Það var meira spurning hvort við ættum að nenna þessu út mánuðinn á þeim tíma. Það er þrjóskan sem telur í þessum bransa og svo eru líka gríðarlegar tekjur af vefsíðurekstri.“

Bragi útilokar ekki að afmælisrit verði gefið út í tilefni áfangans. „Það hefur staðið til í tíu ár en það er aldrei að vita nema við bíðum í níutíu ár í viðbót og gefum þá út fyrstu hundrað árin.“ -fb



**BRAGI VALDIMAR SKÚLASON** Grallararnir í Baggalúti eru komnir aftur á stjá eftir sumarfrí. Þeir eiga tíu ára afmæli í ár.









**FALLEG** Gamanleikkonan Julia Louis-Dreyfus klæddist fallegum og látlausum kjól frá uppáhaldshönnuði sínum, Narciso Rodriguez.



**HÖRMUNG** Leikkonan Rita Wilson klæddist þessum formlausa netkjól. Skórnir vöktu sérstaka athygli og þykja með eindæmum ósmekklegir.



**LÁTLAUS OG FALLEG** Kjóll leikkonunnar Claire Danes þótti með þeim fallegri í ár.

# GLITRANDI TÍSKA Á EMMY

**Mikið var um dýrðir þegar Emmy-verðlaunin voru afhent í 62. sinn um helgina og skörtuðu stjörnurnar sínu fegursta er þær gengu eftir rauða dreglinum.**

Mikið er spáð og spekúlerað í kjóla leikkvenna í kringum Emmy-verðlaunahátíðina, líkt og í kringum Óskarsverðlaunahátíðina. Stjörnurnar skarta sínu fegursta er þær ganga eftir dreglinum en með misjöfnum árangri þó. Leikkonan Claire Danes þótti með þeim best klæddu í ár en leikkonurnar January Jones og Rita Wilson þóttu með þeim verst klæddu.



**NAYA RIVERA** Leikkonan úr Glee klæddist kjól sem minnir einna helst á sparikjól frá níunda áratugnum.

NORDICPHOTOS/GETTY



**CHRISTINA HENDRICKS** Mad Men-leikkonan þótti taka sig vel út í þessum fjólubláa kjól frá hönnuðinum Zac Posen.

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

# Bolabrjálæði!

## Allir bómullar bolir

# 599,-



Kvenmannsbolir, margir litir



HERRA BÓMULLARBOLIR
Margar gerðir og litir.





Kvenmannsbolir, margir litir



Kvenmannsbolir, margir litir

Opið til 20:00 virka daga



Kvenmannsbolir, margir litir



HERRA BÓMULLARBOLIR
Margar gerðir og litir.

WWW.GULAHUSID.IS

Meðan birgðir endast !

OPNUNARTÍMI:
MÁN-FÖS. 10.00-20.00
LAU. 10.00-18.00, SUN. 12.00-17.00




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 7 - 8 - 10 | 12 |
| INCEPTION | kl. 7 - 10 | |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3 | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 8 - 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE LAST AIRBENDER | kl. 10:50 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP-3D | kl. 8 - 10 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 4 - 6 - 10.30 | 12 |
| SALT | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.20 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 3.30 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE KARATE KID | kl. 6 - 9 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10 | 16 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 Síðasta sýning | 12 |
| SALT | kl. 6 Síðasta sýning | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SCOTT PILGRIM | 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| EXPENDABLES | 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| OTHER GUYS (FORSÝNING) | 10.15 | 12 |
| SALT | 8 | 16 |


# Trukkabílstjórar dansa á Spot

„Við erum búnir að gera þetta í fjölda ára. Þetta er bara gert af hugsjón,“ segir Halldór Jónsson, eða Dóri tjakkur.

Hið árlega trukkakvöld Dóra tjakks verður haldið á Spot í Kópavogi á laugardagskvöld. Þar hittast hundruð trukkabílstjóra og annarra aðila sem tengjast þessum risavöxnu tryllitækjum, fá sér að borða og skemmta sér fram á rauða nótt undir sykursætum tónum Hunangs.

Dóri byrjaði á þessum kvöldum fyrir hátt í tíu árum. Þá voru þau smá í sniðum þar sem einungis nokkrir félagar hittust. Núna hefur viðburðurinn vaxið gríðarlega og hefur Dóri því haft í nógu að snúast á hverju ári í kringum trukkakvöldin. „Þetta væri ekki hægt nema með góðum félögum og styrktaraðilum. Öðruvísi væri ekki hægt að gera þetta. Ég hef alltaf ætlað að fá aðra í þetta en það eru margir sem vilja tala en enginn vill framkvæma,“ segir hann. „Þetta er eins og ríkisstjórnin. Hún talar og talar en framkvæmir ekki.“



**DÓRI TJAKKUR** Halldór Jónsson ásamt trukknum sínum sem vekur mikla athygli hvert sem hann fer, enda hefur hann unnið til nokkurra verðlauna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dóri sér samt ekki eftir vinnunni sem fer í eitt svona kvöld. „Þegar erfiðið er búið er þetta gaman en þetta er hellings vinna. En maður lætur hafa sig í þetta. Ég hef ekki gert annað í 37 ár en að keyra stóran bíl og þetta er það eina sem ég þekki. Ég er tvisvar búinn að reyna að hætta þessu en það var ekki hægt. Þetta er svo frjáls og þægileg vinna að það er ekkert sem ýtir manni úr þessu héðan af.“ -fb



**25 ÁRA FERILL AÐ BAKI** Orri Harðarson er að gefa út sína fimmtu sólóplötu, Albúm. Hann á að baki 25 ára feril í tónlistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Kassagítarinn loks í fyrirrúmi

**Fimmta plata Orra Harðarsonar, Albúm, er komin út. Samfélagsrýni er meira áberandi en áður og í fyrsta sinn fær kassagítarinn að njóta sín til fullnustu.**

Fimmta plata tónlistarmannsins Orra Harðarsonar, Albúm, er komin út. Fimm ár eru liðin síðan síðasta plata hans, Trú, leit dagsins ljós en hún var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem plata ársins.

„Ég ákvað í apríl að ég ætlaði að gera plötu á þessu ári. Ég fór austur á Skriðuklaustur í nokkra daga og vann þetta efni meira og minna. Þar var gott að vera,“ segir Orri, sem er uppalinn á Akranesi en hefur búið á Akureyri undanfarin ár.

Tíu lög eru plötunni, sem er lágstemmd eins og fyrri verk Orra. Í fyrsta sinn notaði hann eingöngu kassagítar við upptökurnar og vildi með því fagna því að 25 ár eru liðin síðan hann kom fyrst fram opinberlega, þá með kassagítar að vopni í Íþróttahúsinu á Akranesi aðeins tólf ára. Orri segir það hálfgerða synd hversu lítið hefur farið fyrir kassagítarnum á plötum hans til þessa. „Hann hefur aldrei fengið að vera í forgrunni, hvorki á mínum eigin plötum né þegar ég hef verið að taka upp fyrir aðra. Ég ákvað að gera plötu sem yrði bara með einn kassagítarnum í aðalhlutverki í hefðbundnum trúbadorastíl,“ segir hann og bætir við: „Mér leið svolítið eins og ég væri kominn heim, að gangast við kassagítarnum aftur. Á tíunda áratugnum þegar ég var mest áberandi og að gera mínar fyrstu plötur var ég mikið að spila á kassagítar. Þá fór í taugarnar á mér þessi trúbadorastimpill og ég fór að reyna að hrista hann af mér. Þannig að ég hef forðast þetta hljóðfæri meðvitað.“

Albúm er einnig fyrsta plata Orra þar sem hann er ekki eingöngu að syngja um eigið líf. Þess í stað koma hin ýmsu samfélagsmál við sögu. „Hinar plöturnar voru mikið inn á við. Þetta voru tilfinningar, hvort sem það var sorg eða ást eða eitthvað þar á milli. Mig langaði að líta aðeins upp úr naflalónni og horfa í kringum mig.“

Orri ætlar að vera duglegur við að fylgja nýju plötunni eftir og útgáfutónleikar verða haldnir á Rósenberg 9. september kl. 21.30. Spurður hvort hann sé ekki sáttur við árin 25 í tónlistinni hefur hann þetta að segja: „Það er fullt af hlutum sem maður hefur gert og komið nálægt sem manni þykir ekki mikið til koma í dag. Svo er annað mjög gott, eins og almennt í lífinu. En þetta er rétt að byrja. Ég var bara á hálfum hraða og við hálfa heilsu hluta af þessum 25 árum. Næstu 25 verða örugglega betri.“

freyr@frettabladid.is




# Góður við konur

Kvennaljóminn velski, Tom Jones, segist alltaf hafa komið vel fram við konur, hann hafi til að mynda aldrei hugsað um kvenkynsaðdáendur sína sem „grúppíur". Jones er annálaður kvennamaður þrátt fyrir að hafa verið giftur Lindu Jones í hálfa öld.

Í viðtali Daily Record segir Tom að hann hafi aldrei hoppað upp í rúm og svo aftur upp úr því eins og honum þóknaðist. „Ég hef alltaf verið frekar gamaldags í kringum hitt kynið.

Ég blóta ekki né segi dónalega brandara. Ég kann vissulega að meta gróft grín en það á ekki við í nærveru konu."



**FJÖLÞREIFIÐ GÓÐMENNI** Tom Jones hefur verið við marga konuna kenndur en hefur líka alltaf komið vel fram við þær.

# Douglas vongóður um bata

Leikarinn Michael Douglas greindist með krabbamein í hálsi fyrir skemmstu og hefur nú lokið fyrstu viku sinni í meðferð. Douglas var gestur í spjallþætti Davids Letterman og þar ræddi hann opinskátt um veikindi sín.

Leikarinn sagðist hafa fundið fyrir eymslum í hálsi í byrjun sumars og hafi þá leitað til læknis án árangurs. „Ég ákvað svo að eiga gott sumar með Catherine og börnunum. Þegar ég kom heim fór ég aftur til læknis og þá kom í ljós að ég var með krabbamein í hálsi," sagði Douglas sem er giftur leikkonunni Catherine Zeta Jones og eiga þau saman börnin Dylan Michaelo og Carys Zeta.

Douglas viðurkennir að hann óttist að krabbameinið muni dreifa sér en heldur þó í vonina og segir líkurnar á fullum bata vera nokkuð góðar. „Ég er búinn með viku af meðferðinni en lyfin eru sterk og þau brenna hálsinn á manni. Það er erfiðara að kyngja og ég get ekki borðað mat í föstu formi, aðeins fljótandi," segir leikarinn sem á að vera að kynna sjálfstætt framhald kvikmyndarinnar Wall Street um þessar mundir. Douglas óttast að veikindi hans muni setja strik í reikninginn því hann á erfitt með að ferðast milli landa á meðan á meðferð stendur.

Douglas er líklega hvað þekktastur fyrir hlutverk sín í kvikmyndunum Wall Street, Fatal Attraction og Basic Instinct.



**VEIKUR** Leikarinn Michael Douglas glímir við krabbamein í hálsi, hann er þó vongóður um að ná fullum bata. NORDICPHOTOS/GETTY



**VÖXUÐ** Rihanna sá vaxmynd af sjálfri sér á Madame Tussaud-safninu í Washington.

# Rihanna í vax

**Madame Tussaud-safnið í Washington afhjúpaði á þriðjudaginn vaxmynd af söngkonunni Rihönnu. Söngkonan sjálf var ekki viðstödd vígsluna en talsmaður safnsins upplýsti að hún hefði fengið að koma og sjá vaxmyndina í síðustu viku. „Hún féll algjörlega fyrir henni," lét talsmaðurinn hafa eftir sér. Rihanna er klædd í sömu föt og á tískuvikunni í París á þessu ári. Hún skartar nú rauðu hári og sagði á twitter-síðunni sinni að það væri ansi stutt í næstu útgáfu. Í skilaboðum til útvarpsmannsins Ryan Seacrest skrifaði hún að lagið væri væntanlegt innan tíu daga. „Og þú átt eftir að spila það aftur og aftur."**

# Bieber kætir aðdáendur

**Ungstirnið Justin Bieber kom aðdáendum sínum í New York nokkuð á óvart á tónleikum sínum síðastliðið þriðjudagskvöld. Í stað þess að standa einn á sviðinu og syngja sitt sykursæta popp fékk hann listamenn á borð við Usher, Boys II Men og Miley Cyrus uppá svið til sín. Bieber hafði verið veikur nokkrum dögum fyrir tónleikana en hristi þau veikindi af sér til að leika fyrir dansi í Madison Square Garden. Aðdáendur gengur nánast af göflunum þegar Bieber tók lagið með Miley Cyrus enda um að ræða tvær stærstu unglingastjörnur Bandaríkjanna.**



**JUSTIN BIEBER**





bmvalla.is




Hausttilboð á garðvörum

- blómaker, garðbekkir, ljósastólpar, sorptunnuskýli, þrep og fjölmargt fleira sem fegrar og bætir umhverfið

Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir. Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

25% afsláttur HAUSTTILBOÐ

Pantaðu ókeypis landslagsráðgjöf í síma 412 5050
Nánari upplýsingar á bmvalla.is

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!

VOTTAÐ GÆÐAKERFI VOTTUN HF IST ISO 9001

Söludeild :: Fornalundi, Breiðhöfða 3 :: Sími: 412 5050
Söludeild :: Akureyri :: Sími: 412 5202
Söludeild :: Reyðarfirði :: Sími: 412 5252
Netfang :: sala@bmvalla.is

BM·VALLÁ

argus 10-0080

# sport

sport@frettabladid.is



**1** **ÍSLAND** vann aðeins einn af átta leikjum sínum í síðustu undankeppni sem var fyrir HM í Suður-Afríku. Ísland vann Makedóníu 1-0 á heimavelli með marki Veigars Páls Gunnarssonar. Ísland gerði tvö jafntefli, bæði við Noreg, en tapaði svo fimm leikjum.



**HELMINGUR SELDUR** Aron Einar Gunnarsson í sigurleiknum gegn Makedóníu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Miðasala á Noregsleikinn:

## Tæplega 5.000 miðar seldir

**FÓTBOLTI** Búið er að selja tæplega 5.000 miða á leikinn gegn Norðmönnum á morgun. Leikurinn er sá fyrsti í undankeppni EM 2012. Laugardalsvöllur tekur alls 10.000 manns í sæti og því er rúmlega helmingur miðanna eftir.

Svo gott sem uppselt var á tvo af fjórum leikjum síðustu undankeppni, leikina gegn Skotlandi og Hollandi. Alls mætti 7.321 á leikinn gegn Noregi en 5.527 sáu eina sigurleik liðsins, gegn Makedóníu.

Dýrustu miðarnir á leikinn gegn Noregi kosta 5.000 krónur, í gömlu stúkunni. Miðar í hólf yst í henni eru ódýrastir, þeir kosta 2.000 krónur en miðar í nýju stúkuna kosta 3.500 krónur. Í forsölu er 500 króna afláttur af miðunum.

Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að miðar sem stuðningsaðilar KSÍ kaupi séu mun færri nú en áður. Þeir séu um 500 en voru áður næstum því helmingi fleiri. Ástæðan er fækkun stuðningsaðila sambandsins.

Forsölunni lýkur í dag en leikurinn er á morgun klukkan 19.00.

- hþh

# Farnir að kvarta yfir hávaðanum

**Landsliðsmarkvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson fór hamförum með FH þegar liðið vann KR 1-0 í stórleik 18. umferðar Pepsi-deildarinnar. Hann bjargaði sínu liði oft meistaralega og er leikmaður umferðarinnar.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var heldur betur stórleikur og frábært að ná að vinna hann,“ sagði Gunnleifur Gunnleifsson, sem var með landsliðshópnum í go-kart þegar undirritaður náði á hann. Gunnleifur sat þó ekki sjálfur undir stýri heldur lét yngri leikmenn um að þeysast um brautina.

„Ég er búinn með allt þetta. Við eldri gaurarnir sitjum bara, drekkum kaffi og horfum á guttana leika sér í þessu. Við erum farnir að kvarta yfir hávaðanum í þessu og það segir ýmislegt um hvað við erum orðnir gamlir,“ sagði Gunnleifur kíminn.

FH-ingar hafa tangarhald á KR-ingum og lögðu þá enn eina ferðina á mánudaginn. „Við vissum að KR er með frábært lið og við töluðum um það fyrir leikinn að þetta væri úrslitaleikur. Þó þeir hafi verið á miklu skriði vissum við að það myndi ekki telja mikið þegar út í þennan leik væri komið,“ sagði Gunnleifur.

„Þeir veittu okkur verðuga mótspyrnu en það var samt alltaf ró yfir okkar leik fannst mér. Við vorum mjög yfirvegaðir og vorum að leika kannski mun aftar en við erum vanir. Stundum þarf bara að vinna leiki þannig og það gekk vel.“

Atli Viðar Björnsson skoraði eina mark leiksins en Gunnleifur hélt hreinu og uppskar níu í einkunn fyrir sína frammistöðu. „Ég er sáttur við minn leik. Eftir Fylkisleikinn var ég svekktur enda hefði ég getað gert betur í mörkunum sem ég fékk á mig þar. En ég er með frábæra leikmenn í liði sem sáu til þess að við náðum að skora fleiri mörk en þeir og unnum leikinn. Við töpum saman sem lið og vinnum saman sem lið,“ sagði Gunnleifur.



**ÖFLUGUR** Gunnleifur kýlir hér boltann frá án þess að Guðjón Baldvinsson nái að skalla hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FH-ingar eru fjórum stigum frá toppliði ÍBV þegar fjórar umferðir eru eftir af deildinni. „Við þurfum að einbeita okkur að því sem við erum að gera, við getum ekki haft nein áhrif á það sem gerist í öðrum leikjum. Ég vona bara að vinir mínir Finnur Ólafsson og Tryggvi Guðmundsson verði ekki í góðum gír heldur hleypi okkur nær sér. Þá er aldrei að vita hvað gerist.“

Þar sem Gunnleifur er HK-ingur að upplagi væri það þá ekki hans versta martröð að sjá Breiðablik hampa titlinum í lokin? „Alltaf er verið að reyna að veiða mig í eitthvað svona! Ég orða það bara þannig að það væri best ef FH yrði Íslandsmeistari. Ég get ekki sagt neitt annað,“ sagði Gunnleifur.

**Lið 18. umferðar (4-3-3)**

| | |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifsson | (FH) |
| Jamie McCunnie | (Haukar) |
| Tommy Nielsen | (FH) |
| Atli Sveinn Þórarinsson | (Valur) |
| James Hurst | (ÍBV) |
| Þórarinn Ingi Valdimarsson | (ÍBV) |
| Guðmundur Kristjánsson | (Breiðablik) |
| Guðjón Pétur Lýðsson | (Haukar) |
| Hilmar Geir Eiðsson | (Haukar) |
| Ívar Björnsson | (Fram) |
| Kristinn Steindórsson | (Breiðablik) |

Fram undan eru fyrstu landsleikir Íslands í undankeppni Evrópumótsins. „Nú er þessi leikur gegn KR að baki og maður byrjaður að einbeita sér að leiknum gegn Noregi á föstudaginn. Við ætlum bara að reyna að skapa góða stemningu inni í hópnum og ná að gera einhverja hluti í leiknum á föstudaginn,“ sagði Gunnleifur.

Í landsliðshópnum að þessu sinni eru nokkrir leikmenn sem hafa verið að gera góða hluti með U21-landsliðinu. „Það er mjög ánægjulegt. Þeir eru búnir að sýna það og sanna í sinni undankeppni að þeir eru verðugir í þetta A-landslið og eiga allt hrós skilið. Ég held að þeir séu mjög tilbúnir.“

Gunnleifur segist þekkja norska landsliðið vel. „Við þekkjum flesta leikmenn sem eru að spila þarna og þekkjum hugmyndir þjálfarans um hvernig eigi að spila fótbolta. Þeir eiga ekkert að koma okkur á óvart en við eigum eftir að fara yfir það í vikunni hvernig við eigum að bregðast við og leggja upp okkar leik. Við þurfum að hafa hausinn í lagi og vera klárir,“ sagði Gunnleifur Gunnleifsson.

elvargeir@frettabladid.is







Eiður Smári vonast til að fá að spila mikið með Stoke:

# Kom eingöngu fótboltans vegna

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen gekk í fyrradag í raðir enska úrvalsdeildarfélagsins Stoke City og gerði eins árs samning við félagið. Í samtali við fréttastofu Sky Sports í gær var hann spurður um ástæðurnar fyrir því að hann valdi að ganga til liðs við Stoke.

„Eingöngu fótboltans vegna,“ svaraði hann. „Það hefði verið auðvelt fyrir mig að vera áfram í Mónakó og njóta þar góða veðursins og fallegu bátanna. En það er knattspyrnan sem skiptir mig mestu máli og þess vegna tók ég þessa ákvörðun. Hún var auðveld þegar ég hugsa um þetta á þennan hátt.“

Eiður hafði um nokkra kosti að velja áður en hann valdi Stoke. Hann var til að mynda sterklega orðaður við Fulham.

„Þeir hjá Stoke sýndu því mikinn áhuga að fá mig. Ég átti marga valkosti um allan heim í sannleika sagt og þetta réðst allt á síðustu stundu. En þeir sannfærðu mig einfaldlega um að koma hingað. Ég vildi bara fá að spila fótbolta,“ sagði Eiður enn fremur en hann var í láni hjá Tottenham á síðari hluta síðasta tímabils.

„Þegar ég kom aftur í ensku úrvalsdeildina gerði ég mér grein fyrir að ég vildi spila í henni. Enska úrvalsdeildin er sú mest spennandi í heimi að mínu mati.“



Hann segir að Stoke sé metnaðarfullt félag sem stefni hátt. „Stoke hefur fengið nokkra nýja leikmenn í sumar og á síðustu tveimur tímabilum hefur liðið lent í 11. og 12. sæti. Vonandi verður mín reynsla til þess að liðið geti fest sig í sessi sem alvöru úrvalsdeildarlið sem allir þurfa að bera virðingu fyrir.“

- esá



**Í TREYJUNNI** Eiður með nýju treyjuna sína í gær. MYND/STOKE

Eiður verður númer sjö:

## Kostaði 372 milljónir

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var keyptur frá Monaco til Stoke. Kaupverðið er sagt vera 1,5 til 2 milljónir punda, eða um 372 milljónir íslenskra króna. Hann fékkst fyrir litla upphæð þar sem samningur hans var að renna út. Eiður gæti spilað sinn fyrsta leik 13. september gegn Aston Villa.

„Að Eiður sé kominn endanlega til okkar en ekki að láni gerir þetta enn betra fyrir félagið,“ sagði Tony Pulis, stjóri Stoke. „Hann dauðlangaði að koma aftur í úrvalsdeildina. Hann fær nú tólf daga til að gera sig kláran fyrir fyrsta leikinn,“ sagði Pulis.

- hþh







VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 | SPORT 3 | SPORT 4 | SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Þurfum að hefna fyrir síðasta leik

**Egil Olsen, landsliðsþjálfari Noregs, segir að sínir menn eigi harma að hefna frá síðasta leik liðsins gegn Íslandi. Þá gerðu liðin 1-1 jafntefli og möguleikar Noregs á að komast á HM í Suður-Afríku hurfu um leið.**

**FÓTBOLTI** Undankeppni EM 2012 hefst á morgun. Ísland mætir Noregi á Laugardalsvelli í fyrsta leik en þessi tvö lið mættust einmitt í síðasta leik Íslands í undankeppni HM 2010. Þá gerðu liðin 1-1 jafntefli og Noregur tapaði dýrmætum stigum í baráttunni um að komast í umspil í undankeppninni.

„Við þurfum að ná fram hefndum fyrir síðasta leik," sagði Egil „Drillo" Olsen, landsliðsþjálfari Noregs, í samtali við Fréttablaðið í gær. „Þetta var í raun okkar síðasti alvöru keppnisleikur. Eftir það hefur okkur gengið nokkuð vel og ég hef verið ánægður með þróun liðsins. Við höfum náð góðum úrslitum og aðeins tapað einum leik. Það var fyrir Úkraínu, 1-0, þó svo að við hefðum fengið tíu góð færi í leiknum.

Hann á von á erfiðum leik gegn Íslandi, jafnvel þótt nokkrir sterkir leikmenn séu fjarverandi hjá liðinu nú.

„Við vitum að þetta verður erfiður leikur sem mun taka mikið á. Það eru íslenskir leikmenn í mörgum sterkum deildum og ég er viss um að leikurinn verður bæði jafn og spennandi," segir Olsen. „Ísland á þar að auki marga góða unga leikmenn og ég á von á að þeir muni láta mikið að sér kveða, sérstaklega þar sem U-21 landsliðið vann 4-1 sigur á Þýskalandi sem eru hreint ótrúleg úrslit."

Noregur vann Frakkland í síðasta æfingaleik fyrir undankeppnina en Ísland gerði 1-1 jafntefli við Liechtenstein á sama tíma.

„Ég sá þann leik og nei, hann var ekki mjög góður. En ég fylltist ekki sjálfstrausti því ég veit að Ísland getur miklu betur."

Olsen segist vera sæmilega bjartsýnn fyrir komandi undankeppni en riðillinn sé vissulega erfiður. Auk Íslands og Noregs eru þar Portúgal, Danmörk og Kýpur.

„Ég hef áður sagt að við eigum helmningslíkur á því að komast áfram. En það verða engir auðveldir leikir og liðin í 4. og 5. styrkleikaflokki – Kýpur og Ísland – munu líka hala inn stigum."

Hann segir að það verði enginn dauðadómur fyrir Noreg ef liðið nær ekki þremur stigum á morgun. „Ég held ekki. Sviss hóf síðustu undankeppni á því að tapa fyrir Lúxemborg á heimavelli en vann svo riðilinn," benti hann á. „Þetta er erfiður riðill og ég á von á að öll lið muni fá einhver stig."

eirikur@frettabladid.is



**BROSMILDUR Á FYLKISVELLINUM** Egil Drillo Olsen segir sínum mönnum til á æfingu í Árbænum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Á ÆFINGU** Morten Gamst Pedersen á æfingu norska landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Morten Gamst Pedersen:

## Höfum ekki efni á að tapa

**FÓTBOLTI Morten Gamst Pedersen, leikmaður Blackburn og norska landsliðsins, reiknar með norskum sigri á Laugardalsvelli á morgun.**

**„Það er mikilvægt að byrja vel og við viljum fara fullir sjálfstrausts í næsta leik sem er gegn sterku liði Portúgals," sagði Pedersen við Fréttablaðið í gær. Undankeppni EM 2012 hefst á morgun.**

**Ísland og Noregur voru einnig saman í riðli í síðustu undankeppni og þá gerðu liðin tvívegis jafntefli. „Við viljum hefnd og þurfum þrjú stig til að byrja vel í riðlinum. Við höfum ekki efni á því að tapa stigum. Ég á þó von á erfiðum leik enda margir góðir leikmenn í íslenska liðinu."**

**Hann segir að norska liðið hafi bætt sig talsvert frá síðustu undankeppni. „Við höfum ekki tapað mörgum leikjum og unnum Frakka síðast, 2-1. Við erum því vel undirbúnir fyrir þennan leik."** - esá






**RONNY JOHNSEN** Spilaði með Noregi á HM 1998 og lék í átta ár í ensku úrvalsdeildinni, þar af í sex ár með Manchester United. Hann vann þrennuna frægu með liðinu vorið 1999. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ronny Johnsen, fyrrum leikmaður Man. United:

## Framtíð íslenska landsliðsins björt

**FÓTBOLTI** Ronny Johnsen, fyrrum leikmaður Manchester United, er staddur hér á landi í tengslum við leik Íslands og Noregs í undankeppni EM 2012. Johnsen starfar sem sérfræðingur fyrir norska sjónvarpsstöð og hitti Fréttablaðið á hann í gær.

„Íslenska liðinu hefur yfirleitt gengið vel gegn Noregi og náð góðum úrslitum. Ég á von á miklum bardaga fyrst og fremst."

Norska liðinu hefur ekki gengið vel undanfarin ár en Johnsen telur engu að síður raunhæft fyrir liðið að komast í úrslitakeppni EM nú. „Fyrir suma leikmenn er þetta síðasti möguleikinn til að upplifa stórmót. Ég tel að þeir séu reiðubúnir að takast á við þessa áskorun. En það er alltaf erfitt að spila gegn Íslandi og svo eigum við Portúgal í næsta leik. Þetta er því nokkuð erfið byrjun og það er mikilvægt að byrja vel."

Johnsen finnst mikið til þess koma hversu marga unga og efnilega leikmenn Ísland á. „Það er áhugavert hvað Íslandi hefur tekist að framleiða mikið af góðum leikmönnum. Ekki bara í dag. Ég var lengi í Englandi og það voru margir íslenskir leikmenn þar þá og eru enn nú. Nú síðast las ég um Íslendinginn [Gylfa Þór Sigurðsson] sem Reading seldi til Hoffenheim í Þýskalandi fyrir sex milljónir punda," sagði Johnsen.

„Þetta lítur því vel út fyrir Ísland. Það fara öll lið í gegnum sín kynslóðaskipti og ég verð að segja að framtíð Íslands er björt."

Hann segir að það sé ýmislegt hægt af læra af vinnubrögðum íslensku knattspyrnuhreyfingarinnar. „Ég hef aðeins kynnt mér hvernig staðið er að starfi fyrir unga leikmenn og ég held að það væri hægt að taka sér margt af því til fyrirmyndar í Noregi." - esá

Þjálfari Hoffenheim segir Arsenal hafa verið með Gylfa Þór Sigurðsson í sigtinu:

# Sonur þjálfarans benti á Gylfa

**FÓTBOLTI** Það var nítján ára sonur þjálfarans Ralf Rangnick hjá 1899 Hoffenheim, Kevin, sem benti föður sínum fyrst á Gylfa Þór Sigurðsson sem í fyrradag gekk í raðir þýska úrvalsdeildarliðsins.

Þetta kom fram í þýskum fjölmiðlum í gær. Þar var fullyrt að Kevin Rangnick, sonur þjálfarans, hefði komið auga á Gylfa þegar hann var staddur í skóla í Bradfield sem er í nágrenni Reading þar sem Gylfi sló í gegn í fyrra.

„Hann sá Gylfa spila nokkrum sinnum og sagði mér að það væri leikmaður í ensku B-deildinni sem væri virkilega góður,“ sagði Rangnick eldri við þýska fjölmiðla.

Svo fór framkvæmdastjóri liðsins, Ernst Tanner, á U-21 landsleik Íslands og Þýskalands í síðasta mánuði.

„Ég ætlaði eiginlega bara að fylgjast með þýska liðinu. Þá kom ég auga á Sigurðsson. Hann var besti leikmaður vallarins,“ sagði Tanner.

Í kjölfarið fékk félagið leyfi fyrir útsendara á sínum vegum að fylgjast með Gylfa á æfingum hjá Reading í eina viku og eftir það fóru hjólin að snúast.

„Gylfi getur spilað fyrir aftan framherjana og á miðjunni. Hann skoraði sextán mörk í deildinni í fyrra, fimm í bikarnum og fjögur með U-21 liðinu. Við keyptum hann á hárréttum tíma, áður en stóru liðin létu til sín taka. Ég ræddi við útsendara frá Arsenal og félagið hafði áhuga á honum. Það er hins vegar engin þörf fyrir leikmenn í hans stöðu einmitt nú,“ bætti Rangnick við. **- esá**



**Í LANDSLIÐSKLASSA** Gylfi í leik með U21 árs landsliði Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FÖGNUÐUR** Blikastúlkur fögnuðu sigri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pepsi-deild kvenna:

## Blikar elta Val sem skugginn

**FÓTBOLTI** Blikastúlkur halda enn pressunni á Val í Pepsi-deild kvenna. Þær lögðu Aftureldingu í gær með einu marki gegn engu og komust aftur upp í annað sæti. Hlín Gunnlaugsdóttir skoraði markið.

Valur er fjórum stigum á undan og á eftir að leika gegn Aftureldingu og Grindavík áður en það spilar við Breiðablik í lokaumferðinni. Valsstúlkur eru því enn með aðra höndina á titlinum en misstígi þær sig bíða Blikar skammt undan. Blikar eiga eftir að mæta tveimur neðstu liðunum, Haukum og FH, sem og Val. **- hþh**

Einar skoraði tvö mörk:

## Fimmtán marka tap nýliðanna

**FÓTBOLTI Einar Hólmgeirsson skoraði tvö mörk fyrir Ahlen-Hamm sem tapaði stórt fyrir Hamburg í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Lokatölur voru 36-21. Einar gekk í raðir nýliða Ahlen-Hamm í deildinni í sumar og virðist koma vel undan sumrinu eftir erfið meiðsli. Hann skoraði fjögur mörk í fyrsta leiknum en ljóst er að erfiður vetur er í vændum hjá nýliðunum sem hafa tapað báðum leikjum sínum í deildinni til þessa.** **- hþh**

UEFA tekur til sinna ráða:

## Bannar alla vuvuzela-lúðra

**FÓTBOLTI** Þeir sem ætluðu að styðja íslenska landsliðið með vuvuzela-lúðrunum í leiknum gegn Noregi á morgun verða líklega fyrir gríðarlegum vonbrigðum. Þeir eiga von á því að lúðrarnir verði teknir af þeim.

UEFA hefur bannað lúðrana, sem vöktu hrylling margra á HM í sumar, á öllum leikjum á sínum vegum. Gildir það bæði um landsleiki og Evrópuleiki.

UEFA telur að þessir lúðrar eigi ekki við þá knattspyrnumenningu sem er við lýði í Evrópu og vill að söngvar og köll eigi að ráða stemningu á völlum, ekki lúðrarnir hávaðamiklu. **- hþh**



# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**200** laxar komu á land fyrstu vaktina sem mátti veiða með maðki og spún í Ytri-Rangá. Það var síðasta sunnudag.

**932** laxar höfðu veiðst í Soginu samkvæmt samantekt sem gerð var á mánudaginn. „Stutt er í 1.000 laxa markið, en slíkt hefur ekki gerst undanfarna áratugi hið minnsta,“ segir á svfr.is.

FLUGAN




MYND/VEIÐIFLUGUR.IS

Dimmblá er ein af snilldarflugunum hans Þórðar Pétursonar frá Húsavík. Dimmblá er alltaf ein af veiðihæstu flugunum í Laxá í Aðaldal. Hér er hún hnýtt sem túpa. Þessa flugu má ekki vanta í boxið.



**JÓN GUÐMUNDSSON OG ÁGÚST ORRI ARNARSON** Veiðiugginn var ekki gómsætur en var þó bitinn af Maríulaxinum. MYND/ÖRN JÓNSSON

Nýjustu fréttir úr Straumum:

## Ekkert mál að veiða maríulax

„Á ég að segja ykkur nýjustu fréttir? Ég er með fisk,“ kallaði Ágúst Orri Arnarsson fyrir viku til nærstaddra við veiðistaðinn Strengshorn í Straumum.

Og viti menn, um það bil þrjátíu sekúndum síðar var Ágúst búinn að vippa sex punda maríulaxi upp á bakkann eins og ekkert væri til Jóns Guðmundssonar, afa síns. „Þetta var nú eiginlega ekkert mál,“ bætti veiðimaðurinn, sem er í tíunda ári, síðan við.

Afinn hefur heimsótt Straumana frá því hann man fyrst eftir sér og var eiginlega stoltari en drengurinn sjálfur af veiðinni. - gar

Veiðisumri tekur að halla:

## Deildu sögum úr veiðiferðinni

**Nú sígur á seinni hlutann á frábæru veiðisumri á Íslandi. Fjölmargir hafa eignast nýjar og frábærar minningar af bökkum áa og vatna – og það er síður en svo öll nótt úti enn þótt komið sé fram í september. Veiðisíða Fréttablaðsins þiggur gjarnan fréttir og myndir frá ykkur ágætu lesendur. Sendið okkur línu á netfangið golfogveidi@frettabladid.is.** - gar



**DÝRÐARDAGUR** Eiríksjökull er tignarlegur þar sem hann vakir yfir veiðimanni á Arnarvatni litla. MYNDIR/RAGNAR HÓLM RAGNARSSON

# Bretar gera veiðiþátt um Arnarvatnsheiði

**Veiðin á Arnarvatnsheiði var góð í sumar. Breskir kvikmyndagerðarmenn ætluðu að dvelja þrjá daga til að safna efni fyrir sjónvarpsþátt en voru komnir með nóg af myndum eftir einn dag. Urriðinn sækir stöðugt á.**

„Þetta var óskaplega gott sumar,“ segir Snorri Jóhannesson, veiðivörður á Arnarvatnsheiði, um veiðitímabilið sem lauk þar fyrir þrettán dögum.

Fyrr í sumar komu að sögn Snorra útsendarar frá bresku fluguveiðitímariti til að skrifa grein um Arnarvatnsheiði.

„Þeir voru svo hrifnir að þeir komu aftur til að gera sjónvarpsþátt um veiðina hér. Ætlun þeirra var að vera þrjá daga en veiðin gekk svo vel að þeir voru komnir með langt um meira en nóg af efni eftir bara einn dag. Meðal annars fengu þeir tíu punda urriða og áttu eiginlega ekki orð yfir þetta allt saman enda vanari að veiða regnbogasilung í hálftilbúnum tjörnum,“ segir Snorri.



**ÁNÆGÐIR FÉLAGAR** Bragi Guðbrandsson, Ragnar Hólm Ragnarsson og Guðmundur Ármann Sigurjónsson gerðu góða ferð á Arnarvatnsheiði í júlí.

Að sögn Snorra hefur ásóknin í veiðina á Arnarvatnsheiði aukist jafnt og þétt. Enn sem komið er sé stangarfjöldi ótakmarkaður en til skoðunar sé að breyta því.

„Við erum að hugsa um að hafa einfaldlega tiltekinn fjölda stanga,“ segir Snorri sem kveðst telja að slíkt fyrirkomulag leiði meðal annars af sér að betur verði hægt að fylgjast með því sem veitt sé á Arnarvatnsheiðinni. Í dag sé allt slíkt fremur laust í reipum. Ekki síst vegna þess að margir veiðimenn séu tregir á að veita upplýsingar. „Þeir svara því gjarnan til að það sé leyndarmál eða þá með einhverjum gríntölum,“ útskýrir Snorri.

Eins og víða í öðrum vötnum hefur veiði á urriða aukist gífurlega á síðustu fjórum til fimm árum miðað við bleikjuna. „Fyrir nokkrum árum var hlutfallið af urriða um tíu prósent á móti bleikjunni. Í dag er hlutfallið á bilinu sextíu til sjötíu prósent,“ segir Snorri sem telur veiðimenn mishrifna af þessari breytingu. Sumir séu ánægðir því urriðinn sé sprækari en aðrir vilji fremur hafa meira af bleikju.

Snorri segir að veiði hefjist aldrei á Arnarvatnsheiði fyrr en 15. júní og stundum síðar. Veiðinni ljúki síðan 20. ágúst enda veiðist vatnafiskur síður á haustinn. „Svo eru menn líka að sækja í að veiða í ám og lækjum og við viljum gefa fiskinum frið til að hrygna,“ segir Snorri. gar@frettabladid.is



**BJARNARFOSS Í TUNGUFLJÓTI**

Líf færist í sjóbirtinginn:

## Laxinn í sókn á sjóbirtingsslóð

**Veiði á sjóbirtingi er komin af stað. Fregnir herma að í Varmá hafi nokkuð sést af fiski. Af Tungufljóti í Skaftárhreppi bárust einnig slíkar fréttir. Þar eins og í Eldvatninu hafa veiðst laxar í bland. Sama gildir um Geirlandsá þar sem laxinn er sagður vera hreinlega um alla á. Sú tilhneiging að lax hasli sér völl á hefðbundnum slóðum sjóbirtinga virðist því halda áfram frá næstliðnum árum.** - gar



**SKOTVEIÐIMENN**

Fuglaveiðin komin á skrið:

## Svartfugls- og andaveiði hefst

Veiðitímabil á stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávellu og toppönd hófst í gær, 1. september. Að því er kemur fram á heimasíðu Umhverfisstofnunar mátti frá og með gærdeginum einnig veiða svartfuglategundirnar álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda. Sömuleiðis má nú veiða dílaskarf, toppskarf, fýl, hvítmáf, hettumáf, og ritu. Helsingja má veiða utan Skaftafellssýslna þar sem veiðin hefst 25. september. - gar

AF BAKKANUM

### Yfirfallið tæpt í Blöndu

Eftir að hafa verið á yfirfalli góðan part úr ágúst fór Blanda af yfirfalli í tvo daga um síðustu helgi. Áin náði þá að hreinsa sig dálítið af jökulvatninu. Blöndulón er hins vegar orðið fullt aftur svo flæðir yfir þótt lítið sé, samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni virkjunarinnar.



### Hoplaxinn sem tekur út í eitt

Hoplax, sem veiddur var á í Miðfjarðará í byrjun maí og merktur, hefur slegið í gegn þar á vatnasvæðinu í sumar. Að því er kemur fram á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur gekk laxinn til sjávar en veiddist síðan í opnuninni í Austurá og hafði þá gengið þangað í gegnum Miðfjarðará og upp Austurárgljúfur. Síðan hefur laxinn veiðst tvisvar í sama hylnum í Austurá.


haust 2010

Námskeið

Sjálfstyrking fyrir börn/unglinga

námskeið að hefjast

VÍMULAUS ÆSKA Foreldrahús

Námskeiðin eru fyrir börn og unglinga 10-17 ára, þar sem þau fá tækifæri til þess að efla sjálfstraust sitt og sjálfsmynd í gegnum leik, sköpun og tjáningu í styðjandi og öruggu umhverfi. Lögð er áhersla á að allir fái að njóta sín og hafi gaman saman. Námskeiðin eru aldurs- og kynjaskipt og standa yfir í 10 - 12 vikur.

**Skráningar og frekari upplýsingar eru í síma 511 6161 eða jorunn@vimulaus.is.**

www.vimulaus.is

Borgartúni 6 105 Reykjavík 511 6161

vimulaus@vimulaus.is


### Veiðistaðurinn: Hagafoss í Geirlandsá

Geirlandsá á Síðu er í V-Skaftafellssýslu og er ein af bestu sjóbirtingsám landsins. Arnar Óskarsson, gjaldkeri StVFK, lýsir aðstæðum á efstaveiðistað árinnar svo:

- Það verður að veiða Hagafoss vestan megin, gegnt fossinum. Best er að vaða yfir ána við útfallið.
- Hylurinn er í raun tvær djúpar skálar. Önnur skálin er beint undir fossinum en bergbrú myndar hina skálina eins og vel sést á myndinni..
- Þrír megintökustaðir eru í Hagafossi: Beint undir hvítfryssinu undir fossinum. Við bergsnösina sem gengur inn í hylinn þar við hliðina og síðast við útfallið.
- Nauðsynlegt er að draga hægt og láta sökkva vel, sama hvar veitt er í Hagafossi.
- Fiskur syndir oft í hringi í skálunum. Þá er oft gott að hvíla staðinn þar sem hann tekur illa eða ekki þegar sá gállinn er á honum.
- Arnar segir að Snælda og líkar flugur séu vænlegar til árangurs. Þá þungar túbur og sökklína.





//10.09.2010

# Haustið **elskar** upplýsingatækni

**Föstudaginn 10. september 2010 verður hin árlega Haustráðstefna Skýrr.**
**Þetta er stærsti viðburður ársins í upplýsingatækni: 60 fyrirlestrar á 8 fyrirlestralínum.**

| | |
|---|---|
| 7.45 | **Skráning** |
| 8.10 |  **Setning - Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr** |
| 8.20 | Lykilræða **- Timo Elliot, trúboði í viðskiptagreind hjá SAP BusinessObjects** |
| 9.10 | **Morgunhressing og ráðstefnu skipt upp** |

| | Bland í poka | Microsoft viðskiptalausnir | Oracle | Rekstur & öryggi | Veflausnir | Viðskiptagreind & samþætting | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9.20 | Microsoft Unified Communication<br>**Jerry Smith - Microsoft v/UC** | Next Generation CRM and Business Applications in the Cloud<br>**Simon Hutson - Microsoft** | Oracle Siebel Government Solution - Netborgarinn<br>**Petra Oltersdorf-Hupke - Oracle** | Opinn hugbúnaður í rekstri<br>**Samúel J. Gunnarsson - Skýrr** | Veflausnir Skýrr<br>**Óli Freyr Kristjánsson - Skýrr** | From Integration to Business Process Excellence<br>**Jonathan Heywood - Software AG** | |
| 10.05 | Þjónustumiðuð vöktun<br>**Kári R. Svavarsson - Skýrr** | Creating Composite Applications in Sharepoint 2010<br>**Serge Luca - DevoTeam** | Oracle Siebel Government Solution - Netríkið<br>**Petra Oltersdorf-Hupke - Oracle** | Persónuvernd og öryggisráðstafanir: Ósamrýmanleg hlutverk?<br>**Alma Tryggvadóttir - Persónuvernd** | Haltu þig við efnið: Um vefsmíði og innihald vefja<br>**Þorfinnur Skúlason - Skýrr** | Business Intelligence in Few Clicks with Targit BI Suite<br>**Niklas Hjelm Hansen - Targit** | |
| 10.50 | Document Management and Collaboration<br>**Erling Kvalheim - EMC** | SharePoint 2010 and Office 2010<br>**Jerry Smith - Microsoft** | Árangursstjórnun í OBIEE<br>**Håkan Gustavsson - Oracle** | Algeng glappaskot við vefsmíði afhjúpuð<br>**Ebenezer Þ. Böðvarsson - Skýrr** | Þjónustuvefir & vefverslanir<br>**Kjartan Sverrisson - 365 / Sigrún Eva Ármannsdóttir - Skýrr** | Turning Information into Insight with SAP BusinessObjects<br>**Timo Elliot - SAP BusinessObjects** | |
| 12.10 | Agile Game Development at CCP<br>**Aðalsteinn Óttarsson - CCP** | Einfaldar stjórnendaupplýsingar úr Microsoft Dynamics lausnum<br>**Ívar Harðarson - Skýrr** | Hagkvæmni rafrænna innkaupa<br>**Þröstur Þór Fanngeirsson / Helga Kristjánsdóttir - Skýrr** | Öryggi tölvuskýja (cloud computing)<br>**Keith Hale - Safenet** | Creating workflows in SharePoint 2010 - What´s new?<br>**Serge Luca - DevoTeam** | OBIEE í viðskiptagreind<br>**Håkan Gustavsson - Oracle** | Leiðin til samþættingar<br>**Gréttir Einarsson - Skýrr** |
| 12.55 | Oracle og Sun-yfirtakan: Augljós ávinningur<br>**Carsten Braagaard, vélbúnaðarráðgjafi - Oracle** | Rafræn viðskipti í Microsoft Dynamics NAV<br>**María Leifsdóttir / Styrmir Kristjánsson - Skýrr** | Korter í 12<br>**Gestur Traustason - Skýrr** | Þinglýsing rafrænna veðskjala<br>**Margrét Hauksdóttir - Þjóðskrá**<br>**Haraldur Bjarnason - Fjármálaráðuneyti** | Meira en matseðlar! Innri vefur LSH<br>**Jón Baldvin Halldórsson - LSH** | SAP BusinessObjects Explorer<br>**Alejandro Serrano / Ragnar Páll Árnason - Skýrr** | webMethods Integration Roadmap<br>**Jonathan Heywood - Software AG** |
| 13.40 | Rafrænir viðskiptaferlar: Stöðlun og framtíðarsýn<br>**Georg Birgisson - ráðgjafi** | LS Retail verslunarkerfi<br>**Daði Kárason - LS Retail** | Landbúnaðarháskólinn og verkbókhald<br>**Theodóra Ragnarsdóttir - Landbúnaðarháskólinn** | Open the Door to Identity Management<br>**Malin Ridelius - HID** | Suðupotturinn<br>**Alli Metall - CCP** | SAP BusinessObjects XI 4.0 Sneak Peek<br>**Alejandro Serrano Garcia - Skýrr** | Samþætting upplýsingakerfa - Saga úr heilbrigðisgeiranum<br>**Björn Jónsson - LSH** |
| 14.30 | Íslandssagan í tölum<br>**Hjálmar Snær Gíslason - DataMarket** | Microsoft Dynamics AX 2009 - Framtíðarsýn<br>**Gunnar Karl Níelsson - Microsoft Íslandi** | Hagræðing með Oracle Fræðslukerfi<br>**Ragnheiður Björgvinsdóttir - Skýrr** | Auðkenning milli landa<br>**Arnaldur Axfjörð - Stork / Haraldur Bjarnason - Fjármálaráðuneyti** | Vöktun á vefnum<br>**Gunnar Hólmsteinn - Clara** | Excel greiningar á Dynamics NAV gagnagrunni<br>**Gunnar Þór Gestsson - Skýrr** | Samþætting með Glassfish<br>**Hallgrímur Th. Björnsson - Skýrr** |
| 15.15 | Stærðin skiptir máli<br>**Helga Waage - Mobilitus** | Hvers vegna skiptir CRM máli fyrir leiðtoga og stjórnendur?<br>**Sigurður Ragnarsson - Háskólinn á Bifröst** | Eftir R12...<br>**Gestur Traustason - Skýrr** | How to Secure your Information Regardless of Where It Resides<br>**Rune Mehlum - EMC** | Facebook fyrir stórfyrirtæki og stofnanir<br>**Andrés Jónsson - Góð samskipti** | Stjórnun og umsýsla þjónustumiðaðrar högunar (SOA Governance)<br>**Baldvin Þór Svavarsson - Skýrr** | |



| | |
|---|---|
| 16.00 | Lykilræða **- James Gosling, faðir Java og fv. þróunarstjóri Sun og Oracle** |
| 17.00 | **Lokahóf Haustráðstefnu Skýrr 2010 - Léttar veitingar og tónlistarflutningur** |

Skráning og dagskrá: **skyrr.is**

<Haustráðstefna>

**SKÝRR**

HVÍTA HÚSIÐ/10-1407



> **Christian Slater**

Góð dómgreind kemur til vegna reynslu. Stundum er það þannig að reynslan kemur til vegna slæmrar dómgreindar.“

***Christian Slater fer með aðalhlutverk í spennuþættinum The Forgotten, sem er á dagskrá Stöð 2 kl. 22.30 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR BERST VIÐ SJÁLFSPÍNINGARHVÖTINA

# *Aldrei skal ég aftur horfa á ykkur!*

Fyrir rétt um mánuði sá ég fyrsta þáttinn um ljósmæðurnar á Karolinska sjúkrahúsinu í Svíþjóð. Þar sem ég á sjálf von á barni í næsta mánuði sá ég strax að mér væri hollast að horfa ekki á þá fleiri. Skemmst er frá því að segja að ég hef ekki misst af þætti síðan. Mér er ekki sjálfrátt. Það er svo ótrúlega fallegt þegar barn fæðist og tekur fyrstu andartökin. Maður þarf að vera harðbrjósta og hjartalaus til að fá ekki tár í augun við þá sýn.

En það er hins vegar ekkert sniðugt að horfa á þetta. Sérstaklega ekki ef maður heillast að þeim fræðum að hægt sé að eiga rólega og nær sársaukalausa fæðingu. Hljómar svolítið fjarlægur draumur, en því ekki að reyna? Eitt af því fyrsta sem maður reynir að tileinka sér, ætli maður að komast á þetta æðra stig, er að hætta að hlusta á hryllingssögur annarra kvenna – sem svo ótrúlega oft rata í eyru óléttra kvenna.

Flestar þeirra kvenna sem ég hef horft á fæða sín börn í þáttunum sænsku eru aldeilis ekki að „anda börnunum sínum í heiminn“. Þær öskra úr sér lungun, misþyrma mönnunum sínum, ákalla Drottin Guð og segjast vera að deyja, ýlfrandi „hjelp, hjelp hjeeelp!“ Auðséð er að þær hafa ekki sótt tíma í meðgöngujóga hjá Auði Bjarnadóttur, þeirri dásamlegu konu sem hefði fyrir löngu átt að fá fálkaorðu forsetans fyrir þátt sinn í því að minnka ótta kvenna við fæðingar og þar með sársaukann sem þær finna fyrir. Óttinn nefnilega getur af sér sársaukann. Það er mín mantra og ég er ekki hrædd við neitt. Ja, nema á þriðjudögum klukkan níu, þá leggst óttinn við hliðina á mér í sófanum og segir við mig: „Djöfull á ég eftir að meiða þig!“



Ég ætla aldrei aftur að horfa á ljósmæðurnar á Karolinska og gargandi fæðandi konurnar þeirra!

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** Old School STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** House SKJÁR EINN



▶ **21.00** Veiðiperlur STÖÐ 2 SPORT



▶ **22.20** Sporlaust SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Fyrsti arkitektinn - Rögnvaldur Ólafsson**
**16.40 Íslenska golfmótaröðin** (6:6)(e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (5:13) (Roommates)
**17.50 Herramenn** (38:52) (The Mr. Men Show)
**18.00 Skoppa og Skrítla** (1:8) (e)
**18.10 Mér leiðist í bíó** (I Hate Cinema)
**18.25 Dalabræður** (10:10) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Bræður og systur** (69:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og flókin samskipti.
**20.50 Réttur er settur** (10:10) (Raising the Bar)
**21.35 Nýgræðingar** (160:169) (Scrubs)
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
▶**22.20 Sporlaust** (2:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Hvaleyjar** (8:12) (Hvaler) (e)
**00.00 Mótókross** Þáttur um Íslandsmótið í mótókrossi sem er torfærukappakstur á vélhjólum.
**00.30 Kastljós** (e)
**01.00 Fréttir** (e)
**01.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**10.00 My Girl**
**12.00 White Men Can't Jump**
**14.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**16.00 My Girl**
**18.00 White Men Can't Jump**
▶**20.00 Old School**
**22.00 Breakfast on Pluto**
**00.05 The Seeker: The Dark is Rising**
**02.00 16 Blocks**
**04.00 Breakfast on Pluto**
**06.05 The Object of My Affection**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (1:18) Latibær, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Gilmore Girls**
**11.00 Sjálfstætt fólk**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (11:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (228:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (229:300)
**15.15 The O.C.** (24:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Camp Lazlo
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (17:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (18:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (15:24)
**20.10 The Amazing Race** (8:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla.
**20.55 The Diplomat** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar mánaðarins.
**22.30 The Forgotten** (7:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**23.15 Ameríski draumurinn** (2:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Auðda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng.
**23.55 Þúsund andlit Bubba** Einstakir þættir þar sem fylgst er með Bubba Morthens á tónleikaferð í kringum landið í tilefni af 30 ára starfsafmæli hans.
**00.25 Monk** (10:16)
**01.10 Lie to Me** (12:22)
**01.55 The Tudors** (6:8)
**02.50 Silent Hill** Hrollvekjandi spennutryllir.
**04.50 The Forgotten** (7:17)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**17.15 Spænsku mörkin 2010-2011** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum í leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**18.00 Barclays** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**18.55 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**19.20 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt sem tengist stangaveiði.
**19.50 HP Búðarmótið** Sýnt frá HP Búðarmótinu en mótið er hluti af Kraftasportinu.
▶**21.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífsstíl og matarmennsku í veiði.
**21.30 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik Liverpool og Atletico Madrid í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.45 Sunderland - Man. City**
**16.30 Bolton - Birmingham / HD** Sýnt frá leik Bolton og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Tottenham - Wigan** Sýnt frá leik Chelsea og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Football Legends - Kluivert** Við fáum að kynnast þessum hollenska leikmanni betur og ferill hans skoðaður ofan í kjölinn.
**20.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**22.25 Aston Villa - Everton / HD** Útsending frá leik Aston Villa og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (25:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dynasty** (26:30)
**17.25 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.10 Canada's Next Top Model** (4:8) (e) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn.
**18.55 Still Standing** (16:20) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (29:46)
**19.45 King of Queens** (7:25) (e)
**20.10 The Office** (2:26)
**20.35 Parks & Recreation** (18:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
▶**21.00 House** (1:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Þetta er sjötta þáttaröðin um House og hún byrjar með tvöföldum þætti þar sem House er vistaður gegn vilja sínum á geðspítala og gerir geðlæknunum lífið leitt.
**21.50 House** (2:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**22.40 Law & Order** (19:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**23.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.15 In Plain Sight** (11:15) (e)
**01.00 Leverage** (5:15) (e)
**01.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Á hvaða leið eru bankarnir?
**21.00 Eitt fjall á viku** Pétur Steingrímsson og föruneyti á fjöllum.
**21.30 Birkir Jón** Jón Kristjánsson fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




HAUST 15-50% TILTEKT

Rýmum fyrir nýjum húsgögnum og gjafavöru

afsláttur af sígildri hönnun í sérstökum sýningarsal á neðri hæð okkar í Hlíðasmára 1

Hausttiltekt Módern er opin fimmtudag, föstudag og laugardag frá kl. 11–18

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### The Diplomat

Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar mánaðarins. Virtur stjórnarerindreki er sakaður um glæp. Fljótlega kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Amazing Race**
**Stöð 2 kl. 20.10**



Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir eiga það sameiginlegt að vilja sigra.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Rölt milli grafa
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**21.30** Kvöldsagan: Stofnunin
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Leikritakvöld útvarpsins: Ástin, ofmetnaðurinn og afbrýðin
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Grey's Anatomy** (12:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Pretty Little Liars** (1:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.

**22.35 Mercy** (19:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.20 True Blood** (10:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**00.05 Nip/Tuck** (19:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**00.50 Grey's Anatomy** (12:17)

**01.35 The Doctors**

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.30** My Hero **13.00** After You've Gone **13.30** The Green, Green Grass **14.00** The Green, Green Grass **14.30** ‚Allo ‚Allo! **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** My Hero **18.00** How Not to Live Your Life **18.30** Lead Balloon **19.00** Little Britain **19.30** Dalziel and Pascoe **20.25** Little Britain **20.55** How Not to Live Your Life **21.25** Come Dine With Me **21.50** The Jonathan Ross Show **22.35** EastEnders **23.05** Torchwood **23.50** My Hero

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Det Søde Sommerliv **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Substitutterne **14.50** Alfred **15.00** Emil fra Lønneberg **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Nabokrig **18.30** Uventet besøg i Alaska **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - kongen skal do **21.30** Jordemødrene **22.00** Så er der pakket **22.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Toppform **13.00** NRK nyheter **13.10** Millionær i forkledning **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Koht på jobben **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.20** Hjerte til hjerte **21.00** Kveldsnytt **21.15** Vår aktive hjerne **21.45** Klippen **22.40** Munter mat **23.10** Korte grøss: Jakten på overskriften **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Val 2010 **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Val 2010 **19.00** Himmelblå **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Debatt **20.45** Undercover Boss **21.30** The Seventies **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Nurse Jackie **23.30** Korrespondenterna **00.00** Uppdrag Granskning




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## MORGUNMATURINN



*„Hann skiptist í tvennt hjá mér – metnaðarfullur og metnaðarlaus. Metnaðarfullur, þá hendi ég í amerískar heilhveitipönnsur og drekk heimalagaðan latte og fylgi eftir með fersku ávaxtasmúði. Metnaðarlaus, þá er það meira svona ristað kanilbrauð með smjöri og latte og svo er hlaupið út um dyrnar."*

Dröfn Ösp Snorradóttir, pistlahöfundur.

# Endless skiptir um trommara

Daníel Hrafn Sigurðsson sem hefur trommað með Endless Dark síðastliðin fimm ár hefur sagt skilið við rokksveitina. Í hans stað hefur verið fenginn Rúnar Sveinsson, sem spilar einnig á gítar með hljómsveitinni Reason To Believe.

„Fyrir honum var þetta að ganga alltof hratt. Þetta var ekki alveg fyrir hann," segir gítarleikarinn Atli Sigursveinsson um brotthvarf Daníels Hrafns. „Maður átti erfitt með að skilja þetta en þetta var hans ákvörðun. Honum fannst þetta ekki vera skemmtilegt lengur."

Atli viðurkennir að brotthvarf Daníels hafi komið hinum meðlimunum í opna skjöldu, enda er fyrsta plata Endless Dark væntanleg og stutt síðan sveitin náði öðru sæti í alþjóðlegu hljómsveitarkeppninni Global Battle of the Bands. „Sérstaklega út af því að við erum komnir á svona stað sem ég hélt að enginn vildi hætta á. En við erum enn þá vinir."

Endless Dark hefur að mestu lokið upptökum á fyrstu plötu sinni. Brian Moncarz frá Kanada kemur til landsins í október til að hljóðblanda gripinn og leggja lokahönd á hann. Hann þykir efnilegur upptökustjóri og hefur áður tekið upp fyrir bandarísku hljómsveitina Circa Survive.

Endless Dark, sem spilar post-harðkjarnarokk, eða screamo, hyggur síðan á tónleikaferð um Bretland síðar á árinu. -fb



**ENDLESS DARK** Rokkararnir eru komnir með nýjan trommara. Sá gamli, Daníel Hrafn, er í rauðum stuttermabol, lengst til vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** yndi, **6.** ógrynni, **8.** forsögn, **9.** matjurt, **11.** óður, **12.** bolur, **14.** espast, **16.** klafi, **17.** sjáðu, **18.** óðagot, **20.** rykkorn, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** á endanum, **3.** þys, **4.** tungumál, **5.** lögg, **7.** snauður, **10.** umrót, **13.** framkoma, **15.** plan, **16.** einatt, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lyst, **6.** of, **8.** spá, **9.** kál, **11.** ær, **12.** stofn, **14.** æsast, **16.** ok, **17.** sko, **18.** fum, **20.** ar, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** ys, **4.** spænska, **5.** tár, **7.** fátækur, **10.** los, **13.** fas, **15.** torg, **16.** oft, **19.** mó.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Skáldastígur.
2. Barbie.
3. Kolbrún Halldórsdóttir.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

RAGNHILDUR STEINUNN: GERIR HEIMILDARMYND MEÐ HAUKI INGA

# SAGA SEM VARÐ AÐ SEGJA

„Þetta er bara þessi venjulega stelpa sem gæti þess vegna staðið við hliðina á manni úti í búð án þess að maður gerði sér grein fyrir því að hún hefði einu sinni verið karlmaður," segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, sjónvarpskona, en hún hefur ásamt eiginmanni sínum, Hauki Inga Guðnasyni, sálfræðingi og leikmanni Keflavíkur í Pepsi-deildinni, unnið að gerð heimildarmyndar undanfarið eitt og hálft ár um 34 gamla stúlku sem fæddist í líkama karlmanns.

Myndin fékk nýverið vilyrði fyrir styrk hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands en auk þess styrkir Vífilfell gerð hennar. Ragnhildur hefur notið aðstoðar hjá Hreyfimyndasmiðjunni og Poppola Pictures þar sem leikstjórinn Ólafur Jóhannesson ræður ríkjum.

Myndin fylgir konunni eftir árið áður en hún fer í kynleiðréttingu og svo árið eftir til að fylgjast með hvernig hið daglega líf gengur fyrir sig hjá fólki sem gengst undir svona mikla breytingu á sínu lífi. Myndin verður því ekki frumsýnd fyrr en næsta sumar.

Ragnhildur segir þau hjónin vera ágætis teymi. „Haukur Ingi er náttúrlega sálfræðingur og hefur því verið að kafa ofan í sálfræðikenningar um þetta málefni og andlega þáttinn. Ég er menntaður sjúkraþjálfari þannig að ég hef verið að pæla í líkamlega þættinum, hormónameðferðinni og aðgerðinni sjálfri." Ragnhildur kveðst hafa heillast strax af sögu þessarar konu. „Þegar hún sagði mér að hún hefði fæðst sem karlmaður þá hélt ég í alvörunni að hún væri að ljúga," segir Ragnhildur. Umræðan um kynleiðréttingu er enn mikið tabú í þjóðfélaginu og ímynd þeirra hefur kannski verið skrumskæld í fjölmiðlum. „Þegar við förum að lesa okkur betur til um þetta þá komumst við að því að þetta eru yfirleitt einstaklingar sem falla vel inn í samfélagið og eru bara þessi venjulegi nágranni, bara hæglátir og rólegir."

Ragnhildur segir þau einfaldlega hafa slysast til að gera myndina. „Mér fannst þessi saga svo framandi og áhugaverð að mér rann blóðið til skyldunnar að leyfa öðrum að heyra hana og sjá." freyrgigja@frettabladid.is



**GERA HEIMILDARMYND SAMAN** Haukur Ingi og Ragnhildur Steinunn hafa fengið vilyrði fyrir styrk hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands til að gera heimildarmynd um kynleiðréttingarferlið hjá 34 ára gamalli konu sem fæddist sem karlmaður.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fyrsta íslenska þrívíddarmyndin verður frumsýnd 10. september næstkomandi þegar **Sveppi**, Villi og félagar þeirra lenda í ótrúlegustu ævintýrum í þrívíddarmyndinni Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið. Bragi Þór Hinriksson, leikstjóri myndarinnar, hefur unnið baki brotnu við að klára myndina og enn hefur enginn séð hana í fullri lengd.



Markaðssetningin er að fara á fullt um þessar mundir en smá babb kom í bátinn í gær. Aðalstjarnan Sveppi flaug til Kulusuk á Grænlandi ásamt samstarfsfélaga sínum **Auðunni Blöndal** en þeir hugðust taka upp efni fyrir þáttinn sinn Auddi og Sveppi. Þeim til mikils ama var hins vegar öllu flugi frá bænum frestað og þeir því fastir á Grænlandi án þess að vera með handklæði, tannbursta og hreinar nærbuxur.



Nokkrar mannabreytingar verða í Gauragangi sem slegið hefur í gegn á fjölum Borgarleikhússins. Ferð Vesturports til London hefur augljóslega sett nokkra hluti úr skorðum því nú mun **Jörundur Ragnarsson** taka við af Rúnari Frey Gíslasyni. Þá koma þau Hjalti Rögnvaldsson og Lára Jóhanna Jónsdóttir einnig ný inn í sýninguna en Guðjón Davíð Karlsson verður sem fyrr í hlutverki Orms. - fgg



# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös | 5/10 | kl. 20:00 frums | U | Lau | 30/10 | kl. 20:00 4.sýn | Ö | Lau | 6/11 | kl. 20:00 7.sýn | |
| Lau | 16/10 | kl. 20:00 2.sýn | Ö | Sun | 31/10 | kl. 20:00 5.sýn | Ö | Fim | 11/11 | kl. 20:00 8.sýn | |
| Lau | 23/10 | kl. 20:00 3.sýn | Ö | Fös | 5/11 | kl. 20:00 6.sýn | | | | | |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau | 4/9 | kl. 13:00 | U | Lau | 11/9 | kl. 15:00 | Ö | Lau | 18/9 | kl. 13:00 | |
| Lau | 4/9 | kl. 15:00 | U | Sun | 12/9 | kl. 13:00 | Ö | Lau | 18/9 | kl. 15:00 | Ö |
| Lau | 11/9 | kl. 13:00 | Ö | Sun | 12/9 | kl. 15:00 | Ö | Sun | 19/9 | kl. 13:00 | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös | 10/9 | kl. 20:00 | Ö | Fim | 16/9 | kl. 20:00 | U | Sun | 19/9 | kl. 20:00 | |
| Lau | 11/9 | kl. 20:00 | Ö | Fös | 17/9 | kl. 20:00 | Ö | Fim | 23/9 | kl. 20:00 | |
| Sun | 12/9 | kl. 20:00 | Ö | Lau | 18/9 | kl. 20:00 | Ö | Fös | 24/9 | kl. 20:00 | Ö |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim | 9/9 | kl. 19:00 | Ö | Sun | 19/9 | kl. 19:00 | | Lau | 25/9 | kl. 19:00 | |
| Fös | 10/9 | kl. 19:00 | Ö | Mið | 22/9 | kl. 19:00 | U | Fös | 1/10 | kl. 19:00 | |
| Lau | 18/9 | kl. 19:00 | Ö | Fös | 24/9 | kl. 19:00 | Ö | Lau | 2/10 | Kl. 19:00 | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim | 21/10 | kl. 20:00 | Ö | Fös | 29/10 | kl. 20:00 | | Fim | 4/11 | kl. 20:00 | |

**Hamskiptin** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim | 2/9 | kl. 20:00 | U | Lau | 11/9 | kl. 20:00 | Ö | Fim | 16/9 | kl. 20:00 | |
| Fös | 3/9 | kl. 20:00 | Ö | Sun | 12/9 | kl. 20:00 | Ö | Fös | 17/9 | kl. 20:00 | |

**Nígeríusvindlið** (Kassinn)

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau | 4/9 | kl. 20:00 | | Sun | 5/9 | kl. 20:00 |

**Þér er boðið í skemmtilegustu afmælisveislu ársins!**
Sunnudaginn 5. sept. frá 14-16


# House-leikkona hrifin af kjól frá tískumerkinu Emami

Leikkonan Jennifer Morrison, sem þekktust er fyrir hlutverk sitt sem læknirinn Allison Cameron í sjónvarpsþáttunum House, var brúðarmær í brúðkaupi Anitu Briem. Brúðarmeyjar Anitu klæddust sérsaumuðum silkikjólum frá tískumerkinu Emami og að sögn Brynjars Ingólfssonar, framkvæmdastjóra Emami, var Morrison afskaplega hrifin af hönnun fyrirtækisins.

Morrison hefur leikið í myndum á borð við Intersection, Stir of Echoes, Urban Legends: Final Cut og Mr. & Mrs. Smith. Hún hefur einnig farið með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Touched by an Angel og Dawson's Creek en hefur leikið í sjónvarpsþáttunum House allt frá árinu 2004. Að sögn Brynjars var Morrison forvitin um hver hannaði brúðarmeyjarkjólana og lýsti yfir áhuga sínum á að eignast slíkan kjól sjálf. „Ég heyrði þetta frá einum brúðkaupsgesti sem sagði að Morrison hefði verið að spyrjast fyrir um kjólinn. Við höfum boðist til að gefa henni kjól, enda væri það góð auglýsing fyrir okkur ef hún sæist í kjól frá Emami." Ný lína er væntanleg frá Emami nú í vetur og einkennist sú lína af fallegum litum og mynstri.



**VINSÆL HÖNNUN** Brynjar Ingólfsson segir það góðar fréttir að leikkonan Jennifer Morrison hafi sýnt Emami áhuga. Morrison, sem hefur leikið í sjónvarpsþáttunum House, var brúðarmær Anitu Briem. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fleiri frægar stjörnur hafa heillast af íslenskri hönnun og má þar nefna söngkonuna Beyoncé sem keypti leggings frá E-label og hótelerfingjann Paris Hilton og söngkonuna Kylie Minougue sem hafa báðar klæðst skóm frá Gyðja Collection auk söngkonunnar Gwen Stefani sem sást klæðast flík frá Andersen & Lauth. - sm

# HEILDSÖLU LAGERSALA

**VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**

# 40-60% afsláttur

## - aðeins í 5 daga!

**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR**




Mikið úrval af vetrarfatnaði, golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barna fatnaði og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3 laga jakkar | 37.990- | **18.900-** |
| 3 laga buxur | 37.990- | **18.900-** |
| Golfjakkar | 19.990- | **9.900-** |
| Golfregnbuxur | 22.900- | **12.900-** |
| Útivistarjakkar | 24.900- | **14.900-** |
| Barnaúlpur | 17.900- | **7.900-** |
| Skíðabuxur barna | 14.900- | **7.900-** |
| Skíðaúlpur 2 laga | 29.900- | **14.900-** |
| Skíðabuxur | 21.900- | **9.900-** |
| Fleece barnapeysur | 11.900- | **4.900-** |
| Soft-shell barnapeysur | 14.900- | **5.900-** |
| Barnagallar | 11.990- | **5.900-** |
| Barnaregnjakkar | 10.990- | **4.900-** |
| Regnbuxur | 8.990- | **4.900-** |

**OPNUNARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 2. sept. | kl: 12-20 |
| Föstudagur | 3. sept. | kl: 12-20 |
| Laugardagur | 4. sept. | kl: 10-18 |
| Sunnudagur | 5. sept. | kl: 11-18 |
| Mánudagur | 6. sept. | kl: 12-20 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Horfði á strákana

Þéttsetið var á haustþingi nýsköpunar- og frumkvöðlasetursins Innovit í Háskólanum í Reykjavík í gær. Þar var nokkuð rætt um umhverfi sprotafyrirtækja hér og í Kísildalnum svokalla, Silicon Valley í Bandaríkjunum, sem hefur verið vagga nýjunga vestanhafs um áratuga skeið. Bæði ræðumenn og gestir, sem framarlega hafa verið í frumkvöðlastarfi hér, hafa dvalið þar í lengri og skemmri tíma bæði í námi og vinnu. **Helga Valfells**, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, viðurkenndi í erindi sínu að þangað hafi hún ekki komið síðan hún var átján ára. Og ekki voru það frumkvöðlarnir sem heilluðu hana. „Þar var ég að horfa á sæta verkfræðinga, ekki að fylgjast með frumkvöðlum," sagði hún.



### Á myndum með stórstjörnum

**Darri Ingólfsson**, leikarinn úr kvikmyndinni Boðbera, er smám saman að koma sér fyrir í kvikmyndaparadísinni Hollywood. Eins og gefur að skilja er varla þverfótað fyrir frægu fólki á götum úti og hefur leikarinn verið svo lánsamur að rekast á nokkrar stjörnur. Darri hitti þannig Jason Segal, eina af aðalstjörnum sjónvarpsþáttarins How I Met Your Mother, en hann ku víst heimsækja veitingastaðinn sem Darri vinnur á. Þá spjallaði Darri stuttlega við Busta Rhymes en ef marka má myndirnar af þeirra fundum á samskiptasíðunni Facebook virðist Busta gera lítið annað en að vera fastagestur á veitingastöðum.



- jab, fgg

### Mest lesið vísir.is

1. Haraldur Flosi furðar sig á myndbandi um eldhús OR
2. Líkamsræktarstöðvar skuldfæra gegn vilja neytenda
3. Lögregla skoðar myndasafn í tengslum við morðið
4. Þórunn Sveinbjarnardóttir grínast í fréttamanni RÚV
5. Hélt að Össur væri að tala um tollhliðið á Seltjarnarnesi
6. Boeing Dreamliner á Keflavíkurflugvelli





